GALLABUXUR
Niðurmjóar enn í tísku en aðrar sækja á
Sérblað um gallabuxur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR
Snillingurinn Arve Henriksen til landsins
Sérblað um Jazzhátíð Reykjavíkur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

á allra vörum
SÖFNUNARNÚMER
903 1000 1000 KR
903 3000 3000 KR
903 5000 5000 KR
595 6000 BEIN LÍNA
SÖFNUNAR- OG SKEMMTIÞÁTTUR TIL STYRKTAR KRABBAMEINSSJÚKUM BÖRNUM
BEIN ÚTSENDING FÖSTUDAGINN KL. 21.00 Á SKJÁEINUM

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
27. ágúst 2009 — 202. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Unnur söng í fyrsta sinn
Unnur Birna söng eins og engill í hljóðveri.
FÓLK 46

Silfurdrengir gefa af sér
Alexandra Líf fær áritaða Silfurtreyju frá Björgvini og Loga.
FÓLK 46

MS fjörutíu ára
Kennarar menntaskólans þróa nýtt lotubundið bekkjakerfi sem verður tekið í notkun næsta haust.
TÍMAMÓT 26

Sigrar hjá KR og Fram
Fram og KR unnu sigra í Pepsi-deild karla í gær.
ÍÞRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL SYÐRA Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt en heldur hvassari á annesjum á Vestfjörðum. Rigning eystra, annars víða skúrir. Styttir upp og léttir til syðra þegar líður á daginn. Kólnandi veður.
VEÐUR 4

Ofurlaun þrátt fyrir nauðasamning Stoða

Jón Sigurðsson er enn framkvæmdastjóri Stoða á ofurlaunum þótt félagið hafi gengið í gegnum nauðasamninga. Stjórnarformaður Stoða vill engu svara um kjör Jóns. Heimildir herma þó að verið sé að semja við hann um lægri laun.

FJÁRMÁL Jón Sigurðsson, fyrrum forstjóri Stoða sem áður hét FL Group, er enn á ofurlaunum hjá félaginu þótt það hafi komist í þrot fyrr á árinu og sé nú í meirihlutaeigu ríkisfyrirtækja.

Eiríkur Elís Þorláksson hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nýrrar stjórnar Stoða, sagðist í gær ekkert vilja segja að svo stöddu um launakjör Jóns sem nú gegnir starfi framkvæmdastjóra hjá Stoðum í höndum nýju eigendanna.

Ekki náðist í Jón sjálfan í gær. Samkvæmt öðrum heimildum Fréttablaðsins er unnið að því að semja upp á nýtt við Jón um starfskjörin og þá á allt öðrum og lágstemmdari nótum en í samningi Jóns við fyrri eigendur.

Samkvæmt tekjublaði Mannlífs námu tekjur Jóns Sigurðssonar 9,4 milljónum króna á mánuði í fyrra. Það eru um það bil tíu sinnum hærri laun en forsætisráðherra hefur um þessar mundir. Eins og kunnugt er hafa ríkisstjórnarflokkarnir þá stefnu að enginn starfsmaður stofnana og félaga í meirihlutaeigu ríkisins hafi hærri laun en forsætisráðherrans.

Nauðasamningar Stoða við kröfuhafa félagsins voru staðfestir í Héraðsdómi Reykjavíkur um miðjan júní í sumar. Félagið óskaði eftir greiðslustöðvun um leið og ríkið tók yfir Glitni í lok september í fyrra. Stoðir áttu 32 prósenta hlut í Glitni.

Nauðasamningarnir fólu í sér að hlutafé fyrri eigenda Stoða var afskrifað og eignuðust gamli Glitnir um þriðjungshlut og NBI – eða Nýi-Landsbankinn – um fjórðungshlut í Stoðum.

Þegar Stoðir fengu heimild til að leita nauðasamninga í apríl námu skuldir félagsins um 280 milljörðum króna en eignir um 80 milljörðum. Helstu eignir Stoða í dag eru Tryggingamiðstöðin og stór hluti í evrópska drykkjavörurisanum Refresco sem er með höfuðstöðvar í Hollandi.

- gar



FÁMENNT Í STÚKUNNI Það var ekki uppselt á leik Fram og Grindavíkur í Pepsi-deildinni eins og sjá má. Fólkið á myndinni gat í það minnsta valið úr þúsundum sæta. Fram vann leikinn með fjórum mörkum gegn þremur í spennuþrungnum leik. Framarar voru tveimur mörkum undir þegar korter var eftir en komust yfir áður en flautað var til leiksloka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fetar í fótspor Friðriks Þórs:

Gerir mynd um hringveginn

FÓLK Kvikmyndagerðarmaðurinn Eysteinn Guðni Guðnason ætlar að endurgera mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Hringinn, sem kom út árið 1985. Sú mynd var heldur óvenjuleg því hún var tekin upp í bíl sem ók hringinn í kringum landið án þess að nokkrir leikarar kæmu við sögu.

Eysteinn fékk hugmyndina að endurgerðinni fyrir tveimur árum og það verður núna eftir helgi sem hún verður að veruleika. „Hún heillaði mig áður en ég sá hana," segir hann um mynd Friðriks Þórs. Tvær myndavélar verða notaðar við tökurnar og verður önnur þeirra fest á nýjan rafmagnsbíl sem fyrirtækið 2012 útvegar.

- fb / sjá síðu 46

Stjórnarliði um HS orku:

Ríkið kaupi ekki hlut OR

VIRKJANIR Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, vill ekki að ríkið komi í veg fyrir kaup kanadíska orkufyrirtækisins Magma á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku. Þetta kemur fram í grein sem Magnús Orri skrifar í Fréttablaðið í dag.

MAGNÚS ORRI SCHRAM

Magnús Orri segir ríkið ekki hafa efni á að hafna 12,2 milljarða fjárfestingu. Í ljósi yfirvofandi niðurskurðar í fjárlögum ættu stjórnvöld frekar að fagna erlendum fjárfestingum hér á landi. Hann telur hins vegar þörf á að endurskoða samning Reykjanesbæjar við HS orku um jarðvarmanýtingu. Sá samningur gangi „alveg út á ystu nöf – ef hann er ekki beinlínis ólöglegur".

- bs/ sjá síðu 24

Innstæður í bönkum eru nú um tvö þúsund milljarðar og hafa aukist frá hruni:

Sér ekki hvernig kerfið gangi upp

BANKAMÁL Innstæður í bönkum hafa aukist mikið frá því fyrir hrun og eru nú um tvö þúsund milljarðar króna. „Það má lýsa þessu þannig að bankarnir eru stútfullir af peningum," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Gylfi segir að óhætt sé að hvetja fólk til fjárfestinga, sérstaklega ef það snýst um innlenda vöru. Í Hagsjá Landsbankans kemur fram að fólk og fyrirtæki kjósi fremur að spara en eyða og því aukist innstæður hratt.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir það áhyggjuefni að fjármagn sem til er fari ekki í fjárfestingar. „Peningamálastefnan á að skila því að háir vextir haldi peningum í landinu en af því að þeir eru svo háir eru þeir bara á bankabókunum. Ég fæ ekki séð hvernig bankakerfið getur gengið upp við þessar aðstæður."

- vsp / sjá síðu 6

SPURNING DAGSINS

Helgi, eru útkastararnir flinkir í innköstum?

„Ekki eins flinkir og í uppköstum."

Helgi Guðjónsson skipuleggur nú fótboltamót ásamt öðrum starfsmönnum Kaffibarsins, þar sem eldri kynslóð Kaffibarsmanna mætir þeirri yngri.



ARCTIC SEA Hugsanlegt að fleira en timbur frá Finnlandi hafi verið í skipinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Farmur týnda skipsins:

Rússar biðja um aðstoð

RÚSSLAND, AP Rússnesk stjórnvöld hafa beðið um aðstoð frá öðrum ríkjum við að upplýsa hvað gerðist þegar flutningaskipið Arctic Sea hvarf sjónum í nokkrar vikur.

Utanríkisráðuneyti Rússlands segir að við fyrstu leit í skipinu hafi ekki fundist neitt grunsamlegt, en áður hafði Alexander Bastrykin, yfirmaður rannsóknarnefndar ríkisins, sagt að hugsanlega hafi í farmi skipsins verið eitthvað annað en timbur frá Finnlandi.

Skipið fannst skammt frá Grænhöfðaeyjum fyrr í mánuðinum, en átta manns hafa verið ákærðir fyrir að hafa rænt því. - gb

Sjálfstæðismenn um Icesave:

Skuldbindingar án lagastoðar

STJÓRNMÁL Sjálfstæðismenn telja að í Icesave-frumvarpinu séu ákvæði sem feli í sér skuldbindingar sem hafi ekki lagastuðning. Á þetta til dæmis við um afsal bótaréttar. Íslenski sjóðurinn sé réttlaus vegna alls skaða sem breska ríkið kynni að valda. Þetta kemur fram í minnihlutaáliti sjálfstæðismanna í fjárlaganefnd.

Telja þeir að verði frumvarpið samþykkt kunni ágallar á evrópskum lögum að leiða til skaðabótaréttar á hendur ESB. Jafnframt hafi ríkisstjórnin virt að vettugi fyrirmæli Alþingis sem voru í þingsályktunartillögu. - vsp

Menntaráð Reykjavíkur samþykkti umsókn Menntaskólans í gær:

Gæti tekið fjóra mánuði í viðbót

MENNTAMÁL Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að umsókn Menntaskólans hljóti enga sérmeðferð við leyfisveitingu. Skoða þarf umsóknina í heild. Gæti meðferð ráðuneytisins tekið um fjóra mánuði.

Menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkti umsókn Menntaskólans fyrir sitt leyti í gær. Menntamálaráðuneytið veitir hins vegar endanlegt starfsleyfi. Í nýrri reglugerð, sem ekki er búið að samþykkja af ráðherra, er tími leyfisveitinga áætlaður fjórir mánuðir.

„Um leið og við fáum leyfið förum við af stað," segir Edda Huld Sigurðardóttir, skólastjóri Menntaskólans. Skólinn hefur sótt um að starfa í gamla Heilsuverndarhúsinu við Barónsstíg.

Hún segir að ekki þýði að æsa sig yfir málshraða menntamálaráðuneytisins þar sem það myndi ekki hjálpa. „Nú bíðum við bara auðmjúk eftir að ráðuneytið fjalli vel um umsóknina," segir Edda.

Búið er að skrá yfir 40 börn í skólann og segir Edda að foreldrarnir muni líklega skrá þau úr skólanum ef þetta tekur langan tíma. Spurð hvort þetta hafi neikvæð áhrif á trúverðugleika skólans telur hún svo ekki vera. „Ef hlutirnir eru vel úr garði gerðir þá er þetta í lagi," segir Edda. - vsp

EDDA HULD Edda segir að ekki þýði að æsa sig yfir málshraðanum þar sem það myndi ekki hjálpa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lýður Guðmundsson:

Vissi ekki um lán til Al-Thani

VIÐSKIPTI Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu og fyrrum stjórnarmaður í Kaupþingi, segir að hann hafi ekki vitað um lán Kaupþings til Sjeiks Mohameds bin Khalifa Al-Thani.

Lánið hafi ekki komið á borð stjórnarinnar. Þetta kom fram í viðtali við Kastljós í gærkvöldi.

Al Thani keypti 5,01 prósents hlut í Kaupþingi í gegnum fyrirtækið Q Finance ehf. rétt fyrir hrun á genginu 690 krónur á hlut. Málið hefur verið til rannsóknar hjá Fjármálaeftirlitinu að undanförnu vegna gruns um sýndarviðskipti. - vsp

Segir Exista borga inn á Icesave-reikninginn

Formaður stjórnar Exista gagnrýnir „tregðu" skilanefnda gömlu bankanna á meðan erlendir bankir fallist á endurreisnaráætlun. Í húfi séu meðal annars greiðslur Exista til Landsbankans og þar með í Icesave-reikning þjóðarinnar.

FJÁRMÁL Lýður Guðmundsson, formaður stjórnar Exista, segir skilanefndir gömlu bankanna krefjast þess að lykilstjórnendur félagsins taki ekki þátt í enduruppbyggingu þess og séu þar á öndverðum meiði við erlenda kröfuhafa.

Á aðalfundi Exista í gær voru ársreikningar félagsins ekki lagðir fram. Var það sagt vera vegna óvissu um uppgjör gjaldeyrisskiptasamninga við gömlu bankana.

Lýður sagði gríðarlega hagsmuni í húfi að vel tækist til með endurreisn Exista, bæði vegna orðspors þjóðarinnar erlendis og hér á landi þar sem endurgreiðslur félagsins til innlendra kröfuhafa gætu numið tugum milljörðum króna. „Þar á meðal eru fjármunir sem munu renna til gamla Landsbankans og um leið upp í Icesave-reikning þjóðarinnar," sagði stjórnarformaðurinn.

Stjórnarformaðurinn sagði alla erlenda kröfuhafa, samtals 37 alþjóðlega banka, hafa samþykkt áætlun um endurgreiðslu skulda Exista á næstu árum. Það hafi margir íslenskir kröfuhafar sömuleiðis gert, Málið hafi þó dregist, aðallega vegna „tregðu" skilanefnda Glitnis og Kaupþings.

„Fyrirstaðan hefur einkum verið fólgin í kröfum um að lykilstjórnendur félagsins vikju til hliðar af ástæðum sem ekki hafa fengist skýrðar. Erlendir kröfuhafar hafa hins vegar sett það fram sem skilyrði fyrir framgangi samninga af sinni hálfu að tryggt verði að stjórnendateymi leiði umbreytingu félagsins," fullyrti Lýður sem kvað það vanhugsað að hindra lykilstjórnendur í uppbyggingu félagsins.

FORSTJÓRAR OG STJÓRNARFORMAÐUR EXISTA Erlendur Hjaltason, Lýður Guðmundsson og Sigurður Valtýsson eru æðstu stjórnendur Exista sem tapaði gríðarlegum fjármunum á falli Kaupþings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þessi frétt er með ólíkindum eins og sjá má af því hvernig hún er framsett," segir Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, um frétt Ríkissjónvarpsins þess efnis að stjórnendur Existu hafi í tilboði til kröfuhafa félagins viljað „skammta sér" einn milljarð króna á ári fyrir að reka félagið.

Í frétt RÚV á mánudag sagði enn fremur að skilanefndir bankanna hefðu talið tilboð Exista-manna næstum „ófyrirleitið" og „fyrir utan velsæmismörk" og hafnað því. Exista væri í reynd gjaldþrota og ekki annað en „skel" utan um gríðarlegar skuldir.

Erlendur neitar því að sett hafi verið fram slíkt tilboð til kröfuhafa. „Kostnaði verður haldið í lágmarki og má gera ráð fyrir að hann verði aðeins brot af þessari tölu," svarar Erlendur aðspurður um áðurnefndan milljarð.

Þá hafnar forstjórinn því að Exista sé komið í þrot. „Það er fjárflæði í félaginu og það getur staðið undir skuldbindingum til framtíðar." gar@frettabladid.is

Kínversk stjórnvöld:

Líffæri úr líflátnum föngum

KÍNA, AP Meirihluti allra líffæra, sem notuð eru til ígræðslu í Kína, er fenginn úr líflátnum föngum. Ríkisfjölmiðlar í Kína skýrðu frá þessu í gær, en sjaldgæft er að stjórnvöld þar veiti upplýsingar um þennan þátt heilbrigðiskerfisins, sem sætt hefur gagnrýni árum saman.

Þetta kom fram í tengslum við herferð, sem heilbrigðisráðuneyti Kína og Rauði krossinn í Kína hófu nú í vikunni þar sem fólk er hvatt til að gerast líffæragjafar. Tilgangur herferðarinnar er meðal annars sagður sá, að líffæraígræðslur í Kína verði ekki jafn háðar líffærum dauðadæmdra fanga og verið hefur.

Haft er eftir Huang Jiefu heilbrigðisráðherra að ekki sé sæmandi að dauðadæmdir fangar séu notaðir með þessum hætti. - gb

Ályktun miðstjórnar ASÍ:

Aðgerðir stjórnvalda duga ekki

HEIMILIN Fyrir liggur að þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda og fjármálastofnana duga engan veginn til að mæta þeim vanda sem við blasir. Þetta kemur fram í nýrri ályktun miðstjórnar ASÍ um greiðsluvanda heimilanna.

„Ríkisstjórnin verður að bregðast strax við og koma með raunhæfar og virkar aðgerðir til að létta skulda- og greiðslubyrði heimilanna," segir í ályktuninni.

Að óbreyttu mun ástandið aðeins versna næstu mánuði, ekki síst í ljósi þess að á sama tíma og skuldir vaxa ört fer kaupmáttur minnkandi, að mati miðstjórnar ASÍ. Leggur ASÍ áherslu á að allar leiðir til lausnar fjárhagsvanda heimilanna verði skoðaðar. - vsp

Stjórnmálafræðingur segir að framkoma Sigmundar Ernis hafi skaðað hann:

Ekki gott að Sigmundur neitaði

STJÓRNMÁL Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segist fastlega gera ráð fyrir að framkoma Sigmundar Ernis Rúnarssonar alþingismanns í ræðustól Alþingis hafi skaðað hann. Hefur Sigmundur Ernir viðurkennt að hafa smakkað vín áður en hann hélt ræðu um Icesave-málið síðastliðinn fimmtudag. Var hann að koma úr golfmóti MP-banka.

„Það er engin leið að segja þó hver langtímaáhrifin eru. Ræðst það meira af því hvernig honum gengur," segir Gunnar. Telur hann þetta lítil áhrif geta haft á Samfylkinguna, nema þetta verði fjölmiðlamál í langan tíma.

Gunnar Helgi man ekki eftir öðrum dæmum þar sem menn hafi verið drukknir í þingstól. Gæti það þó hafa gerst hér áður fyrr þegar engar upptökur voru

> Ekki er gott að hann hafi neitað þessu fyrst og hann er í verri málum vegna þess.
>
> **GUNNAR HELGI KRISTINSSON**
> STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

og þingmönnum leyfðist að leiðrétta ræður sínar eftir á hjá þingriturum.

„Ekki er gott að hann hafi neitað þessu fyrst og hann er í verri málum vegna þess," segir Gunnar en Sigmundur neitaði fyrst staðfastlega að hafa smakkað áfengi áður en hann fór í ræðustól.

En á Sigmundur að segja af sér? „Ef hann hefur misst traust kjósenda sinna og Samfylkingarinnar hlýtur sú spurning að vakna," segir Gunnar Helgi. - vsp

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON Hann viðurkenndi í gær að hafa smakkað vín áður en hann steig í pontu á þinginu.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Kringlan

Opið til 21

skóla-dagar

Allt sem þig vantar fyrir kennslustundir vetrarins

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 26.08.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	129,03	129,65
Sterlingspund	210,17	211,19
Evra	184,45	185,49
Dönsk króna	24,781	24,925
Norsk króna	21,350	21,476
Sænsk króna	18,204	18,310
Japanskt jen	1,3706	1,3786
SDR	201,3	202,5

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
239,3965
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Auðveldara gæti verið að vinna skaðabótamál gegn útrásarvíkingum en að sanna lögbrot segir lagaprófessor:

Ekki hlaupið að því að sanna tjónið

EFNAHAGSMÁL Ekki kemur á óvart að stjórnvöld vilji skoða möguleikann á því að höfða skaðabótamál gegn gerendum í bankahruninu, en mörg ljón eru í veginum fyrir því að útrásarvíkingar verði dæmdir til að greiða himinháar bætur segir lagaprófessor.

Ríkisstjórnin ákvað á þriðjudag að ráða lögfræðinga til að undirbúa skaðabótamál gegn einstaklingum, félögum og fyrirtækjum sem með vanrækslu eða gáleysi hafi valdið íslensku samfélagi tjóni með sínum þætti í bankahruninu.

Vissulega eru minni kröfur gerðar í einkamálum á borð við skaðabótamál og því auðveldara að sýna fram á skaðabótaskyldu en að sýna fram á sekt í refsimáli, segir Guðmundur Sigurðsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og sérfræðingur í skaðabótarétti.

Þannig séu dæmi um að menn sem sýknaðir hafi verið í sakamáli séu síðar dæmdir til greiðslu skaðabóta í einkamáli.

Eitt af þeim vandamálum sem stjórnvöld munu standa frammi fyrir er að sanna nákvæmlega hvert tjónið í hverju og einu tilviki var, segir Guðmundur. Langur tími geti liðið þar til það komi endanlega í ljós.

Annar vandi er að yfirleitt er það vinnuveitandi sem ber ábyrgð á gerðum starfsmanns, og því erfiðara að sækja mál gegn starfsmönnunum en fyrirtækjunum.

Vinnist skaðabótamál er sá sem tapaði yfirleitt dæmdur til að greiða allt það tjón sem sannað þykir að orðið hafi. Um háar upphæðir getur því verið að ræða.

Guðmundur segir þó líklegt að þeir sem sakaðir verði um að hafa valdið ríkinu tjóni í bankahruninu geti bent á ábyrgð ríkisins við lagasetningu og eftirlit. Í skaðabótamálum sé það oft niðurstaðan að sá sem stefni beri hluta tjónsins vegna eigin vanrækslu.

Séu menn dæmdir til að greiða skaðabætur telst það ekki refsing og því kemur dómur í skaðabótamáli ekki í veg fyrir dóm í refsimáli síðar, segir Guðmundur. Afar hæpið sé hins vegar að maður verði dæmdur í sakamáli tapist skaðabótamál fyrst, þar sem sönnunarbyrðin sé þyngri í sakamálunum. **- bj**



ÁBYRGÐ Erfitt getur reynst að sækja mál gegn starfsmönnum fyrirtækja, þar sem fyrirtækin eru oft talin bera ábyrgð á gjörðum starfsmannanna. SAMSETT MYND

Ísland og Evrópusambandið:

Uppgrip hjá þýðendum

EVRÓPUMÁL Helsta þýðingarmiðstöð Evrópusambandsins þyrfti að ráða tugi íslenskra þýðenda í vinnu ef Ísland gengi í ESB.

RÚNAR HELGI VIGNISSON

Rúnar Helgi Vignissson, formaður Bandalags þýðenda og túlka, segir að stuttu eftir að Ísland sótti um aðild að ESB hafi fulltrúar frá helstu þýðingarmiðstöð sambandsins, Directorate-General for Translation, mætt á fund með fulltrúum BÞT. Þar hafi komið fram að gangi Ísland í ESB þurfi að þýða þúsundir síðna á hverju ári. Það væri því mikil eftirspurn eftir þýðendum, bæði fastráðnum sem og lausráðnum verktökum. **- bs**

Lesbíur fyrir rétti:

Kysstust í mótmælaskyni

MOSKVA, AP Rússneskt lesbíupar kysstist fyrir utan dómsal í Moskvu í mótmælaskyni eftir að fyrirtöku máls sem þær höfðuðu á hendur ríkinu var frestað.

Konurnar höfðuðu mál á hendur ríkinu þar sem þeim er meinað að ganga í hjónaband. Dómarinn ákvað hins vegar að fresta fyrirtöku málsins vegna fjarveru þeirra. Þær mættu í dómsal 10 mínútum síðar.

Lögmaður kvennanna mótmælti vinnubrögðum dómarans harkalega og kallaði þau hneyksli. Fjöldi fjölmiðla var á staðnum og féllust konurnar í faðma fyrir framan myndavélarnar og kysstust fyrir utan dómsalinn í mótmælaskyni. **-bs**

Afskriftir húsnæðislána fari ekki fram í bönkum

Formaður félagsmálanefndar segir fáránlegt að láta banka um að aðstoða skuldara, enda gæti bankarnir fyrst og fremst eigin hagsmuna. Talsmaður neytenda tekur í sama streng. Íslandsbanki segir sín úrræði ekki skerða rétt viðskiptavina. Kaupþing kallar eftir stefnu stjórnvalda og Landsbanki skoðar málin.

EFNAHAGSHRUNIÐ Það er „fáránlegt“ að láta bankana leita leiða til að aðstoða fólk við að standa í skilum af húnsæðislánum.

Bankarnir hafa þá einu hagsmuni, í slíkri aðgerð, að tryggja hagsmuni bankans.

Svo segir formaður félagsmálanefndar Alþingis, Lilja Mósesdóttir.

„Almenn aðgerð yrði hins vegar mótuð af hagsmunum beggja: skuldara og kröfuhafa. Þannig mætti lágmarka tap skuldaranna, eins og hægt er, en um leið að tryggja að fólk getið haldið áfram að greiða af lánum og haldið eignum sínum,“ segir hún. Það bjóði einnig upp á mismunun, ef þeir sem taka ákvörðun um niðurskriftir sé sama fólkið og veitti lánin á sínum tíma.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, tekur í sama streng; bankarnir eigi ekki að afskrifa húsnæðislán sjálfir. Aðkomu stjórnvalda eða fulltrúa neytenda þurfi til. Hann óttast að annars verði niðurstaðan ekki nógu réttlát og hagkvæm fyrir neytendur.

„Það hefur verið allt of mikið af því á Íslandi að hagur neytenda sé ákvarðaður af fyrirtækjum,“ segir hann. Sérstakur gerðardómur beggja aðila eigi helst að komast að niðurstöðu um þetta.

Talsmaðurinn segir afskriftir skulda ekki eiga að kosta ríkið útgjöld, nema að því leyti sem það er kröfuhafi bankanna. En þeir fá minna út úr bönkunum en ella með niðurfellingu.

Spurður hvort sama eigi við um gengis- og verðtryggð lán, segist hann leggja til sömu málsmeðferð fyrir báðar tegundir lánanna. Þó séu „fleiri og sterkari röksemdir fyrir niðurfærslu gengislána“. Þau hafi hugsanlega hafa verið ólögleg, fyrir utan að forsendubrestur hafi orðið við lækkun á gengi krónu.

Már Másson, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, segir að þar sé nú unnið að „leiðréttingu höfuðstóls allra húsnæðislána“.

Viðskiptavinum bankans verði boðið að færa gengis- og verðtryggð lán yfir í óverðtryggð lán í íslenskum krónum.

Nánari útfærsla liggur ekki fyrir, en Már segir aðspurður að nýti fólk sér þetta muni það ekki skerða rétt þess til að nýta önnur hugsanleg úrræði frá stjórnvöldum.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi Nýja-Kaupþings segir „ljóst að það þarf að afskrifa einhvern hluta skulda“. Almenn stefna um afskriftir sé þó ekki til staðar í bankanum. Ef þetta eigi að gera þurfi línan að koma frá stjórnvöldum og vera samræmd milli fjármálastofnana.

Þær einu upplýsingar fengust hjá fjölmiðlafulltrúa Landsbankans í gær að málin væru „í skoðun“ þar á bæ.

Ekki náðist í Gylfa Magnússon, viðskipta- og bankamálaráðherra. **klemens@frettabladid.is**

GREIÐSLUAÐLÖGUN VERÐI BREYTT

Neytendasamtökin beina þeim „eindregnu tilmælum“ til dómsmálaráðherra að lögum um greiðsluaðlögun verði breytt, ef með þarf, til að koma í veg fyrir að þeir sem nýti sér þjónustuna lendi á vanskilaskrá.

Þannig sé fólki gert enn erfiðara að stíga erfið skref. Þetta sé óviðunandi.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA
-5 kr.
VIÐ FYRSTU NOTKUN Á ÓB-LYKLINUM OG SÍÐAN ALLTAF -2KR.
ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.
www.ob.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

LÉTTIR TIL SYÐRA
Nú þegar vindur er orðinn norðanstæður má segja að best horfi með suðurhluta landsins. Reyndar í dag má reikna með einhverri vætu víða um land framan af degi en þegar líður á daginn þornar upp syðra og léttir víða til. Norðanáttinni fylgir svalara veður norðanlands, og telst ágætt ef hitinn þar nær 10 stigum.



HEIMURINN

Alicante	31°
Amsterdam	25°
Basel	30°
Berlín	28°
Billund	20°
Eindhoven	25°
Frankfurt	29°
Friedrichshafen	28°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	24°
Las Palmas	27°
London	24°
New York	26°
Orlando	33°
Osló	16°
París	26°
Róm	34°
Stokkhólmur	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ALLT FYRIR ÞAKIÐ!
TAX FREE!

27. ágúst - 6. september

ÞAKSTÁL- ÞAKPAPPI - ÞAKRENNUR - ÞAKULL - ÞAKSPERRUR - ÞAKGLUGGAR - ÞAKMÁLNING - ÞAKSAUMUR OG MARGT FLEIRA

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

KJÖRKASSINN



Á að breyta erlendum lánum í lán í íslenskum krónum?

Já 72,6%

Nei 27,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Munt þú sækja einhvers konar nám eða námskeið í haust?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Stjórnmálafræðingur segir Jón Bjarnason hafa brotið blað með ummælum:

Fáheyrð afstaða ráðherra

STJÓRNMÁL „Það er algjörlega fáheyrt að ráðherra hvetji til þess að menn sniðgangi lög," segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og iðnaðarráðherra, hefur lýst þeirri skoðun sinni að styðja eigi við bak Sementsverksmiðjunnar á Akranesi í baráttu gegn innflutningi. Störf og sparnaður gjaldeyris réttlæti það. Hann segir jafnframt að samkeppnislög eigi ekki að standa í veginum fyrir því.

„Jón upplifir þetta sem pólitíska spurningu – vernd innlendrar

JÓN BJARNASON

GUNNAR HELGI KRISTINSSON

atvinnustarfsemi, en þá er hann í raun að lýsa sig andsnúinn því lagaumhverfi sem við búum við eftir að við urðum hluti af Evrópska efnahagsvæðinu. Hann gat auðvitað tekið það upp pólitískt, en hann getur ekki hvatt til þess að við brjótum gegn þeim lögum sem við búum við. Það er mikill munur á því að vera á móti lögum og að brjóta þau."

Gunnar Helgi segir að eflaust sé hægt að finna dæmi um eitthvað svipað frá fyrri tíð, enda hafi viðskiptalífið hér á landi verið mun tengdara stjórnmálunum en nú. „En eftir að Ísland varð hluti af EES, og hér komst á þolanlegt samkeppnisumhverfi, höfum við ekki haft neina opinbera umræðu af þessu tagi svo ég viti til."

- shá

Skilanefnd SPRON:

Gert að upplýsa um seljandann

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur fallist á kröfu manns um að formaður skilanefndar SPRON upplýsi hann um það fyrir dómi hver seldi honum stofnfjárbréf í SPRON árið 2005 fyrir 55,5 milljónir króna.

Skömmu eftir að maðurinn keypti bréfin var sjóðnum breytt í hlutafélag, bréfin hríðlækkuðu og maðurinn tapaði stórfé. Eftir að skilanefnd var sett yfir bankann fór hann fram á það við nefndina að fá að vita hver seldi honum bréfin. Grunaði hann að seljandinn hefði verið stjórnarmaður í sjóðnum og hefði nýtt sér innherjaupplýsingar. Hæstiréttur hefur nú fallist á það.

- sh

Vertu hjá Byr og sparaðu helling:

- Frítt Byr námsmannadebetkort með 150 frífærslum á ári og afsláttum á völdum stöðum.
- Frítt Byr námsmannakreditkort með 5.000 kr. ferðaávísun og fríu World for 2 korti fyrsta árið.
- Ódýrt í bíó hjá Sambíóunum. 2 fyrir 1 á mánudögum og 20% afsláttur alla hina dagana.
- Ódýrt í ræktina hjá World Class og Vaxtarræktinni. Þú borgar fyrir sex mánuði en æfir í níu mánuði.
- Ódýrara í skólann með 10% afslætti af öllu hjá Eymundsson.
- Ódýrara hjá Subway með girnilegum 10% afslætti af öllu.
- Ódýrari tryggingar hjá Verði: 50% afsláttur af 24 mánaða tölvutryggingu, 15% afsláttur af ábyrgðar- og kaskótryggingu ökutækis og margt fleira.

Fjárhagsleg heilsa er betra líf!

BYR NÁMSMENN

Námsmannatilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum sem í boði eru hverju sinni

DYNAMO REYKJAVÍK

Bankarnir eru stútfullir af peningum

Innstæður í bönkum hafa aukist frá því fyrir hrun. Viðskiptaráðherra hvetur fólk til aukinna fjárfestinga. Forseti ASÍ sér ekki hvernig bankakerfið geti gengið upp í þessum aðstæðum. Þingmaður segir hækkun innlána góða þróun.

BANKAMÁL Innstæður í bönkum landsmanna nema nú um 2.000 milljörðum króna. Í maí voru þær um 1.700 milljarðar en voru um 1.400 milljarðar fyrir hrun.

„Það má lýsa þessu þannig að bankarnir eru stútfullir af peningum," segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Ein skýringin er að fólk haldi að sér höndum og sparar meira, að sögn Gylfa. Einnig geyma erlendir aðilar, fyrrum eigendur jöklabréfa, fé hér á landi vegna gjaldeyrishafta.

„Óhætt er að hvetja fólk til fjárfestinga og eyðslu. Sérstaklega ef það snýst um innlenda vöru, til dæmis að gera upp húsin sín," segir Gylfi.

Pétur Blöndal alþingismaður segir að fjárfestingarkostum sé haldið inni í bönkunum með háum vöxtum á innlánum. Vextir á innlánum Seðlabankans eru 9,5 prósent og um leið og Seðlabankinn lækkar þá eykst hvatinn til þess að eyða og fjárfesta, segir Pétur.

Til þess að fólk geti byrjað að fjárfesta verða menn að fá tiltrú á fyrirtækjum landsins, að mati Péturs en hann hefur lagt fram frumvarp á þingi um gegnsæ hlutafélög. Hækkun innlána er þó afskaplega góð þróun, að mati Péturs. „Þessi þjóð hefur lengi eytt um efni fram að mínu mati."

Þegar kreppir að, sérstaklega í kjölfar bankakreppu líkt og riðið hefur yfir Ísland, frestar fólk neyslu og fjárfestingar dragast hratt saman. Þetta kemur fram í nýlegri Hagsjá Landsbankans. Segir enn fremur að fólk og fyrirtæki kjósi fremur að spara

SEÐLABANKINN Innlánsvextir Seðlabankans eru 9,5 prósent og um leið og bankinn lækkar þá eykst hvatinn til eyðslu og fjárfestinga, að mati Péturs Blöndal.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

GYLFI MAGNÚSSON

GYLFI ARNBJÖRNSSON

PÉTUR BLÖNDAL

en eyða og því aukist innstæður hratt.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að ákveðið öryggi sé í innstæðum eftir að gefin hafi verið út ríkisábyrgð á þeim eftir bankahrunið. Telur hann að heimilin eigi ekki mikið af þessum innstæðum, frekar sé um að ræða lífeyrissjóði og erlenda fjárfesta sem nýti sér háa vexti.

„Það er áhyggjuefni að það fjármagn sem til er fari ekki í fjárfestingar," segir Gylfi. Vextirnir lokki fjárfesta inn í bankana en á sama tíma er ekki hægt að lána út, því enginn vill taka lán.

„Peningamálastefnan á að skila því að háir vextir haldi peningum í landinu en af því þeir eru svo háir eru þeir bara á bankabókunum. Ég fæ ekki séð hvernig bankakerfið getur gengið upp í þessum aðstæðum," segir Gylfi.

vidir@frettabladid.is

Bjarki Freyr Sigurgeirsson hefur gengist við morðinu í Dalshrauni:

Morðinginn hefur játað sök

LÖGREGLUMÁL Bjarki Freyr Sigurgeirsson hefur játað við yfirheyrslur hjá lögreglu að hafa banað Braga Friðþjófssyni í herbergi sínu í Dalshrauni í Hafnarfirði fyrir hálfri annarri viku. Ástæða og aðdragandi morðsins liggur hins vegar ekki ljós fyrir.

Bragi var gestkomandi hjá Bjarka og svo virðist sem þeim hafi sinnast með þeim afleiðingum að Bjarki barði Braga til bana með samlokugrilli. Bjarki var í mjög annarlegu ástandi þegar hann var handtekinn skömmu síðar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur játning legið fyrir svo til frá því Bjarki var handtekinn. Ekki hefur hins vegar fengist uppgefið fram til þessa hvort Bjarki gekkst við verknaðinum. Samkvæmt heimildum blaðsins segist Bjarki muna ágætlega eftir atburðunum sem leiddu til árásarinnar, en framburður hans kemur hins vegar ekki fyllilega heim og saman við önnur gögn málsins.

Bjarka hefur verið gert að gangast undir geðrannsókn til að kanna sakhæfi hans. Nokkrar vikur geta liðið þar til niðurstaða fæst í slíka rannsókn.

Í DALSHRAUNI Bjarka sinnaðist við Braga í þessu húsi með hörmulegum afleiðingum.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Eftir handtöku var Bjarki úrskurðaður í gæsluvarðhald til 1. september á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Líklegt er að farið verði fram á frekara varðhald á grundvelli almannahagsmuna þegar hið fyrra rennur út.

- sh

Afnemum VSK
af öllum ritföngum og skólatöskum

Afnemum VSK
af öllum ritföngum og skólatöskum

Gildir til 30. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða lífeyrissjóður hefur mögulega tapað kröfu sinni í Straum-Burðarási vegna mistaka lögfræðinga?*
2. *Hvaða nafn ber ný verslun á Laugavegi 20b?*
3. *Hvað heitir nýr umboðsmaður Baltasars Kormáks?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46.

Framkvæmdastjóri gagnrýnir sjávarútvegsráðherra og Samtök iðnaðarins:

Ummæli óskiljanleg og sorgleg

IÐNAÐARMÁL Málflutningur forsvarsmanna Samtaka iðnaðarins og Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um fyrirtæki í framleiðslu og innflutningi á sementi er dapurlegur, segir Bjarni Ó. Halldórsson, framkvæmdastjóri Aalborg Portland á Íslandi.

Vegna fjölmiðlaumræðu síðustu daga um málefni fyrirtækjanna sendi Bjarni fjölmiðlum tilkynningu í gær þar sem segir meðal annars: „Forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins halda því fram að að íslensk einokun sé betri en dönsk og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tekur undir þau sjónarmið. Slíkur málflutningur er dapurlegur vitnisburður um ásetning þessara aðila um endurreisn íslensks atvinnulífs. Öll samtök atvinnulífsins á Íslandi – líka Samtök iðnaðarins – hafa lagt áherslu á frjálsa samkeppni þrátt fyrir ofurvald ríkisins um þessar mundir. Þess vegna eru ummæli framkvæmdastjóra SI [Jóns Steindórs Valdimarssonar] óskiljanleg og afar sorgleg. Aalborg Portland fer hvorki fram á ívilnanir né styrki heldur aðeins að hafðar séu í heiðri heiðarlegar leikreglur á markaði. Það mun gagnast íslenskri þjóð best.“

- shá

BJARNI Ó. HALLDÓRSSON Vill að leikreglur á markaði séu hafðar í heiðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umhverfis- og samgönguráð:

Samnýttir bílar munu fá forgang

SAMGÖNGUMÁL Umferð um Hlíðarfót við Öskjuhlíð verður ekki leyfð bílum sem aðeins einn ferðast í á háannatímum í vetur. Þetta kemur fram í bókun Umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar.

Ráðið ákvað að gera tilraun til þessarar umferðarstýringar og hefur falið samgöngustjóra að útfæra hana. Strætisvagnar, leigubílar og samnýttir einkabílar munu þannig geta farið um Hlíðarfót, sem er ný gata sem verður tekin í notkun næsta vor. Þeir sem eru einir í bíl munu þurfa að fara um Flugvallarveg.

- þeb

STYRKUR VEITTUR Skúli Gunnar Sigfússon afhenti styrkinn í húsnæði Fjölskylduhjálpar Íslands á þriðjudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Subway og Penninn:

Fjölskylduhjálp fékk gjafabréf

SAMFÉLAGSMÁL Fjölskylduhjálp Íslands fékk styrki frá fyrirtækjunum Subway og Pennanum á þriðjudag. Einstaklingar hafa einnig haft samband við Fjölskylduhjálp og óskað eftir að styrkja börn og unglinga í fátækum fjölskyldum til náms.

Það var Skúli Gunnar Sigfússon, eigandi Subway á Íslandi, sem færði Fjölskylduhjálp 1,3 milljónir króna í gjafabréfum. Hvert gjafabréf hljóðar upp á 15 þúsund króna úttekt í Pennanum. Að auki voru 400 gjafabréf á Subway gefin.

- þeb

VESTFIRÐIR

Sundlaugin opnuð aftur

Sundlaugin á Þingeyri hefur verið opnuð á ný, eftir að hafa verið lokuð í nokkra daga vegna orkuskorts. Þingeyringar eru orðnir vanir árlegum lokunum þar sem rafmagn á svokallaðri vesturlínu er tekið út einu sinni á ári vegna viðhalds.

Sameining Magma og GGE til skoðunar frá upphafi

Magma Energy vill á endanum ná hreinum meirihluta í HS Orku, segir forstjóri félagsins. Þvertekur fyrir að Magma sé að leita að skjótfengnum gróða eftir hrunið hér á landi. Staða Geysis Green Energy veik.

ORKUMÁL Möguleikinn á sameiningu Geysis Green Energy og kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy hefur verið til skoðunar frá því fyrirtækin ræddu fyrst samstarf innan HS Orku. Forsvarsmenn fyrirtækjanna segja sameiningu þó ekki í kortunum alveg á næstunni.

Geysir Green hefur eignast meirihluta í HS Orku, og Magma Energy á um ellefu prósenta hlut. Magma stefnir að auki að því að eignast 34 prósenta hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku, og hefur lagt fram tilboð í hlutinn.

Ross J. Beaty, forstjóri Magma Energy, útilokar ekki að Magma hefði hug á að eiga minnihluta í HS Orku, fari svo að opinberir aðilar eignist meirihluta í félaginu. Það sé þó síður en svo ákjósanleg niðurstaða. Hann segir augljóst að eignist Magma ekki ráðandi hlut í HS Orku muni skorta upp á áhuga og kraft fyrirtækisins, sem sé slæmt fyrir Magma og HS Orku.

„Við verðum að vinna með Geysi Green og skoða þá möguleika sem eru í stöðunni, Geysir Green er í fremur veikri stöðu svo við vonumst til þess að við getum sameinað krafta okkar í framtíðinni,“ segir Beaty.

Spurður hvort til standi að sameina Geysi Green og Magma segir hann: „Samruni hefur verið ræddur, þó það séu vissulega ljón í veginum. Staðan er flókin og það tekur tíma að vinna sig í gegnum hana.“

Andstaða við kaup Magma á stórum hlut í HS Orku hefur aukist undanfarið. Opinn fundur sem haldinn var í Grindavík í fyrrakvöld skoraði á ríkisstjórnina að koma í veg fyrir kaupin.

Beaty segir að almenningur á Íslandi verði að skilja hvers konar fyrirtæki Magma sé og hver áformin séu. „Við erum ekki ógnvekjandi fyrirtæki, við viljum vinna með HS Orku við að byggja upp sterkara fyrirtæki, til góðs fyrir Íslendinga, okkur sjálfa, og raunar heiminn allan.“

Beaty þvertekur fyrir að Magma sé að skipa sér í hóp með fyrirtækjum sem sjái tækifæri fyrir skjótfenginn gróða með því að kaupa rústir íslenskra fyrirtækja eftir hrunið. „Við erum ekki hrægammar, við viljum vera til fyrirmyndar hér á landi eins og önnur fyrirtæki mín annars staðar í heiminum.“

Hann hafnar því einnig að fyrirhugaðar fjárfestingar Magma, og nýting á jarðvarmaauðlindum, muni skilja lítið eftir hér á landi. „Tekjur hins opinbera munu koma frá gjaldi fyrir auðlindir, sköttum, störfum sem skapast og fjárfestingu í innviðum fyrirtækisins.“

Beaty segist sannfærður um að það væri gott fyrir alla aðila fái Magma að kaupa hlut Orkuveitunnar í HS Orku. Heimurinn breytist hins vegar hratt, og gangi það ekki eftir séu ýmis tækifæri annars staðar en á Íslandi.

MÓTMÆLI Opinn fundur sem haldinn var í Grindavík í fyrrakvöld skorar á ríkisstjórnina að koma í veg fyrir einkavæðingu HS Orku, þriðja stærsta orkufyrirtækis landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMEINING EKKI Á BORÐINU

Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis Green Energy, staðfestir að hugmyndir um sameiningu fyrirtækjanna hafi verið til skoðunar frá því að samstarf fyrirtækjanna hófst. Hugmyndin sé hins vegar ekki uppi á borðinu eins og er.

Hann viðurkennir að staða Geysis Green geti talist veik, félagið verði að tryggja sér fjármagn til að halda verkefnum áfram. Ýmsir möguleikar séu til þess að auka við hlutafé félagsins.

„Við viljum augljóslega ljúka samningaviðræðum við Orkuveituna sem fyrst, sé á annað borð hægt að ljúka þeim. Við höfum enga möguleika til að þrýsta á eitt né neitt öðruvísi en með því að benda á kostina við að salan á hlut Orkuveitunnar í HS Orku nái fram að ganga.“

brjann@frettabladid.is

NEYTENDUR: HVAÐ VERÐUR UM ENDURSKOÐUN VAXTA?

Vextir verða óbreyttir

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Nú eru fimm ár liðin frá því að bankastofnanir fóru að bjóða upp á húsnæðislán með skárri vöxtum en áður höfðu þekkst. Úr varð hálfgerð tískubylgja þar sem hver sem vettlingi gat valdið fór út í „endurfjármögnun“. Sá böggull fylgdi skammrifi í mörgum tilfellum að bundið var í samninginn að vaxtakjörin yrðu endurskoðuð á fimm ára fresti. Nú er náttúrulega bankakerfið hrunið eins og það leggur sig og forsendur breyttar.

Sjálfur tók ég lán hjá Frjálsa fjárfestingabankanum. Þegar hann fór á hliðina fór ég að fá greiðsluseðil frá Íbúðalánasjóði. Þar eru sömu vextir, 4.2 prósent. Upphaflega planið var að vextirnir yrðu endurskoðaðir nú í september. Hjá Íbúðalánasjóði fékk ég þær upplýsingar að engin ákvörðun hafi verið tekin um málið. Miklar líkur væru þó á að vextirnir yrðu þeir sömu áfram, enda stendur umræðan um það að ríkið minnki byrðar fólks – auki þær ekki. Íbúðalánasjóður hefur tekið yfir lánasöfn frá ýmsum sparisjóðum auk Frjálsa fjárfestingabankans. Föllnu bankarnir eru þó enn með sín lán á sinni könnu. Hjá Landsbankanum fékk ég þær upplýsingar að

vöxtum verði haldið óbreyttum. Fastlega má búast við að aðrir bankar fari sömu leið, enda yrði „allt vitlaust“ ef ríkisbankar færu að hækka íbúðalánavexti í þessu árferði. Fólk á því að geta andað rólega yfir þessu, að minnsta kosti til ársins 2014 þegar næsta vaxtaendurskoðun á að fara fram.

Útsalan er hafin í Hátækni

Tryggðu þér þessar græjur á frábæru útsöluverði áður en við rýmum fyrir nýjum vörum!

Allt að 80% afsláttur!

37"

HD ready HDMI

Panasonic 37 tommur TH-37PX10

- Upplausn 1024 x 768 punktar
- Skerpa 2.000.000:1 (dynamic)
- Svartími 0,001 ms

ÚTSALA 36% afsláttur

Útsöluverð **159.995 kr.**

Verð áður 249.995 kr.

42"

HD ready HDMI

Panasonic 42 tommur TH-42PX10

- Upplausn 1024 X 768 punktar
- Skerpa 2.000.000:1 (dynamic)
- Svartími 0,001 ms

ÚTSALA 33% afsláttur

Útsöluverð **179.995 kr.**

Verð áður 269.995 kr.

NOKIA

Nokia 1650

ÚTSALA 55% afsláttur

Útsöluverð **4.995 kr.**

Verð áður 10.995 kr.

MOTOROLA

Motorola W377

ÚTSALA 41% afsláttur

Útsöluverð **9.995 kr.**

Verð áður 16.995 kr.

YAMAHA

ÚTSALA 29% afsláttur

Útsöluverð **99.995 kr.**

Verð áður 139.995 kr.

Yamaha HTIB7900 heimabíósett

Sonim XP1 Bluetooth

ÚTSALA

Aukahlutapakki fylgir með: Auka loftnet, beltisklemma og handfrjáls búnaður.

sonim®

ÚTSALA 39% afsláttur

Útsöluverð **19.995 kr.**

Verð áður 32.995 kr.

YAMAHA

Alvöru heimabíó!

ÚTSALA 44% afsláttur

Útsöluverð **49.995 kr.**

Verð áður 89.995 kr.

Yamaha YSP-500 fjölrása heimabíóhátalari.

Engin þörf á fleiri hátölurum eða snúrum. Nett heimabíó sem auðvelt er að koma fyrir.

Sony-Ericsson Bluetooth headset PV702

ÚTSALA 63% afsláttur

Útsöluverð **2.995 kr.**

Verð áður 7.995 kr.

PIPAR • SÍA • 91316

20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
10% afsláttur af öðrum farsímum.

Hátækni

Opið: virka daga 9.30-18 | Laugardaga 12-17 | Sunnudag 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

HUGRAKKUR MÁVUR Ferðalangur þessi sat á bekk við höfnina í Sydney í Ástralíu að borða nestið sitt þegar hugrakkur mávur stakk sér niður og stal matarbita. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitarstjórnir þrýsta á samgönguyfirvöld að klára malbikun um Hófaskarðsleið:

Yrði mikilvæg samgönguúrbót

VEGAGERÐ Sveitarstjórnir á Norðausturlandi þrýsta nú á samgönguyfirvöld að klára að malbika vegarkaflann um Hófaskarðsleið. Verklok áttu að vera í september en mikið hefur gengið á og mun framkvæmdin líklega frestast um að minnsta kosti eitt ár.

„Þetta eru búin að vera mikil vonbrigði af því að vegakerfið hér er vægt til orða tekið mjög slæmt," segir Siggeir Stefánsson, oddviti Langanesbyggðar, þar sem Þórshöfn er meðal byggða.

Segir hann þennan vegakafla vera mikilvæga samgönguúrbót þar sem þetta sé síðasta vegakaflinn frá Norðausturlandi til Reykjavíkur sem er ómalbikaður.

RAUFARHÖFN Vegurinn, sem verður 56 kílómetra langur, mun vera með tengingu til Raufarhafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um er að ræða 56 km veg á milli Öxarfjarðar og Þistilfjarðar, með tengingu til Raufarhafnar. Styr hefur verið um tveggja kílómetra kafla af leiðinni. Vegagerðin á enn eftir að malbika um 20 kílómetra. Upphaflega ætlaði Vegagerðin að leggja veginn í gegnum bæ sem þeir ætluðu að taka eignarnámi.

Bændurnir mótmæltu og unnu málið í Hæstarétti. Þá ætlaði Vegagerðin að fara í gegnum jörð sem var að mestu í eigu ríkisins. Það vildu eigendur ekki. Lagði Vegagerðin þá til að fara málamiðlunarleið. Skipulagsstofnun taldi að það þyrfti að fara í umhverfismat. Vegagerðin hefur kært það þar sem það yrði alltof tímafrekt. Úrskurðar er að vænta í byrjun október.

- vsp

Tölur um framhaldsskóla:

Skólarnir starfa í 174 daga á ári

MENNTUN Samanlagður fjöldi kennsludaga og prófadaga í framhaldsskólum landsins var að meðaltali 174,7 dagar á síðasta skólaári. Að meðaltali fóru 25 dagar í próf og námsmat.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.

Fjöldi kennslu- og prófadaga var nánast sá sami á síðasta kennsluári og árinu á undan.

Meðalfjöldi vinnudaga kennara var 181,3 dagur og fækkaði um tæplega einn dag. Í kjarasamningum er gert ráð fyrir 175 kennslu- og prófadögum og fjórum vinnudögum utan þess.

- þeb

Sveitarfélög niðurgreiða:

Ekki frítt fyrir háskólanema í strætó í vetur

SAMGÖNGUMÁL Strætókort fyrir framhalds- og háskólanema verða ekki ókeypis í vetur eins og síðustu tvo vetur.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa hins vegar ákveðið að niðurgreiða hvert kort um helming, og munu kortin því kosta fimmtán þúsund krónur.

Ríkisstjórnin samþykkti í síðustu viku að hefja gerð áætlunar um sjálfbærar samgöngur. Þá kom fram að bæði umhverfisráðherra og samgönguráðherra vilji kanna mögulega aðkomu ríkisins að verkefninu um frítt í strætó. Stúdentaráð Háskóla Íslands á nú í viðræðum við umhverfisráðherra um málið.

- þeb

Mannskætt þjóðartákn Ástralíu:

Kengúrur valda flestum slysum

ÁSTRALÍA, AP Kengúrur og vallabíur eru helsta ógnin við bílstjóra í dreifbýli Ástralíu, samkvæmt nýrri rannsókn. Þar voru teknar saman upplýsingar frá 1996 til 2005 um árekstra á vegum úti í Ástralíu, þar sem dýr komu við sögu.

KENGÚRA Helsta ógnin sem steðjar að áströlskum ökumönnum uppi í sveit. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsóknin leiddi í ljós að þótt vissulega hafi árekstrar orðið af völdum hunda, nautgripa, emúa og vamba séu kengúran, þjóðartáknið skoppandi, og vallabían, smærra afbrigði kengúru, skæðastar í þessum efnum. Dýr komu við sögu í 5.097 bílslysum og óhöppum á tímabilinu sem um ræðir. Í 40 prósentum allra tilfella var um kengúrur eða vallabíur að ræða, þar af í 60 prósentum dauðaslysa.

- bs

Á SPJALLI VIÐ FORSETANN Barack Obama og Edward Kennedy. NORDICPHOTOS/AFP

Þingmaður í nær hálfa öld

Ted Kennedy var einn áhrifaríkasti demókratinn í Washington. Barack Obama segir að með láti hans sé mikilvægum kafla í sögu Bandaríkjanna lokið.

BANDARÍKIN, AP „Mikilvægum kafla í sögu okkar er lokið," sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti þegar fréttir bárust af því að öldungadeildarþingmaðurinn Edward M. Kennedy væri látinn.

Hann var fyrst kosinn í öldungadeild Bandaríkjanna í nóvember árið 1962. Hann hafði því verið þingmaður í heil 47 ár þegar hann lést á þriðjudag af völdum krabbameins, sem hann hafði glímt við í rúmt ár.

„Í fimm áratugi hafa nánast öll lög, sem sett hafa verið til að efla borgararéttindi eða bæta heilbrigðisástand og efnahagslega velferð bandarísku þjóðarinnar borið nafn hans og verið afraksturinn af starfi hans," sagði Obama, og dró ekki úr þeirri aðdáun sem demókratar hafa á hinum nýlátna flokksbróður sínum, „frjálslynda ljóninu" eins og þeir nefndu hann gjarnan.

Edward Moore Kennedy, jafnan nefndur Ted, varð langlífastur Kennedy-bræðranna, sem voru með valdamestu bræðrum Bandaríkjanna um það leyti sem Edward settist fyrst á þing.

Bróðir hans, John F. Kennedy, var myrtur í nóvember árið 1963 eftir að hafa verið forseti Bandaríkjanna í tæp þrjú ár. Þriðji bróðirinn, Robert F. Kennedy, var dómsmálaráðherra í ríkisstjórn bróður síns, en féll einnig fyrir hendi morðingja sumarið 1968 í miðri kosningabaráttu til forsetaembættis.

Kennedy-fjölskyldan var ekki aðeins áhrifamikil í Bandaríkjunum heldur var einkalíf hennar linnulítið í kastljósi fjölmiðla.

Sjálfur varpaði Edward skugga á feril sinn, sem hann losnaði aldrei við, þegar hann varð valdur að dauða vinkonu sinnar síðla kvölds í júlímánuði árið 1969. Hann hafði verið að skemmta sér á Chappaquiddick-eyju með hópi ungra kvenna sem höfðu aðstoðað bróður hans í kosningabaráttunni árið áður. Einni þeirra, Mary Jo Kopeche, bauð hann far heim með sér, en sú ökuferð endaði úti í sjó með þeim afleiðingum að hún lést. Kennedy fór af vettvangi án þess að tilkynna slysið, en baðst síðar afsökunar á því.

Kjósendur létu þó ekki þetta atvik stöðva sig í að kjósa hann áfram á þing, en þegar hann hugðist bjóða sig fram sem forsetaefni demókrata áratug síðar hafði Jimmy Carter betur.

Stuðningur hans við framboð Baracks Obama á síðasta ári virðist þó hafa ráðið miklu um að Obama varð forsetaefni demókrata, og vann síðan sigur þegar að kosningum kom.

gudsteinn@frettabladid.is

SÖGUFRÆGIR BRÆÐUR Þeir Robert, Edward og John Kennedy fyrir utan Hvíta húsið í ágúst árið 1963, þegar Robert var dómsmálaráðherra, Edward öldungadeildarþingmaður og John forseti. NORDICPHOTOS/AFP

Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að fjárfestingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.

Nánari upplýsingar um 100% örugga fjárfestingu er að finna á **www.sparnadur.is** eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.

SPARNAÐUR
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VERSICHERUNGS
KAMMER
BAYERN

Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 | sparnadur@sparnadur.is | www.sparnadur.is

FÍLL Á SAFNI Á þjóðminjasafninu í Rio de Janeiro verður þessi eftirlíking af Afríkufíl til sýnis á næstunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Söfnunarþátturinn „Á allra vörum“ verður sýndur á föstudaginn:

Söfnun fyrir krabbameinssjúk börn

GÓÐGERÐAMÁL Söfnunarþátturinn „Á allra vörum“, á vegum Krabbameinsfélagsins, verður á Skjá einum næstkomandi föstudagskvöld klukkan 21.00. Í fyrrasumar söfnuðust ríflega 50 milljónir sem voru notaðar til að kaupa ný tæki til að greina brjóstakrabbamein betur.

„Á allra vörum hefur verið að selja varagloss í allt sumar til þess að safna fyrir hvíldarheimilum handa krabbameinssjúkum börnum og fjölskyldum þeirra,“ segir Gróa Ásgeirsdóttir, forsvarskona verkefnisins. Glossin voru seld í verslunum víðs vegar um landið og í flugvélum Iceland Express.

Allir sem koma að þættinum á föstudaginn gefa vinnu sína, að sögn Gróu og mikið af landsþekktum einstaklingum kemur fram. Þáttastjórnendur verða Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Svanhildur Hólm Valsdóttir og Guðrún Þórðardóttir. Mannakorn flytur nokkur lög og stöllurnar úr „Fúlar á móti“ verða með atriði. Auk þessa kynnumst við því hvernig fjölskyldur, sem kljást við þennan illvíga sjúkdóm læra að lifa við og takast á við krabbamein.

Gróa segir að engar vonir séu bundnar við einhverja ákveðna söfnunarfjárhæð. Nú, eins og í fyrra, sé rennt blint í sjóinn. Hægt er að leggja sitt af mörkum með því að hringja í áheitanúmerin eða með

Á ALLRA VÖRUM Krabbameinsfélagið hefur verið að selja varagloss frá Dior í sumar. Hvert varalitagloss kostar 2.500 krónur og rennur ágóðinn til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

því að leggja inn á reikningsnúmer 0101-26-55555. Kennitalan er 510608-1350.

- vsp

Svínaflensutilfellum fjölgar:

700 greindir á átta vikum

HEILBRIGÐISMÁL Tæplega sjö hundruð tilfelli svínaflensu hafa verið tilkynnt hér á landi frá lokum júnímánaðar.

Hröð aukning hefur orðið á síðustu vikum og segir á heimasíðu landlæknisembættisins að búast megi við að fjöldinn haldi áfram að aukast mikið.

Langflestir hinna smituðu eru á aldrinum 15 til 24 ára.

Á tímabilinu frá 29. júní til 23. ágúst bárust tilkynningar um 684 manns með inflúensulík einkenni eða staðfesta inflúensu. Konur voru 379 talsins og karlar 305.

- þeb

LANDSBYGGÐIN

Gangagerð að klárast

Búið er að sprengja 4.387 metra af Bolungarvíkurgöngum, eða um 85 prósent af heildarlengd þeirra. Í síðustu viku voru 38 metrar sprengdir Hnífsdalsmegin og 43 metrar Bolungarvíkurmegin.

Framkvæmdastjóri ráðinn

Hörður Högnason hjúkrunarfræðingur hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Heimsmeistari fær styrk

Jón Örn Ingileifsson fær 100 þúsund króna styrk frá Grímsnes- og Grafningshreppi til að taka þátt í torfærukeppni í Nordic Cup 2009. Jón er ríkjandi heimsmeistari í þessari keppnisgrein.

Allt á floti í tómötum:

Tugir þúsunda sulla á Spáni

SPÁNN, AP Hinn árlegi tómataslagur fór fram í smábænum Bunol á Spáni í gær. Talið er að um 40 þúsund manns hafi tekið þátt í atinu, sem felst í því að byrgja sig upp af tómötum og kasta í náungann.

Afraksturinn var sá að götur bæjarins fylltust af tómatmauki, sem fólk skemmti sér hið besta við að atast í.

Sextíu og fjögur ár er síðan íbúar bæjarins tóku fyrst upp á þessu, en atið á sér rætur í því að krakkar fóru að leika sér að kasta mat hvert í annað.

Á FLOTI Í TÓMATSULLI Ekki er annað að sjá en fólk skemmti sér vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slagurinn sjálfur stóð yfir í um klukkustund, en vinsældir hans aukast ár frá ári.

- gb

BEÐIÐ EFTIR BRAUÐINU Sókn í fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum hefur tvöfaldast, samkvæmt því sem bæjarstjóri Hafnarfjarðar hefur sagt. Minnihlutinn vildi nýta heimild til að hækka útsvar um 0,25 prósent um áramótin, en meirihlutinn féllst ekki á það.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gátu sótt tekjur til lífskjaratryggingar

Meirihlutinn í Reykjavík hefði getað nýtt sér heimild til að hækka útsvar um 0,25 prósent. Þannig hefðu náðst 88 prósent af lífskjaratryggingu, sem á að tryggja 186.000 krónur í lágmarksframfærslu.

REYKJAVÍK Um síðustu áramót fengu sveitarfélög heimild til að hækka útsvar um 0,25 prósent. Hefði Reykjavíkurborg nýtt sér þetta hefðu tekjur borgarinnar aukist um 670 milljónir.

Þetta eru 88 prósent þeirra 760 milljóna, sem nefndar hafa verið sem forsenda þess að borgin geti veitt svokallaða lífskjaratryggingu, 186.000 krónur í lágmarksframfærslu til þeirra sem engar tekjur hafa.

Eins og áður hefur verið greint frá í blaðinu hefur nefnd um sálfélagsleg viðbrögð við kreppunni mælt með að fólki verði tryggð þessi lágmarksupphæð, í stað þeirra 115.567 sem það getur fengið nú.

Formaður velferðarráðs borgarinnar, Jórunn Frímannsdóttir, hefur metið það svo að til að geta staðið undir þessu þá þyrfti að hækka útsvar um 1,5 prósent.

Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi VG, bendir á að nær væri að miða við 0,28 prósenta hækkun; hún myndi duga. Fjármálaskrifstofa Reykjavíkur staðfestir þetta við blaðið.

„Við sáum fram á aukna þörf fyrir fjárhagsaðstoð og að borgin þyrfti því á meiri peningum að halda. Flest sveitarfélögin nýttu sér þessa heimild en meirihlutinn í borginni ákvað, eins og Seltjarnarnes og Garðabær, að hækka ekki útsvarið,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi VG.

Hann hafi mælst til þess í velferðarráði og borgarstjórn að tekjulægsta fólkið fengi að lágmarki sömu hækkun og samið var um í almennum kjarasamningum, 20.300 krónur á mánuði.

Hámarksfjárhagsaðstoð til tekjulítilla hækkaði hins vegar um 16.238 krónur, en útsvar var óbreytt: 13,03 prósent.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Lúðvík Geirsson, hefur sagt 186.000 krónur vera „bara það sem fólk þarf til að lifa af“ og heilbrigðisráðherra hefur lýst yfir ánægju með skýrslu fyrrgreindrar nefndar.

Í henni kom meðal annars fram að Finnar telja sig hafa gert mistök í efnahagskreppu þeirra á tíunda áratugnum, með því að draga úr framlögum til velferðarmála.

klemens@frettabladid.is

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

FJÁRHAGSAÐSTOÐIN

Lágmarksframfærsla til einstaklinga var hækkuð í janúar um 16,35 prósent, úr **99.329** krónum á mánuði í **115.567**.

Þetta er hækkun um **16.238** krónur á mánuði.

Framfærsla til hjóna eða fólks í skráðri sambúð hækkaði úr **158.926** krónum og í **184.907**.

Söng- og gítarnámskeið
TÓNVINNSLUSKÓLANS
haustið 2009

Söngur og framkoma
14 ára og eldri / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Tímarnir byggjast á aðferð sem Kristin Linklater setur fram í bókinni "Freeing the Natural Voice". Aðferðin byggist meðal annars á að geta notað röddina án óþarfa spennu og kvíða, styrkja röddina og stækka með tækni sem styðst við öndun og líkamsliðkun. Einnig eru gefin ráð um hvernig best er að velja sér lög við hæfi og lögð áhersla á textameðferð. Tvennir tónleikar verða yfir önnina og í lokin fær nemandinn að velja sér eitt lag til að taka upp í hljóðveri.

Kennarar: Margrét Eir, Erna Hrönn og Heiða Ólafsdóttir

Söngur og framkoma - framhald
14 ára og eldri / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Skilyrði eru að nemandi hafi lokið "Söngur og framkoma" eða sambærilegu námskeiði. Þetta námskeið er framhald af "Söngur og framkoma" og haldið er áfram þar sem frá var horfið af fyrri námskeiðum. Tvennir tónleikar verða haldnir, upptökur á einu lagi, og 2 einkatímar hjá Margréti Eir.

Kennarar: Margrét Eir, Erna Hrönn og Heiða Ólafsdóttir

Tónvinnsluskólinn er aðili að frístundakortakerfi Reykjavíkurborgar

Söngur og framkoma fyrir börn
Fyrir börn 6 - 12 ára / 1 klst. á viku í 10 vikur.

Á þessu námskeiði verður aðaláhersla lögð á söng og tjáningu. Krakkarnir munu vinna íslenska tónlist þar sem hreyfileikir, tjáning, túlkun og framsetning texta verða megin viðfangsefnin. Markmiðið er að í lok námskeiðs geti hver og einn staðið á sviði og flutt sitt lag ásamt því að syngja í hóp með öðrum.
Tónleikar í lokin sem verða teknir upp.

Kennarar: Margrét Eir, Erna Hrönn og Heiða Ólafsdóttir

Söngleikjanámskeið
Unglingar 13 - 15 ára / 1.5 klst. á viku í 10 vikur.

Áhersla lögð á söng, leiklist og dans.
Valinn verður söngleikur og atriði úr honum flutt á tónleikum í lok annar. Einnig verður kynnt fyrir nemendum hvað felst í því að taka þátt í söngleik, þar með talið búningar, sviðsmynd, förðun o.fl.

Kennarar: Margrét Eir og Heiða Ólafsdóttir

Erna Hrönn - Heiða - Margrét Eir

Gítarnámskeið fyrir byrjendur
Fyrir alla aldurshópa / 50 mín. á viku í 12 vikur

Langar þig að læra á gítar? Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski bara að koma þér af stað og stofna í kjölfarið rokkhljómsveit? Einhvers staðar verða menn að byrja og þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennt er í 4-6 manna hópum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks, kunni öll helstu gítargripin og þar með öll helstu undirstöðuatriði gítarleiks.

Gítarnámskeið fyrir lengra komna
Fyrir alla aldurshópa / 30 mín á viku í 12 vikur - Einkatímar

Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, hljómfræði og kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter"-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.

Þeir sem hafa verið áður hjá okkur fá kennslu við hæfi miðað við framfarir.

Hægt er að sækja um þátttöku á slóðinni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 5349090

TÓNVINNSLUSKÓLINN
Sponsored Digidesign School

Hávaðinn mikli!

Viltu vinna milljón með hávaða?
Austurvöllur í dag kl. 12.00.

Ef Icesave samningurinn verður samþykktur á Alþingi í dag kostar það hvern Íslending að minnsta kosti eina milljón!

Alþingi má ekki láta kúga sig til að leggja skuldir einkafyrirtækis á þjóðina án dóms og laga. Fyrirvararnir eru í áttina en duga ekki því við munum samt borga meira en okkur ber. Algjör óvissa um eftirstöðvar.

Ef þú vilt sanngjarnan ICESAVE samning, mættu þá á Austurvöll eða í miðbæinn í þínum bæ kl. 12.00 í dag og framkallaðu eins mikinn hávaða og þú getur.

Þú munt aldrei aftur fá betra tímakaup.

Áhugafólk um réttlátan og löglegan Icesave samning

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

IKEA

... fyrir hann

... fyrir hana

... fyrir fjölskylduna

... fyrir ungabarnið

... fyrir unglingana

... fyrir börnin

fyrir alla

Nýi vörulistinn er kominn!

Ferskur, fjölbreyttur og litríkur.
Notaðu ímyndunaraflið og
breyttu til fyrir minna!

Vörulistanum er dreift dagana 26. - 28. ágúst
á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst.

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

„ORÐRÉTT“

Ráðherra spyr sig

„Ég spyr mig hvort misvitur samkeppnislög eigi að standa þjóðfélaginu fyrir þrifum.“

JÓNI BJARNASYNI SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA, ER UPPSIGAÐ VIÐ LÖG SEM VALDA SEMENTSVERKSMIÐJUNNI Á AKRANESI VANDRÆÐUM.

Fréttablaðið 26. ágúst

Ísland, best í heimi!

„Ég held að íslenskar konur hafi eina bestu genablöndu í heimi hvað varðar styrk og líkamsbyggingu.“

KRAFTAKONAN GEMMA MAGNÚSSON HORFIR Á BJÖRTU HLIÐARNAR ÞRÁTT FYRIR DAPURT ÁSTAND Í EFNAHAGSLÍFINU.

Fréttablaðið 26. ágúst.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Sendist með kartöflur á rúgbrauðinu

„Nú gengur allt út á kartöflur á mínu heimili,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi ráðherra, á Lómatjörn við Eyjafjörð.

Uppskerutíminn er hafinn á Lómatjörn. „Núna er það mitt starf að hluta til að keyra kartöflur til Akureyrar og ég er að koma úr einni slíkri ferð. Ég er svolítið flott á sendibíl sem kallaður var rúgbrauð í gamla daga,“ segir Valgerður sem kveður Lómatjarnarkartöflurnar seldar um land allt.

„Nú ræð ég mér bara sjálf og ég er að gera ýmislegt sem ég hef ekki haft tíma til að gera í áratugi og er búin að vera hér í sveitinni minni alveg í sumar. Ég er kannski ekki á kafi á búverkum en keyri stundum kartöflurnar. Ég er mjög nothæf í það,“ segir Valgerður og hlær.

Að sögn Valgerðar er nú ákaflega fallegt haustveður í Eyjafirði og gott að vera þar þótt eflaust hafi verið meiri veðurblíða fyrir sunnan þetta sumarið. „Berjatíminn er að byrja og ég er einmitt að fara í berjamó núna á eftir,“ segir ráðherrann fyrrverandi og bætir við að nú sé einnig farið að draga að því að endurheimta fé af fjalli. „Sjálf fer ég ekki í langar göngur en tek einhvern þátt í smalamennsku í fjallinu fyrir ofan bæinn. Hér er nóg að gera.“

FRÓÐLEIKUR

KÓNGAR OG ÞVÍUMLÍKT

Af þeim 192 löndum, sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum, eru 28 með yfirvald sem ber tignarheitið konungur, drottning, keisari, fursti, hertogi, páfi, emír eða annað sambærilegt. Þrjú þessara landa eru í Afríku, þrettán í Asíu, ellefu í Evrópu og eitt á Kyrrahafseyjunni Tonga. Í Evrópu eru kóngar í Noregi, Svíþjóð, Belgíu og á Spáni, drottningar í Bretlandi, Danmörku og Hollandi, prins í Mónakó og Liechtenstein, hertogi í Lúxemborg, páfi í Páfagarði, og svo eru tveir prinsar formlega við völd í Andorra, en þeirri tign skipta á milli sín samkvæmt aldagamalli hefð forseti Frakklands og biskupinn af Urgell í Katalóníu á Spáni.

SJÓNARHÓLL

FYRIRVARAR VIÐ ICESAVE

GUÐJÓN HEIÐAR VALGARÐSSON

Þrældómur með fyrirvara

„Ég velti því fyrir mér hvernig heimurinn væri í dag ef þrælarnir sem voru hnepptir í þrældóm af grimmum nýlenduherrum hefðu ekki risið upp og krafist frelsis,“ segir Guðjón Heiðar Valgarðsson nemi þegar spurður um nýju fyrirvarana við Icesave.

„Manni finnst skrítið að hugsa til baka til tíma þar sem slíkt var eðlilegur hluti af viðskiptaumhverfi samtímans. Viðskiptablöð með fréttum af genginu, viðtöl við helstu sérfræðingana og auglýsingar með nýjustu þrælunum. Ætli margir á þeim tíma hafi áttað sig á óréttlætinu? Núna erum við samt orðin svo siðprúð og klár að við myndum aldrei leyfa þess háttar að viðgangast. Við myndum rísa upp og krefjast frelsis,“ segir Guðjón.

„Að neyða fólk til að vinna fyrir auðkýfinga? Aldrei. Alla vega ekki án fyrirvara um að við verðum örugglega skilvirkir þrælar. Þvílík uppreisn.“

Óvíst með málverk af Halldóri og Sigurjóni í Landsbankanum

Löng hefð er fyrir því að mála málverk af fyrrverandi bankastjórum Landsbankans. Málverk eru til af öllum fyrrverandi bankastjórum bankans fyrir utan Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason. Formaður bankaráðs segir ekki búið að ákveða hvort það verði gert.

Landsbankinn á sér langa sögu sem teygir anga sína allt aftur til ársins 1886. Fyrir utan setta bankastjóra hafa 33 gegnt embætti bankastjóra Landsbankans á þessu tímabili að Ásmundi Stefánssyni, núverandi bankastjóra meðtöldum. Hefð er fyrir því að máluð sé mynd af fyrrverandi bankastjórum Landsbankans og prýða málverkin húsakynni bankans í Austurstræti.

Margir merkismenn hafa gegnt stöðu bankastjóra Landsbankans. Í þeim hópi má nefna Tryggva Gunnarsson, Emil Jónsson og Jónas H. Haralz, svo fáeinir séu nefndir. Oftar en ekki eru því virtustu listamenn þjóðarinnar fengnir til að mála af þeim mynd. Sjálfur Jóhannes Kjarval málaði myndir af fjórum fyrstu bankastjórunum en meðal annarra listamanna má nefna Eirík Smith og Baltasar Samper.

FORTÍÐIN AÐ BAKI Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson ásamt Björgólfi Guðmundssyni, sem stendur í miðið. Að baki þeim hanga málverk af nokkrum fyrrverandi bankastjórum Landsbankans. Ekki hefur verið ákveðið hvort Sigurjón og Halldór hljóta sama sess. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enn eru þó ómálaðar myndir af tveimur fyrrverandi bankastjórum Landsbankans, þeim Halldóri Kristjánssyni og Sigurjóni Árnasyni, en þeir létu sem kunnugt er af störfum hjá Landsbankanum í fyrra. Staða þeirra var um margt ólík fyrri starfsbræðrum þeirra að því leyti að þeir skildu við bankann í kalda koli og með skuldaklafa sem verður þungur baggi á íslensku þjóðarbúi næstu árin.

Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvort Halldóri og Sigurjóni yrði eftir sem áður sýndur sami sómi og fyrri bankastjórum og fengju málaða af sér mynd. Haukur Halldórsson, formaður bankaráðs Landsbankans, hafði ekki svör á reiðum höndum þegar Fréttablaðið innti hann eftir þessu.

„Ég bara veit það ekki,“ segir Haukur. „Frá því að ég tók við sem formaður bankaráðs hafa málverk af Halldóri og Sigurjóni hreinlega ekki komið til tals á fundum bankaráðs. Ég get því ekki sagt af eða á um það mál.“

Sagan sýnir þó að bankastjórar hafa vissulega fengið málaða af sér mynd þrátt fyrir umdeild starfslok. Þannig hröktust þeir Björgvin Vilmundarson, Halldór Guðbjarnason og Sverrir Hermannsson allir úr embætti árið 1998 vegna spillingar. Engu að síður eru til málverk af þeim öllum. Það er því spurning hvort kemur á endanum til með að ráða meiru um hvort Halldór og Sigurjón fái málaða af sér mynd, 123 ára gömul hefð eða almenningsálitið. bergsteinn@frettabladid.is

Smárit Ferðafélags Íslands

Handhægar gönguleiðalýsingar til að hafa með í bakpokanum

Fást á skrifstofu FÍ og í næstu bókabúð

Í nýjasta fræðsluriti FÍ, sem er það fimmtánda í röðinni, er umfjöllunarefnið fjalllendið milli Snæfellsness og Borgarfjarðar. Ritinu er ætlað að bæta úr skorti á aðgengilegum leiðarlýsingum og kortum, bæði varðandi Vatnaleiðina milli Hnappadals og Norðurárdals og eins um önnur áhugaverð göngusvæði á þessum slóðum.

SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚT!

www.fi.is

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 568 2533 | Fax: 568 2535 | Netfang: fi@fi.is

36 tonna tæknitrukkur frá IBM staddur hér á landi:

Skyggnst inn í framtíðina

TÆKNI 36 tonna tæknitrukkur frá fyrirtækinu IBM er nú staddur hér á landi. Trukkurinn er búinn öllum nýjasta tæknibúnaði frá IBM. „Þarna gefst fólki kostur á að skyggnast inn í framtíðina því þarna er frumsýning á mörgum nýjum tæknibúnaði,“ segir Gísli Þorsteinsson upplýsingafulltrúi Nýherja, en trukkurinn er til sýnis hjá Nýherja í Borgartúni.

„Í raun eru þarna framtíðarlausnir. Það sem kannski er helst lögð áhersla á eru umhverfisvænar og orkusparandi lausnir. Þeir leggja mikla áherslu á að kynna slíkar lausnir til sögunnar og þessi trukkur er gríðarlega afkastamikill. Búnaðurinn í honum gæti keyrt allt tölvuumhverfi fyrirtækja og einstaklinga á Akureyrarsvæðinu, tugþúsundir notenda.“ Búnaðurinn sem er í bílnum er tugmilljóna króna virði.

Að sögn Gísla er markmiðið með komu trukksins að kynna þessar framtíðar- og hagræðingarlausnir sem eru framundan. Þar hafa meðal annars verið kynntar fistölvur, sem eru léttar og eru sparneytnari en eldri tölvur. „Áherslan er lögð á hagræðingu og umhverfisvænni lausnir.“

- þeb

TRUKKURINN Gísli Þorsteinsson fyrir utan trukkinn stóra, sem er fyrir utan Borgartún 37.

LOKADAGAR LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

BÍLTÆKI
MAGNARAR ÚTVÖRP
FERÐATÆKI MP3 SPILARAR
BÍLMAGNARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR LOKADAGAR
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG

HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PÖNNUR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR PÚÐLUR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

FLOTTIR HÁFAR MEÐ ALLT AÐ 100.000 KR. AFSL.
KENWOOD HRÆRIVÉLAR MEÐ 20.000 KR. AFSL.
SAUMAVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI - FRÁ KR. 29.995
OBH BLANDARAR MEÐ GLERSKÁL - ÚTSALA KR. 4.995
- VERÐ ÁÐUR KR. 7.995 - 38% AFSLÁTTUR
JBL VÖGGUR FYRIR iPOD MEÐ ALLT AÐ 50% AFSL.
PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 250.000 KR. AFSL.
GRÆJUR OG HÁTALARAR FRÁ DENON,
NAD, DALI OG CANTON
Á ÚTRÝMINGARVERÐI

Sjá allt úrvalið á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Opið laugardaga kl. 10 – 16

Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	SELFOSS
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 36	GARÐARSBRAUT 18A	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	464 1600	480 3700

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido OBH NORDICA INDESIT DeLonghi Whirlpool

FRÉTTASKÝRING: Icesave-málið

Reykjavík - London - Amsterdam

Gangi áform stjórnarflokkanna eftir verður Icesave-málið tekið til atkvæðagreiðslu á Alþingi í dag og samþykkt. Þó að málið verði frá sem þingmál mun það ekki hverfa. Það snýst, jú, um meðferð skulda sem kunna að hanga yfir íslenskri þjóð næstu tuttugu ár eða svo.

RÝNT Í SKJÖL Björgólfur Guðmundsson bankaráðsformaður og Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri á aðalfundi Landsbankans í apríl á síðasta ári. Pund og evrur hlóðust inn á reikninga bankans í Bretlandi og Hollandi. „Tær snilld," sagði Sigurjón. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þó að Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafi eflaust alla tíð gert sér fulla grein fyrir að Icesave-málið yrði erfitt bjóst hann varla við að það myndi ógna tilveru ríkisstjórnarinnar. En þannig var það. Andstaða Ögmundar Jónassonar, heilbrigðisráðherra og pólitísks fóstbróður Steingríms, við málið var einörð. Ögmundur taldi – öfugt við Steingrím – samninginn lélegan og vildi setja ítarlega fyrirvara við ríkisábyrgð á lántöku vegna skuldanna við Breta og Hollendinga. Steingrímur og fylgismenn hans töldu ýtrustu kröfur Ögmundar fela í sér höfnun á samningnum og óttuðust að þar með færu samskipti Íslands við umheiminn í loft upp og þjóðin þar með búin að mála sig endanlega út í horn. Fór á endanum svo að sjónarmið voru sættuð með ítarlegri ákvæðum í fyrirvörum. Ögmundur sló af upphaflegum kröfum og er hermt að þar hafi ráðið nokkru að hann áttaði sig á að ríkisstjórnin myndi springa ef hann greiddi atkvæði gegn málinu.

Því var haldið fram að Samfylkingin hefði þrýst á Ögmund í málinu og að ótti um dauða stjórnarinnar væri gamaldags hræðsluáróður úr þeirri átt. Vel má vera að einhverjir Samfylkingarmenn hafi haldið þessum sjónarmiðum á lofti en málið var engu að síður innanhússverkefni Vinstri grænna. Formaður flokksins bar ábyrgð á Icesave-samningnum og frumvarpið um ríkisábyrgð var hans. Ekki var því nóg með að ríkisstjórnarsamstarfið væri undir heldur var pólitískt líf Steingríms sjálfs það einnig.

Svavar fékk að heyra það

Icesave-samningarnir við Breta og Hollendinga voru undirritaðir í byrjun júní. Þá hafði samninganefnd undir forystu Svavars Gestssonar sendiherra unnið að málinu í rúma þrjá mánuði. Svavar var sérlegur trúnaðarmaður Steingríms fjármálaráðherra í nefndinni en þeir störfuðu náið saman í Alþýðubandalaginu á sínum tíma. Auk Svavars var Indriði H. Þorláksson, þá settur ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Steingrími sérstaklega handgenginn. Indriði varð síðar aðstoðarmaður Steingríms. Aðrir nefndarmenn voru embættismenn úr forsætis- og viðskiptaráðuneytunum og Seðlabankanum.

Gagnrýnendur samningsins hafa ekki einasta beint sjónum að efni hans; þeir hafa líka harmað aðkomu Svavars (og svosem nefndarinnar allrar) að málinu. Hafa þeir furðað sig á að honum en ekki einhverjum öðrum – og þá helst ótilteknum sérfræðingum í lausn milliríkjadeilna – hafi verið falið að leita lausnar á þessu risavaxna, viðkvæma og erfiða máli. Þekkingar- og kunnáttuleysi eru einkunnirnar sem Svavar fékk úr þeirri átt og einnig var hann sagður búa yfir ónógri enskukunnáttu til að ráða við verkefnið.

Steingrímur hefur alla tíð varið Svavar af hörku, líkt og samninginn sjálfan.

Með og á móti

Icesave-vandamálið er tilkomið vegna innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Stofnað var til þeirra fyrir fáum árum og söfnuðust nokkuð á annað þúsund milljarða íslenskra króna inn á reikningana samanlagt. Með setningu neyðarlaganna í byrjun október á síðasta ári og við yfirtöku ríkisins á Landsbankanum í framhaldinu varð ljóst að breskir og hollenskir sparifjáreigendur voru á köldum klaka.

Yfirvöld beggja ríkja slógu skjaldborg um borgara sína og settu strax fram kröfur á hendur íslenskum stjórnvöldum um lausn mála. Horft var til innlánstryggingakerfis Evrópusambandsins en samkvæmt því áttu Íslendingar að tryggja innstæður að fjárhæð rúmlega 20 þúsund evrur.

Deilt var um hvort innlánstryggingakerfið næði til jafn afdrifaríkra atburða og falls heils bankakerfis en með nokkrum sanni má segja að slíkar aðstæður hafi varla verið mönnum ofarlega í huga þegar tryggingakerfinu var komið á fót. Miðaðist það heldur við þrot eins banka – ekki hruns efnahags heillar þjóðar.

Á móti þessu komu þau sjónarmið að íslensku neyðarlögin stæðust ekki skoðun en með þeim var innlendum og erlendum sparifjáreigendum mismunað.

Að þessu og mörgu öðru metnu varð það úr að semja bæri við Breta og Hollendinga um lausn.

Drög að samningum lágu fyrir í október en tafir urðu á lokafrágangi. Ný ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, sem tók við völdum í febrúarbyrjun, fékk málið svo til úrvinnslu. Hennar er samningurinn.

Við borgum ekki

Frumvarpi um ríkisábyrgð lána vegna Icesave var dreift í þinginu í lok júní. Sjálft frumvarpið var stutt; aðeins ellefu línur í tveimur lagagreinum. Athugasemdir og fylgiskjöl þöktu hins vegar tugi blaðsíðna.

Frá fyrsta degi var málið harðlega gagnrýnt af lærðum og leikum.

Sérfræðingar í lögum, hagfræði og viðskiptum létu í ljós megna óánægju og studdu mál sitt rökum. Áhugafólk um þjóðarhag lét ekki sitt eftir liggja.

Steingrími J. Sigfússyni tókst ekki að lægja óánægjuöldurnar þegar hann mælti fyrir frumvarpinu 2. júlí. Þvert á móti. Stjórnarandstaðan virtist leggjast gjörvöll gegn málinu. Í umræðum utan þings fór lítið fyrir fræðimönnum sem fylgdu ráðherranum að máli.

Gagnrýnin var margháttuð og náði allt frá tæknilegum smáatriðum til þeirrar einföldu afstöðu að við ættum ekki að borga. Hvað kemur það íslenskri þjóð við þó einkafyrirtæki geti ekki staðið við skuldbindingar sínar í útlöndum?

Ekkert benti til að breið samstaða myndi nást um málið eins og Steingrímur og flestir stjórnarliðar óskuðu sér. Skipti þá ekki máli að bent var á að samningurinn væri í raun byggður á októbersamningi fyrri stjórnar.

Fjárlaganefndin lofuð

Fjárlaganefnd Alþingis fékk málið til aðalmeðferðar 6. júlí en aðrar nefndir þingsins komu einnig að því. Svo undarlega háttar til að fjárlaganefndin er sú nefnd þingsins sem býr að hvað skemmstri þingreynslu. Enginn nefndarmanna hefur setið lengur á þingi en í tvö ár. Meirihluti nefndarinnar; sex af fimm, var fyrst kjörinn á þing í aprílmánuði síðastliðnum. Siv Friðleifsdóttir ein hefur meiri þingreynslu en samanlögð fjárlaganefnd.

En gæði eru ekki sama og magn og er það samdóma álit þeirra sem gleggst þekkja til að fjárlaganefnd, undir forystu Guðbjarts Hannessonar, hafi staðið sig feiknarlega vel í þessu erfiða máli í þær rúmlega sjö vikur sem hún hafði það til meðferðar.

Málið er enda orðið allt annað en það var. Tillit hefur verið tekið til fjölmargra sjónarmiða og andstæðar fylkingar sæst á niðurstöðu. Framsóknarmenn eru reyndar eftir sem áður á móti og telja fyrirvarana langt í frá ásættanlega.

Frumvarpið er nú í ellefu greinum á þremur blaðsíðum og í því er reynt að tryggja í bak og fyrir að byrðar íslensku þjóðarinnar vegna þessarar viðskipta Landsbankans í Bretlandi og Hollandi verði eins litlar og mögulegt er.

Atkvæðagreiðsla í dag

Icesave hefur reynt á þing og þjóð. Stór orð hafa fallið í umræðunni og alvarlegar ásakanir gengið á báða bóga. Ríkisstjórnin var sökuð um að leyna gögnum, fræðimenn sagðir ganga erinda viðsemjenda okkar, stjórnarandstæðingar lágu undir ámæli um að skilja ekki vandann og Ögmundur var sagður sprengja stjórnina ef hann greiddi atkvæði á móti.

Þingfundur hefst hálfellefu í dag. Reiknað er með að Icesave-frumvarpið verði orðið að lögum áður en degi tekur að halla.

FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

ÚR ICESAVE-UMRÆÐUNNI

„Ég hef fylgst með málinu alveg frá upphafi og í raun má segja að það hafi verið upphaf þess að ég fór að skipta mér af stjórnmálum."
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

„Síðan geta menn komið með aðrar hugmyndir eins þær að við fáum að borga með íslenskum krónum og þá hlýtur maður að spyrja líka út frá líkingu hv. þm. Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar: Af hverju fáum við þá ekki bara að borga þetta með matadorpeningum?"
Árni Páll Árnason

„Nöfn þeirra sem vilja selja landið og miðin munu verða meitluð í stein á meðan eitthvað dregur lífsanda í þessu landi. Þennan samning verður að fella."
Valgeir Skagfjörð

„Samfylkingin er í frúnni í Hamborg í dag og það er hálfnöturlegt að sjá ekki meiri ábyrgð af hennar hálfu í þessu stóra og mikla máli."
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

„Við skulum semja upp á nýtt og við skulum gera það saman. Við skulum gera það sem þjóð. Við skulum ekki gera það sem stjórn eða stjórnarandstaða. Við skulum koma fram og ganga út úr þessum sal sem einn maður og við skulum vera full þjóðarstolts fyrir hönd þjóðarinnar og sýna það að við getum komið okkur upp úr þeim skotgröfum sem þessi umræða hefur því miður verið í."
Birkir Jón Jónsson

„Það var ekki fyrr en ljóst var orðið að mikill meirihluti fjárlaganefndar myndi samþykkja fyrirvara við ríkisábyrgðina á Icesave-samningunum að ég gat sætt mig við niðurstöðuna."
Lilja Mósesdóttir

„Í umræðunni í gær kom fram hjá stjórnarliðum að þingmenn Framsóknarflokksins væru svartsýnir. Já, frú forseti. Við framsóknarmenn erum talin svartsýn fram úr hófi. Við bendum á sannleikann í þessu máli. Við tölum íslensku í þessu máli, við drögum fram staðreyndirnar."
Vigdís Hauksdóttir

„Skrattinn er á veggnum. Það þarf ekki að mála hann á hann eða ímynda sér hann. Skrattinn er á veggnum og hann er ofinn úr vanhæfni, spillingu, siðrofi og órjúfanlegum tengslum viðskiptaheims og þingheims. Skrattinn er á veggnum og hann er óttinn við framtíðina, hann er óvissan og þrælslundin. Skrattinn er á veggnum og hann nærist á hræðsluáróðri, vanþekkingu og ósætti."
Birgitta Jónsdóttir

„Icesave-deilan fjallar einnig um samfélagsgerð sem virðir lög og rétt og byggir á trausti, nauðsynlegu, gamaldags og geðslegu trausti."
Sigmundur Ernir Rúnarsson

„Ég held að við fáum aldrei niðurstöðu í þessi mál, ég held að þjóðin verði með siðferðilega timburmenn í 300 ár ef okkur tekst ekki að leiða hið sanna og rétta í ljós hvað hér gerðist í bankahruninu, að finna peninga sem skotið var undan, færa þá heim til að verja stöðu íslenska velferðarkerfisins, launamannsins, öryrkjans og borga innstæðueigandanum í Hollandi og í Bretlandi sem við viljum svo gjarnan greiða. Það er þetta sem við eigum að gera. Við eigum að fara út í heim og segja við þessar þjóðir: Íslendingar vilja standa við sínar skuldbindingar en ekki meira, ekki meira."
Ögmundur Jónasson

Gólfefnaúrval í Múrbúðinni

Nú borgar sig að gera gæða- og verðsamanburð!



Gólf, svört 30x60cm

2.790 kr. pr. m²



Vegg, Princess, svört, 20x45cm

2.350 kr. pr. m²

Vegg, hvít glans 20x25cm

1.550 kr. pr. m²



Vegg, Princess, hvít, 20x45cm

2.790 kr. pr. m²



Gólf, marmarabeige, 30x60cm

3.490 kr. pr. m²

Vegg / gólfflísar, ljósgrá, beige og brún yrjótt 15x15cm

2.290 kr. pr. m²



Steirer, Austurískt, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm

4.290 kr. pr. m²

Gólf, marmarabeige, 60x60cm

3.290 kr. pr. m²

Gólf, Beige 30x30cm

1.990 kr. pr. m²

Gólf, Regina, brún 33,3x33,3cm

2.390 kr. pr. m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



New plastparket, Beiki, rakavarið 1214x193x8,3mm

1.795 kr. pr. m²



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

3.790 kr. pr. m²



Steirer, Austurískt, 3 stafa Hnota 2200x182x14x4mm

7.290 kr. pr. m²



New plastparket, Dökk eik, rakavarið 1214x193x8,3mm

1.995 kr. pr. m²

Reykjavík ***Kletthváls 7.***
Opið virka daga kl. 8-18
laugard. 9-16

Suðurnes ***Fuglavík 18.***
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14

Akureyri ***Furuvellir 15.***
Opið virka daga kl. 8-18,
laugard. 10-14

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikið afrek kvennalandsliðsins í knattspyrnu:

Fram í sviðsljósið

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Tæp fjörutíu ár eru liðin frá fyrsta alþjóðlega stórmótinu í kvennaknattspyrnu. Það var árið 1971 í Mexíkó, þar sem haldin var óopinber heimsmeistarakeppni sterkustu landsliða þess tíma að viðstöddum tugum þúsunda áhorfenda. Þótt umgjörð mótsins hafi verið hin glæsilegasta, hefur knattspyrnuhreyfingin á liðnum árum kerfisbundið reynt að strika það út úr sögunni. Ástæðan er sú að á þessu fyrsta stórmóti, var kvennaknattspyrna öðrum þræði kynnt sem furðufyrirbæri til að skopast að. Keppt var með bleikum mörkum, leikmönnum var skipað að farða sig fyrir keppni og fjölmiðlar gerðu sér mat úr því að búningsklefar stúlknanna minntu helst á hárgreiðslu- og snyrtistofur.

Knattspyrna kvenna var raunar algjört jaðarfyrirbæri fram undir lok sjöunda áratugarins. Öðru hvoru birtust myndir í dagblöðum af knattspyrnukonum ásamt skoplegum athugasemdum. Var þeim yfirleitt fundinn staður innan um skringifregnir af síamstvíburum eða börnum sem alist höfðu upp meðal úlfa.

Upphaf nútímakvennaknattspyrnu á Íslandi má rekja til ársins 1968 eða þar um bil. Handknattleikskonur nokkurra félaga voru þá farnar að spreyta sig í fótbolta á utanhússæfingum á sumrin. Vitað er að stúlkur úr Fram og KR léku formlegan leik á KR-vellinum sumarið 1968 og tveimur árum síðar var efnt til sýningarleiks í kvennafótbolta á Laugardalsvelli fyrir karlalandsleik gegn Noregi. Var það að frumkvæði Alberts Guðmundssonar formanns KSÍ.

Óhætt er að segja að fyrstu ár kvennaknattspyrnunnar hafi verið mikil þrautaganga. Undirtektir stjórna knattspyrnufélaganna voru blendnar og í sumum tilvikum var þessari nýju grein mætt með fullum fjandskap. Var þá litið svo á að um óþarfa samkeppni væri að ræða um vallarpláss og fjármuni. Þannig var algengt langt fram eftir níunda áratugnum að félög bönnuðu kvennaflokkum að hefja æfingar á grasi jafn snemma og körlunum. Sömu sögu er að segja um umfjöllun fjölmiðla, sem sinntu lengi vel fjórðu deild karla betur en stórleikjum kvennanna.

Í þessu samhengi er athyglisvert að bera saman stöðu fótbolta og handbolta kvenna. Kvennahandbolti hefur alla tíð notið mun meira jafnræðis gagnvart karlaíþróttinni. Þannig hreifst þjóðin með þegar íslensku stúlkurnar urðu Norðurlandameistarar í handknattleik 1964 og Sigríður Sigurðardóttir fékk fullt hús í kjöri Íþróttamanns ársins. Bestu handknattleikskonur landsins máttu snemma heita þjóðkunnir íþróttamenn.

Þennan mun má best skýra með því að bæði kynin hófu að iðka handknattleik um svipað leyti, en þegar kemur að knattspyrnunni má segja að konurnar hafi ruðst inn á svið sem áður var helgað körlum. Fordómarnir í garð kvennaknattspyrnunnar eru því varnarviðbrögð hins ríkjandi valds, á sama hátt og konur hafa fengið að reyna á svo mörgum öðrum sviðum samfélagsins. Í ljósi þessarar forsögu er það enn stórkostlegra afrek hvernig kvennalandsliðinu hefur á liðnum dögum tekist að sameina þjóðina fyrir framan sjónvarpstækin.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að mæta eða drekka

Miklar umræður hafa spunnist um hvort Sigmundur Ernir Rúnarsson hafi verið allsgáður í þrumandi eldræðu sem hann hélt á Alþingi fyrir viku. Sigmundur Ernir neitaði því í fyrstu að hafa bragðað áfengi áður en hann sté í pontu. Í gær játaði hann þó að hafa fengið sér vín með kvöldmatnum en áréttaði að hann hefði ekki kennt áhrifa af borðvíninu. Sigmundur taldi þó ástæðu til að biðjast velvirðingar. „Eftir á að hyggja voru það engu að síður mistök af minni hálfu að mæta í þingið eftir að hafa bragðað áfengi," skrifaði hann á vefsíðu sína í gær. Snýr þingmaðurinn þessu ekki á hvolf? Voru mistökin ekki þau að hann bragðaði áfengi áður en hann mætti á þing frekar en hitt? Kannski bitamunur en ekki fjár. Og þó.

En hvað um hina?

Á vef Alþingis er hægt að horfa á ræðu Sigmundar Ernis umrætt kvöld. Athygli vekur að nær allan tímann sem Sigmundur Ernir var í pontu mátti hann sitja undir frammíköllum utan úr sal sem minntu lítt á siðaða og málefnalega umræðu. Þingmennirnir sem höfðu sig hvað mest í frammi hafa ekki verið sakaðir um að hafa verið ölvaðir. Hvaða afsökun hafa þeir þá?

Bræður í höttum

Fáir íslenskir karlar nú til dags eru svo vörpulegir að þeir komist upp með að ganga með hatt. Sigmundur Ernir er í þeim hópi. Það er Reynir Traustason, ritstjóri DV, líka. Nú eiga þeir hins vegar fleira sameiginlegt: báðir hafa þeir til dæmis komist í hann krappan á þessu ári eftir að hafa gerst sekir um ósannsögli. Sigmundur Ernir sagði fyrst ósatt um hvort hann hefði bragðað áfengi kvöldið umrædda. Reynir reyndi í byrjun árs að skrökva upp á blaðamann sem ljóstraði upp um að Reynir kæfði frétt vegna utanaðkomandi þrýstings. Þingmaðurinn nýtur því kannski ákveðinnar samúðar hjá ritstjóranum, sem veit hvernig er að vera í hans sporum. Að þessu leyti eru þeir undir sama hatti.

bergsteinn@frettabladid.is

Lækningar og saga

Efnahagslíf heimsins hefur löngum markazt af miklum sveiflum. Í Bandaríkjunum gat framleiðsla á mann rokið upp um 10% eitt árið og hrapað um 5-10% önnur ár. Fjármálakreppur skullu á með 20 ára millibili eða þar um bil allar götur frá 1790 til 1929, þegar heimskreppan hélt innreið sína. Landsframleiðsla Bandaríkjanna skrapp saman um þriðjung 1929-33, og atvinnuleysi náði til fjórðungs mannaflans 1933. Evrópu reiddi engu betur af.

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Hagmeinafræði

Sveiflujöfnun

Heimskreppan 1929-39 kallaði á tvíþætt viðbrögð. Í fyrsta lagi hófu stjórnvöld smám saman að beita skipulegum aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum til að jafna hagsveiflur og halda aftur af atvinnuleysi, fyrst í Svíþjóð eftir 1930 og síðan í Bandaríkjunum eftir 1960. Þetta bar tilætlaðan árangur. Hagsveiflur eftir heimsstyrjöldina síðari voru miklum mun mildari en þær höfðu verið fram að stríði. Niðursveiflurnar eftir stríð voru lægðir frekar en kreppur og ollu tiltölulega litlu tjóni. Það stafar einkum af því, að ólíkt heimskreppunni var lægðunum eftir stríð mætt með markvissum gagnráðstöfunum í peningamálum og ríkisfjármálum. Fyrir kreppu voru umsvif ríkisins sáralítil vestra. Eftir stríð jukust ríkisumsvifin með hækkun tekjuskatts, atvinnuleysisbótum og annarri félagsaðstoð, svo að léttari skattbyrði og aukin félagshjálp milduðu sjálfkrafa áhrif skakkafalla á fólk og fyrirtæki.

Fjármálaeftirlit

Meiri stöðugleiki í efnahagslífinu eftir stríð á sér að auki aðra skýringu. Bandaríkjaþing lögfesti 1933 innistæðutryggingar og fjármálaeftirlit til að draga úr líkum annars bankahruns. Roosevelt forseti og þingið skildu, að tryggðir bankar eru hættulegir, þar eð innistæðutryggingin hvetur þá til að taka of mikla áhættu í þeirri lögvörðu von og vissu, að ríkið komi þeim til bjargar, ef í nauðir skyldi reka. Með nýjum lögum (kenndum við þingmennina Glass og Steagall) var reistur traustur eldveggur milli viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi til að firra venjulega viðskiptavini hættunni á að þurfa að axla tap vegna óskylds fjárfestingarbankabrasks. Bankar eru í aðstöðu til að varpa þungum byrðum á saklausa vegfarendur eins og mikill fjöldi innlendra og erlendra viðskiptavina íslenzkra banka hefur nú fengið að reyna á eigin skinni. Þess vegna verða innistæðutryggingar að haldast í hendur við strangt fjármálaeftirlit til að halda bönkum í skefjum. Þetta tókst vel eftir stríð. Fyrsta fjármálakreppan í Bandaríkjunum eftir heimskreppuna skall á 1987, þegar verðmæti hlutabréfa á Wall Street lækkaði um fjórðung, sem nam fjórðungi landsframleiðslunnar, en samt ekki nema 2% af þjóðarauðnum. Seðlabanki Bandaríkjanna veitti þá nýju fé inn í hagkerfið, sem komst fljótlega á réttan kjöl.

Sagan sýnir, að öflugt fjármálaeftirlit ásamt innistæðutryggingum og markviss sveiflujöfnun hafa dugað til að koma í veg fyrir nýja heimskreppu. Hagfræðingar hafa þó sumir lagzt gegn fjármálaeftirliti og sveiflujöfnun meðal annars með þeim rökum, að slíkum afskiptum fylgi hætta á auknum umsvifum ríkisins á kostnað einkaframtaks. Þessi rök gegn sveiflujöfnun náðu ekki eyrum flestra þeirra, sem stýra fjármálum og peningamálum, en rökin gegn fjármálaeftirliti sannfærðu Bandaríkjaþing um, að rétt væri að rífa niður eldvegginn milli viðskiptabanka og fjárfestingarbanka 1999 (með lögum kenndum við þingmennina Gramm, Leach og Bliley). Hefði skilvirk sveiflujöfnun lotið í lægra haldi á vettvangi stjórnmálanna líkt og öflugt fjármálaeftirlit þurfti að víkja, hefði kreppan nú getað snúizt upp í nýja heimskreppu, en svo fór ekki.

Bólusetning

Nú ætla ég einmitt ekki að skipta um umræðuefni. Evrópa og þá einnig Ísland máttu þola síendurteknar farsóttir að minnsta kosti frá Svarta dauða 1347-51 og síendurteknum bólusóttarfaröldrum fram að Spænsku veikinni 1918-20 og berklafaraldrinum, sem náði hámarki hér heima á fjórða áratug síðustu aldar. Norður-Ameríka mátti með líku lagi þola tíða faraldra skæðra smitsjúkdóma frá öndverðu fram að Spænsku veikinni, síðustu farsóttinni, sem herjaði á Bandaríkin, Kanada og Evrópu, þar til alnæmisveiran skaut sér niður um 1980. Frá 1920 hafa Evrópa og Norður-Ameríka verið laus undan oki langdrægra farsótta, ef eyðniveiran ein er undanskilin. Svo er fyrir að þakka skilvirkri bólusetningu og öðrum ónæmisaðgerðum læknisfræðinnar. Bólusetning gegn skæðum sjúkdómum er skylda í sumum löndum, en ekki í öðrum. Skyldubólusetning hefur dregið mjög úr útbreiðslu sumra smitsjúkdóma og upprætt aðra. Samt er enn til fólk, sem berst gegn skyldubólusetningu og ber fyrir sig siðferðissjónarmið, stjórnmál, trú, vísindi og öryggi. Þetta fólk stuðlar ekki að bættri lýðheilsu. Baráttan heldur áfram.

Hagur barnanna er í húfi

UMRÆÐAN
Sóley Tómasdóttir skrifar um frístundaheimili

SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Haustið er komið og grunnskólabörn sest á skólabekk. Rútínan færist yfir – hjá flestum. Enn glíma frístundaheimilin við mönnunar- og húsnæðisvanda sem gerir það að verkum að nokkur fjöldi barna er á biðlista. Þrátt fyrir að staðan á vinnumarkaði hafi gerbreyst frá síðasta ári og heilmikil vinna hafi átt sér stað hjá starfsfólki sviðanna til að fyrirbyggja vandann.

Frá aldamótum hefur metnaðarfullt starfsfólk íþrótta- og tómstundasviðs unnið kraftaverk á sviði frítímaþjónustu fyrir börn í 1.-4. bekk. Frístundaheimilin hafa vaxið og dafnað, innra starf verður stöðugt faglegra og viðfangsefnin fjölbreyttari. Ánægja foreldra og barna hefur aukist jafnt og þétt og samstarf frístundaheimila og skóla fer batnandi.

Framfarirnar eru fyrst og fremst starfsfólki sviðsins að þakka. Umfjöllun um starfið er lítil sem engin á hinum pólitíska vettvangi, þó reglulega sé fylgst með tölum um starfsmannafjölda og biðlista. Pólitískri eftirfylgni með þessu unga en efnilega verkefni borgarinnar hefur verið mjög ábótavant.

Þrátt fyrir að umsóknir hafi borist fyrir ríflega 2.800 börn, sem er 700 umsóknum fleira en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir, enn vanti 70 starfsmenn til að hægt sé að taka á móti öllum börnum og húsnæði hamli inntöku í nokkrum skólum, er frumkvæði af hálfu meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ekkert og fundir hafa ekki verið haldnir nema að beiðni minnihlutans. Skýrsla starfsfólks með tillögum að úrbótum, sem skilað var til borgarstjóra í byrjun júní hefur enn ekki verið kynnt, né heldur hefur verið tekin formleg ákvörðun um að tekið verði á móti öllum þeim sem sótt hafa um.

Afskiptaleysi meirihlutans getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir hag og heilsu fjögurra árganga skólabarna í borginni. Borgarfulltrúar Vinstri grænna munu hér eftir sem hingað til standa með rekstri frístundaheimilanna, þannig að öll börn geti notið þess góða starfs sem þau hafa upp á að bjóða.

Höfundur er borgarfulltrúi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti
Er tímareimin komin á tíma?
Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 50.805 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 40.780 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.870 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

VÉLALAND

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI

ódýrt

OPNUM Í DAG
AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA

1.999 kr.

ÍÞRÓTTAGALLAR FYRIR BÖRN

STÆRÐIR: 2 - 8 ÁRA

5.999 kr.

BARNAÚLPA

STÆRÐIR: 4 - 12 ÁRA

1.499 kr.

HETTUPEYSA

STÆRÐIR: 3 - 10 ÁRA

2.999 kr.

DÖMULEGGINGS

STÆRÐIR: SM/ML

399 kr.

ARMYBUXUR HERRA

STÆRÐIR: S TIL XL

ALLT NÝJAR VÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

3.999 kr.

DÖMUGALLABUXUR

STÆRÐIR: 34 - 42

Aðeins brot af úrvalinu

399 kr.

VETTLINGAR

1.999 kr.

ALADIN BUXUR

3.999 kr.

VELÚRGALLI

2.999 kr.

PILS/JAKKI/BUXUR

STÆRÐIR: 2 - 8 ÁRA

Leggings frá 999 kr
Hettupeysur frá 2490 kr.
Úlpur frá 2990 kr.
Gallabuxur frá 999 kr.

Komdu og gerðu kjarakaup

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gott verð alla daga

FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR

1498

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**

398

KJARNAFÆÐI NÝTT
KJÖTFARS
398 kr./kg.

FERSKUR BÓNU

48

BÓNUS FERSKUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30%

FERSKUR ALI GRÍSABÓGUR

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR **398 kr./kg.**

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR

898

BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **898 kr./kg.**

398

FRICONPAN FROSIN SMÁBRAUÐ
15 STK **398 kr.**

12

129 kr

FANTA 2 l

198

TORTILLA-SNAKK 200g
TVÆR TEG **198 kr.**

98

SVALI 3 FERNUR
EPLA OG APPELSÍNU **98 kr.**

159

TRÓPI 3 FERNUR
EPLA OG APPELSÍNU **159 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gott verð alla daga

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

US KJÚKLINGUR

39

HEILL KJÚKLINGUR
AFSLÁTTUR 489 kr./kg.

798

GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
798 kr./kg.

898

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.

498

GRÍSAVEISLU FERSK GRÍSARIFJASTEIK
498 kr./kg.

898

GRÍSAVEISLU BAYONNE-SKINKA
898 kr./kg

29
. 2 ltr.
tr. 125 kr

259

EUROSHOPPER HAFRAMJÖL
1,5 kg 259 kr.

98

EUROSHOPPER HVEITI
1 kg. 98 kr.

298

EUROSHOPPER KORNFLAKES
750g 298 kr.

198

EUROSHOPPER BABYWIPES
72 stk. 198 kr.

1579

EUROSHOPPER BLEIUR 1579 kr.
MIDI: 56 BLEIUR - MAXI: 50 BLEIUR - JUNIOR: 44 BLEIUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

Stórslys í uppsiglingu á Suðurnesjum

UMRÆÐAN
Alda Sigmundsdóttir skrifar um Hitaveitu Suðurnesja

ALDA SIGMUNDSDÓTTIR

Það er athyglisvert að á þeim tímum sem þjóðin þarf hvað mest á því að halda að glata ekki eigum sínum og auðlindum skuli standa fyrir dyrum í fullri alvöru að selja kanadísku einkafyrirtæki hlut í HS Orku – fyrirtæki sem sér um að veita grunnþjónustu til íbúa á Reykjanesi. Helstu rök þeirra sem vilja selja eru að auðlindirnar séu ekki framseldar til einkaaðila, heldur aðeins eignaréttur í framleiðslufyrirtækinu. Samt sem áður eignast hinn nýi eigandi afnot af auðlindinni til næstu 65 ára, framlengjanlegt til 65 ára í framhaldi af því.

Af þessu tilefni tel ég mig knúna til að vekja athygli á viðbrögðum erlendra aðila við bloggfærslu sem ég skrifaði á ensku um þetta efni á vefsíðu minni www.icelandweatherreport.com. Umrædd bloggfærsla, sem birtist s.l. fimmtudag, hefur þegar þetta er skrifað fengið u.þ.b. 50 athugasemdir og flestar eru þær á einn veg – alvarleg viðvörunarorð til okkar Íslendinga um að láta ekki einkavæða þá mikilvægu grunnþjónustu sem orkuvinnslan er. Þetta fólk talar af eigin reynslu og skilaboðin eru skýr. Alls staðar þar sem þetta hefur verið gert hefur orðið hnignun og arður fyrirtækjanna ekki farið í að bæta þjónustu eða uppbyggingu, heldur til að greiða sem mestan arð til eigendanna. Aðaleinkennið er hækkun gjaldskrár – mun dýrari þjónusta til þess að standa undir arðgreiðslum á meðan viðhald á grunnvirkjunum er vanrækt.

Ég vil vitna hér í nokkrar af þeim athugasemdum sem hafa borist. Lesandi sem kallar sig Koster og er búsettur á Íslandi segir: „Ein ástæðan fyrir því að við fluttum til Íslands var vegna orkunnar og jarðhitans. Þegar við bjuggum í Alberta, Kanada, stað sem er mjög hallur undir einkavæðingu, var hitareikningurinn kominn úr öllum böndum, og var oft hærri en afborganir okkar af húsnæðislánum á veturna. Á veturna, og það er kalt í Kanada, hafa margir ekki efni á að halda húsnæði sínu við þokkalegt hitastig, sem veldur margvíslegum vandamálum. Það er þetta sem gerist þegar einkafyrirtæki leitar leiða til að græða á grunnþörfum.“

Þjóðverji einn skrifar: „Reynsla okkar í Þýskalandi er að einkavæðing veitufyrirtækja, sérstaklega orkufyrirtækja, hefur leitt til hærri verðskrár og verri þjónustu. Þar sem hagnaður er aðalmarkmiðið er þeim þáttum sem krefjast útgjalda, svo sem viðhaldi á grunnvirkjum, t.d. rafmagnslínum, almennt ekki sinnt.“

Lesandi sem kallar sig D_Boone tekur undir ofangreint sjónarmið og skrifar: „Þetta kemur fullkomlega heim og saman við það sem hefur gerst í Nýja Sjálandi á síðasta áratug, eftir að rafveitumarkaðurinn var gefinn frjáls. En ekki trúa mér: ‚gúglaðu‘ þetta og þú munt finna dæmi um okur, rafmagnsskort, ónæga fjárfestingu í grunnvirkjum og jafnvel markaðsmisnotkun.“

Annar lesandi, Lee, vekur athygli á því sem gæti gerst á þeim 130 árum sem afnot af auðlind okkar Íslendinga er í annarra höndum: „130 ár ... á þeim tíma mun HS Orka hafa skipt um eigendur 17 sinnum, mun hafa verið endurþjóðnýtt 4 sinnum á 12 samdráttartímabilum, endureinkavædd 5 sinnum, veðsett 3 sinnum í 6 hagvaxtarbólum, og eignir þess gerðar upptækar tvisvar í 3 styrjöldum.“

Í stuttu máli birtist hér ógnvekjandi framtíðarsýn, svo ekki sé meira sagt. Ég tel óhætt að fullyrða að það yrði stórslys ef þessi misráðna einkavæðing yrði að veruleika. Jarðorka okkar Íslendinga er dýrmæt auðlind sem með tímanum mun aðeins verða verðmætari – eins og þeir sem sóst hafa eftir að eignast orkufyrirtækin á síðustu árum vita vel. Á þessum örlagatímum er allt í húfi – ekki síst að halda eftir þeim náttúruverðmætum sem við eigum. Við eigum að leita allra leiða til að halda HS Orku undir stjórn hins opinbera og krefjast þess af okkar stjórnmálamönnum að þeir beiti sér fyrir því.

Að lokum hvet ég alla til að lesa athugasemdirnar við umræddа bloggfærslu á slóðinni: http://tinyurl.com/muy9sp

Höfundur er þýðandi og bloggar á www.icelandweatherreport.com.

DALE CARNEGIE
FYRIR UNGT FÓLK

Næstu námskeið hefjast:
Miðvikudaginn 16. september 16-20 ára
Mánudaginn 21. september 13-15 ára
Þriðjudaginn 22. september 21-25 ára

Kynningarfundur verður haldinn
Fimmtudaginn 27. ágúst,
13-15 ára kl. 19.00
16-25 ára kl. 20.00
að Ármúla 11, 3. hæð

Æskilegt að foreldrar mæti með þeim sem fara á námskeið fyrir 13-15 ára

www.naestakynslod.is
Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð

Vilt þú...
...vera einbeittari í námi?
...geta staðið þig vel í vinnu?
...vera jákvæðari?
...eiga auðveldara með að eignast vini?
...vera sáttari við sjálfan þig

næsta kynslóð

Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina

Ábyrg efnanotkun

UMRÆÐAN
Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir skrifar um efnanotkun

BERGÞÓRA HLÍÐKVIST SKÚLADÓTTIR

Efnaframleiðsla í heiminum hefur 400-faldast síðan 1930 og fer enn vaxandi. Afleiðingin er sú að allt í kringum okkur má finna margvísleg efni og efnasambönd sem geta borist í jarðveg, vatn og jafnvel safnast fyrir í mönnum og dýrum. Efni geta haft hættulega eiginleika, verið ertandi, ætandi og jafnvel eitruð og sýnt hefur verið fram á tengsl ýmissa efna við ákveðna sjúkdóma. Ríflega 100.000 efni og efnasambönd eru á markaði í dag og meirihluti þeirra hefur ekki þurft að fara í gegnum áhættumat. Til að bæta úr þessu hefur ný reglugerð, sem kallast REACH verið innleidd á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Hún tók gildi á Íslandi þann 6. júní 2008.

REACH er markvisst eftirlitskerfi fyrir efni og efnavörur. Meginmarkmiðið er að vernda heilsu manna og umhverfi, liðka fyrir samkeppni í efnaiðnaði og efla þróun nýrra efna innan EES. Takmarkið er metnaðarfullt: Að hafa eftirlit með nýjum efnum og sannreyna öryggi efna sem eru nú þegar á markaði. Reglugerðin umbyltir efnavörumarkaði innan EES því við innleiðingu hennar fluttist ábyrgð á áhættumati efna frá yfirvöldum yfir á framleiðendur þeirra og innflytjendur.

REACH nær til allra efna, með ákveðnum undantekningum þó, sem framleidd eru eða flutt inn á EES í meira magni en sem nemur einu tonni á ári. REACH nær bæði til efna í iðnaðarferlum og efna sem eru í kringum okkur frá degi til dags eins og t.d. í málningu, húsgögnum og raftækjum.

Við áhættumat á efnum er mikið lagt upp úr samnýtingu upplýsinga til þess að koma í veg fyrir óþarfa endurtekningar á tilraunum og þá sérstaklega dýratilraunum. Því eru myndaðir upplýsingahópar (SIEF) um hvert efni þar sem upplýsingum er miðlað og kostnaði dreift.

Það er stórt og viðamikið verkefni að ná utan um öll efni á markaði innan EES. Fyrsta skrefið var svokölluð forskráning efna sem lauk 1. desember 2008. Fyrirtæki sem ekki forskráðu skráningarskyld efni mega ekki hafa efni sín á markaði fyrr en fullnaðarskráningu er lokið og skráningargjald greitt. Næsta skref er þátttaka í upplýsingahópum og er mikilvægt að fyrirtæki hefji þá vinnu sem allra fyrst til þess að lenda ekki í tímaþröng með skráningu.

Öllum nýjum reglum þarf að fylgja eftir og kanna hvort eftir þeim sé farið. Fyrsta samræmda eftirlitsverkefni REACH undir stjórn Efnastofnunar Evrópu verður unnið á þessu ári. Eftirlitsaðilar í hverju landi fyrir sig munu kanna forskráningu og skráningu efna hjá fyrirtækjum og hvort öryggisblöð fylgi þeim efnum þar sem þess er krafist. Eftirlit með REACH hér á landi er í umsjón Umhverfisstofnunar, sem fer einnig með framkvæmd þess, ásamt heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Markmið REACH er að vernda heilsu okkar og umhverfi. Forsenda þess að það takist er að skráning efna gangi vel. Því er mikilvægt að framleiðendur og innflytjendur skrái efni sín og efnavörur. Það er í hag fyrirtækja, sem ábyrgra þátttakenda í samfélagi okkar allra, að sýna fram á að vörur þeirra uppfylli öryggiskröfur.

Frekari upplýsingar um REACH má finna á umhverfisstofnun.is.

Höfundur er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Erlent fjármagn - já takk

UMRÆÐAN
Magnús Orri Schram skrifar um Hitaveitu Suðurnesja

MAGNÚS ORRI SCHRAM

Kanadískt fyrirtæki Magma Energy hefur hug á að eignast 43% hlut til HS Orku. Sorgarsaga málsins nær allt til ársins 2006 þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks veitti heimild fyrir sölu á 16% hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja (HS). Þrátt fyrir að auðlindirnar sjálfar væru þá í eigu fyrirtækisins, tryggði áðurnefnd ríkisstjórn að 16% hluturinn mætti ekki komast í hendur opinberra aðila. Þar með hófst einkavæðingarferli auðlinda hér á landi.

Með breytingu á lögum í júní 2008 var reynt að tryggja að slíkt gæti ekki gerst aftur, þ.e. að auðlindirnar gætu með einhverjum hætti komist í minni- eða meirihlutaeigu einkaaðila. Þá var orkufyrirtækjum skipt í tvo hluta, annars vegar veitufyrirtæki – sem sér um sölu orkunnar til almennings og hins vegar framleiðslufyrirtæki sem sér um orkuvinnsluna. Aukinheldur tryggði lagasetningin að auðlindirnar stæðu fyrir utan þessa skiptingu, og yrðu ætíð í eigu almennings, rétt eins og meirihluti veituhlutans. Hins vegar opnaði lagasetningin á að framleiðslufyrirtækin sem standa í fjárfrekum framkvæmdum og eru í samkeppnisrekstri, gætu verið í eigu einkaaðila. Var slíkt í anda EES samningsins enda erfitt að hindra aðkomu einkaaðila að samkeppnisrekstri.

Lögin heimiluðu ennfremur opinberum aðilum að framselja afnotarétt af auðlindinni til allt að 65 ára í senn og að handhafi tímabundins afnotaréttar ætti möguleika á viðræðum um framlengingu þegar helmingur umsamins tíma er liðinn.

Eigandi jarðhitaauðlindanna á Reykjanesi – Reykjanesbær hefur nú gengið frá samningi við HS Orku um þennan afnotarétt og gengur sá samningur alveg útá ystu nöf – ef hann er ekki beinlínis ólöglegur.

Þar er HS Orku tryggður réttur til framlengingar afnotasamnings 65 ár til viðbótar – eða 130 ár alls. Að mínu mati hafa Reyknesingar farið þvert á anda laganna með þessu ákvæði og því réttast að endurskoða samninginn.

Ég tel hins vegar rangt að ríkið eigi að stíga inn í kaup Magma og hindra þannig söluna. Um er að ræða 12,2 milljarða króna og framundan er svo milljarða fjárfesting á svæðinu. Ríkið á ekki þá fjármuni til reiðu og ef þeir væru til reiðu, ætti frekar að nýta þá til fjárfestinga í orkuiðnaði, heldur en til að taka yfir kaup á hlutabréfum. Framundan er erfiður vetur, niðurskurðar á fjárlögum upp á milljarðatugi og væri nær að fagna þeirri innspýtingu inn í okkar efnahagslíf sem aðkoma Magma er. Við megum ekki gleyma því að ef við ætlum að hindra erlent eignarhald, þá þurfa fyrirtækin að leita eftir erlendu lánsfé til uppbyggingar. Við núverandi lánshæfismat og himinháar vaxtagreiðslur væri slíkt óráð.

Eignarhald opinberra aðila á auðlindum okkar er mikið hagsmunamál og ber að tryggja. Samningar með einhliða framlengingu til 130 ára og lágmarks afnotagjaldi eru þess vegna vondir samningar. Þess vegna eiga stjórnvöld að skoða hvort áðurnefndir samningar standist nánari skoðun. Það er mér til efs.

Það væri ekki gott skref ef stjórnvöld hindruðu kaup erlendra aðila á HS Orku. Stjórnvöld hafa betri not fyrir tólf þúsund milljónir. Skynsamlega nýtingu auðlinda í þágu almennings á að tryggja með öðrum hætti.

Höfundur er alþingismaður.

HÁRSPANGIR eru það heitasta í dag, vilja tísku-spekúlantar meina. Ástæðan er sú að Victoria Beckham skrýðist fjölbreyttum hárspöngum þessa dagana og hún veit, jú, sínu viti um strauma og stefnur.

Sölufulltrúi **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

Írisi finnst gaman að fara í litríka sokka eða sokkabuxur til að lífga upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gekk með pils á haus

Íris Hrannardóttir hefur lengi haft áhuga á tísku og ákvað í vor að fara að læra hönnun eftir stúdentsprófið. Um tveggja ára aldur var hún farin að velja fötin sín sjálf og í dag gengur hún í kvenlegum fötum.

„Ég er í kjól sem ég og mamma hönnuðum en hún saumaði. Þetta er útskriftarkjóllinn minn," segir Íris Hrannardóttir, sem útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands í vor og hóf fyrir stuttu nám við hönnunardeild í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

„Kjóllinn getur bæði verið einfaldur og fínn," segir Íris og bætir við að þær mæðgur hafi haft það að leiðarljósi að hann nýttist oftar en við útskriftina. „Við keyptum efni sem má þvo og lítur út eins og hrásilki en er það ekki. Ég vildi gera eitthvað sem ég gæti notað aftur," útskýrir Íris sem þó hefur ekki notað hann oft því hún hefur eytt sumrinu í Flatey hjá ömmu sinni og afa.

Íris segist hafa mikinn áhuga á tísku og að þess vegna hafi hún ákveðið að fara í hönnunarnám eftir stúdentspróf. „Mig hefur alltaf langað að læra eitthvað hönnunartengt. Mér líst mjög vel á þetta, það er þessa tvo tíma sem ég er búin að fara í," segir Íris brosandi. „Mér finnst svo gaman að sauma og búa eitthvað til."

Tískuáhuginn birtist snemma hjá Írisi. „Ég valdi til dæmis á mig fötin sjálf frá því að ég var um tveggja ára. Ég tók tímabil þar sem ég gekk um með pils á hausnum og önnur þar sem ég var alltaf í kjólum," upplýsir Íris og heldur áfram: „Mamma hætti að klæða mig þegar ég var fimm ára. Hún var hætt að þora að kaupa á mig föt nema ég veldi þau."

Aðspurð segir Íris áhugann á tísku hafa þróast. „Núna skoða ég mikið af tískublöðum og hugsa um tísku. Ég velti því til dæmis fyrir mér hvar eitthvað byrjaði eins og hjá hvaða hönnuðum," segir Íris.

Hvernig lýsirðu stíl þínum? „Ég myndi segja að hann væri kvenlegur. Ég er mikið í peysum, kjólum og pilsum og er eiginlega alltaf í háum hælum. Mér finnst mjög gaman að vera í lituðum sokkabuxum sem lífga upp á. Svo er ég skófíkill," fullyrðir Íris sem veit ekki nákvæmlega hversu margir skór leynast í fataskápnum.

martaf@frettabladid.is

Rope Yoga
námskeið hefjast
31. ágúst

Við bjóðum upp á átta byrjendanámskeið, eitt lyftingarnámskeið og ástundunartímarnir verða áfram eins og áður.



Elín Sigurðardóttir
Rope Yoga Meistarakennari
Íþróttafræðingur

Rope Yoga • elin.is • Bæjarhrauni 2 • Hfj. • Sími: 696 4419

VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ
DALVEGI 16a

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðuþurrkublöð, ljósaperur ofl.

Shell
HELIX

Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

TÍSKA

KANYE WEST, tónlistarmaðurinn víðfrægi, sagði í nýlegu viðtali frá því að hann hefði ávallt haldið mikið upp á töskurnar frá Louis Vuitton. Hann hefði dreymt um að geta keypt töskur í merkinu og raðað þeim í kringum húsið sitt.



FLOTT Í HAUST...
með Slendertone
dömu/herra belti

System kr. 33.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
Flex kr. 22.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Svart, hvítt og fölbleikt

Fjöldi ástralskra tískuhönnuða sýndi á Rosemount Syndey-tískuhátíðinni á dögunum. Þeirra á meðal var Alex Perry sem hefur meðal annars unnið sér til frægðar að vera dómari í áströlsku útgáfunni af Next top model.

Svartir og hvítir kjólar voru áberandi í tískusýningu Alex Perry á síðasta degi Rosemount Sydney 2009-tískuhátíðarinnar. Þar gat að líta bæði íburðarmikla síðkjóla og örstutta kjóla. Alex Perry er vel þekktur í heimalandinu fyrir hönnun sína á kvenfatnaði.

Toppfyrirsætur á borð við Elle MacPherson, Lindu Evangelistu og Claudiu Schiffer hafa klæðst fatnaði Perrys á rauða dreglinum og dívur eins og Jennifer Lopez og Nelly Furtado hafa notað kjóla Perrys á sviði. Nokkuð hefur borið á Perry í áströlsku sjónvarpi en þekktastur er hann fyrir að vera dómari í áströlsku útgáfu Next top model.

solveig@frettabladid.is

Einstaka litur slæddist inn í sýningu Perrys og ber þar helst að nefna fölbleikan.

Glansandi glimmerdragt.

Stuttir kjólar voru áberandi í línu Perrys.

Íburðarmikill kjóll sem líklega myndi líkjast brúðarkjól væri hann hvítur.

Stuttur hvítur kjóll sem minnir helst á fallegan svan.

Flexitol Heel Balm
NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol
Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

OPRUH-HALDARANIR KOMNIR!

Verð 6990,-
Ynja undirfataverslun
Hamraborg 20 Kópavogi
ynja.is • NANA Hólagarði

ALLT HEILSA
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María
512 5473

Ögrandi og áberandi

Hlébarðamunstur verður áberandi í vetur.

Hlébarðamunstur mun gera vart við sig í tískuvöruverslunum í vetur en það nær útbreiðslu með reglulegu millibili. Það eru þó ekki allar konur sem láta verða af því að kaupa sér föt með slíku munstri, þó að það kitli, enda þykir það ögrandi og er fyrir fram ljóst að fötin munu ekki fara fram hjá neinum.

Ýmislegt er þó hægt að gera til að munstrið fari vel og er lykilatriði að velja aðeins eitt hlébarðaplagg og halda öðrum fötum og fylgihlutum einföldum. Hlébarðaskyrta við svartar leggings með svörtu belti í mittið er til dæmis skotheld og að sama skapi hlébarðapils við einlitan bol. Síðan má alltaf fjárfesta í fylgihlutum með hlébarðamunstri en fullyrða má að þá dagi ekki uppi inni í skáp enda stingur munstrið sér alltaf niður aftur.

Á Mercedes-Benz tískusýningunni sem haldin var í Ástralíu fyrir skemmstu mátti sjá hvernig hönnuðurinn Lisa Ho útfærir munstrið.

- ve

Hlébarðabuxur eða pils fara vel við einlitan bol eða blússu.

Til að munstrið fari vel er mikilvægt að velja einungis eitt hlébarðaplagg og halda öðrum fötum og fylgihlutum einföldum.

NORDICPHOTOS/GETTY

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
VÍSIR.IS

MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR
MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

FRÉTTABLAÐIÐ

Gallabuxur

Sérblað um gallabuxur, fimmtudagur 27. ágúst 2009

Levi's 511.04.55

Stærðir: 28-36

Þvottar: 6 litir í boði

Snið: Slim fit, frekar lág íseta, þröngar niður.

Herrasnið

Levi's 501.06.05

Stærðir: 28-36 (3 litir koma upp í st. 42)

Þvottar: 7 litir í boði
Snið: Beint snið, há íseta, unisex.

Herrasnið

Levi's 10529.00.02

Stærðir: 26-34

Þvottar: 5 litir í boði

Snið: Bootcut, frekar há íseta, beinar frá hné að kálfa, víðar yfir skóinn.

Dömusnið

Levi's 603.00.39

Stærðir: 25-32

Þvottar: 3 litir í boði

Snið: Slimfit lág íseta, þröngar niður.

Dömusnið

LEVI STRAUSS & CO.

KYNNING

Svart snýr aftur hjá Levi‘s

„Línan frá Levi‘s í haust er mjög dökk. Þetta rifna og þetta „vintage-look“ er að sjálfsögðu líka mjög heitt þessa dagana og verður áfram,“ segir Lilja Bjarnadóttir sem rekur Levi‘s-verslanirnar á Íslandi.

Lilja Bjarnadóttir og Levi's kynna nýja haust- og vetrarlínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hjá okkur eru til nokkur rifin snið, til dæmis 603, 501 og fleiri. Það munu bætast fleiri snið við þessa rifnu línu og þær verða þá ljósari. Það er auðvitað allt í tísku en þetta er svona það heitasta frá Levi‘s.“

Það sem Levi‘s hefur verið þekkt fyrir í gegnum árin er hið fræga 501-snið frá 1873. „Þó svo að það sé sagt að 501-sniðið sé alltaf eins þá hefur því verið breytt 33 sinnum á þessu tímabili. Er 501 alltaf breytt í takt við tíðarandann en er að sjálfsögðu klassískt snið og höfðar til allra aldurshópa. Svo erum við með 603 fyrir konur sem er aðalsniðið í kvenlínunni hjá Levi‘s. Það er lágt snið í mittið en samt eru þær þægilegar. Þær eru mjög þröngar niður og flottar við stígvél. Þær fást með mörgum mismunandi áferðum hjá okkur. Síðan erum við með 10529 sem eru aðeins hærri í mittið í svokölluðu „boot-cut“ sniði, þær eru beinar niður en aðeins víðari yfir skóinn. Það er snið sem hentar mjög mörgum konum og kemur í ýmsum stærðum, allt frá 26 upp í 36. Er 603 mest selda kvensniðið hjá Levi‘s í Skandinavíu og hefur selst gríðarlega vel á Íslandi.“

Karlarnir velja bein þröng snið. „Í karlalínunni hefur 511 verið mjög vinsælt sem og 504 sem er beint snið; 511 er til í mörgum litum, sérstaklega í dökkum tónum, svörtu og gráu. Það er frekar lágt snið í mittið, er með lága rassvasa og þröngt niður. Svo eru smám saman að koma aftur „boot-cut“ og útvíðar buxur, það gerist rólega bara. Þannig að það er þröngt og svart og svo rifið og ljóst í anda kreppunnar í vetur.“

Árið 1997 fann Levi Strauss & Co par af 501-gallabuxum frá árinu 1890 og keypti þær fyrir tuttugu og fimm þúsund dollara.

Grunnskóla-bekkir í 501

Hið vinsæla „501“-snið Levi´s gallabuxna varð afar vinsælt á Íslandi í kringum 1990 en þá voru heilu bekkirnir í grunnskólum allir klæddir í slíkar buxur og þá karlmannssniðið – hvort sem um stelpur eða stráka var að ræða. Gallabuxurnar „501“ má rekja allt aftur til ársins 1890 en sniðið hefur þó breyst nokkrum sinnum síðan þá, sérstaklega á árum síðari heimsstyrjaldar. Einhverra hluta vegna náði kvenmanns-snið buxnanna ekki sömu vinsældum hér á landi og karlmannssniðið sem er fremur beint. Enginn veit af hverju númerið 501 var valið en í byrjun gallabuxnaiðnaðar Levi´s voru einnig framleiddar buxur sem var gefið númerið 201. - jma

● **UMDEILDAR BRÆKUR** Gallabuxur sem sitja lágt, stundum kallaðar mjaðmabuxur, urðu afar vinsælar í kringum árið 2000 þrátt fyrir að hafa verið á markaði allt frá árinu 1960. Reglan með buxur af þessu tagi er að þær eiga ekki að ná hærra en um 8 sentimetrum neðan við nafla.

Gallabuxurnar ollu talsverðum usla þegar þær urðu vinsælar enda glittir gjarnan í nærföt þeirra sem buxunum klæðast við setu og mátti gjarnan sjá g-strengi gægjast upp fyrir gallabuxurnar.

Þannig eru nokkrir skólar í Bandaríkjunum sem banna nemendum að klæðast lágum gallabuxum.

● **HVÍTAR GALLABUXUR Á HEITARI ÁRSTÍÐUM** Hvítar gallabuxur voru áberandi á tískudrósum 7. áratugarins en svartur eyeliner, hvítar gallabuxur og rúllukragabolur var eitt af því sem hver kona varð að eiga á þeim tíma. Hvítar gallabuxur eru alltaf vinsælar á vorin og voru afar vinsælar í kringum 1992. Angelina Jolie er ein af þeim sem klæðist reglulega hvítum gallabuxum en hún og eiginmaðurinn Brad Pitt eru þekkt „gallabuxnahjón“ í Hollywood. Hvítar gallabuxur fengust fyrst á Íslandi í kringum 1967 og voru þá meðal annars seldar í versluninni Geysi. - jma

Náðu vinsældum í seinna stríði

Gallabuxur, þessar klassísku bláu, náðu heimsvinsældum í síðari heimsstyrjöldinni. Árið 1942 er þeirra fyrst getið í íslenskum dagblöðum en þann 13. ágúst það sama ár auglýsir Indriðabúð, sem þá var að Þingholtsstræti 15, gallabuxur á börn á átta krónur og fimmtíu aura.

Fyrstu árin voru gallabuxur mikið keyptar á börn en á sjötta áratugnum stórjukust vinsældir þeirra hérlendis og þá fyrst og fremst meðal karlmanna. Þó fengust einnig gallabuxur á konur og til að mynda auglýsti Varðan á Laugavegi gallabuxur á konur til sölu árið 1956 og gallabuxur „með smekk“ á stelpur en smekkbuxur úr gallaefni nutu mikilla vinsælda á þessum árum. *- jma*

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/365

Gallabuxur náðu fyrst vinsældum sem barnafatnaður á Íslandi.

KYNNING

Þorvaldur segir margt í gangi í tískunni. Hann ráðleggur fólki umfram allt að velja gallabuxur og önnur föt sem fara því vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allt frá niðurmjóu yfir í útvítt og ljósu í dökkt

G-Star hefur náð mikilli útbreiðslu á undanförnum árum og eru nú í kringum 160 slíkar verslanir víðs vegar um heiminn.

Tískuvöruframleiðandinn G-Star, sem upphaflega fékkst eingöngu við gallabuxnaframleiðslu, stendur á tímamótum en fyrirtækið var stofnað í Hollandi árið 1989 og er því tuttugu ára á árinu. Í dag býður framleiðandinn upp á heildstæða fatalínu fyrir konur jafnt sem karla.

„Til að byrja með voru G-Star-vörurnar inni í öðrum verslunum en fyrir tæpum sjö árum síðan ákváðu framleiðendurnir að opna eigin verslanir og hafa þær náð mikilli útbreiðslu,“ segir Þorvaldur Skúlason framkvæmdastjóri G-Star á Laugavegi sem var opnuð árið 2006.

„Ég hugsa að það séu í kringum 160 G-Star-verslanir um allan heim, þar á meðal í New York, London, Ósló, Stokkhólmi, Kaupmannhöfn, Tókýó og Hong Kong.

Í G-Star er að sögn Þorvaldar að finna vandaðan fatnað. „Við státum af breiðu vöruúrvali og erum með tæplega 50 mismunandi gallabuxnasnið fyrir konur og karla sem eru allt frá því að vera þröng og yfir í útvíð. Þá erum við með peysur, yfirhafnir, skyrtur, boli, sokka og nærföt á dömur og herra auk þess sem við eigum von á skólínu eftir áramót.“

Þorvaldur segir nokkuð vandasamt að nefna helstu áherslur í vetur enda sé margt í gangi. „Ég bendi fólki alltaf á að velja þau föt sem klæðir það best en ef ég ætti að nefna eitthvað þá hefur fjólublái liturinn verið nokkuð heitur auk þess sem ljósari gallabuxur eru að koma inn. Þessar dökku standa þó ávallt fyrir sínu en G-Star ruddi einmitt brautina með svarbláar gallabuxur sem hafa átt miklum vinsældum að fagna en upp á ensku heita þær ýmist Crushed Black eða Crushed Blue. Þá erum við með síðar jakkapeysur á karla og Arc Loose-gallabuxur á konur sem eru lausar en samt niðurmjóar en að auki hafa beinu sniðin vera að sækja á.“

Að sögn Þorvaldar hefur óhagstætt gengi krónunnar leitt til þess að fötin hafa hækkað í verði en þó sé verðið hagstæðara hér heima en til að mynda í New York, Kaupmannahöfn og London. „Viðskipti við erlenda ferðamenn hafa því aukist en auk þess höfum við reynt að fara skynsamlega í þetta og draga úr álagningu eins og kostur er.“

G-STAR RAW

Royce skinny Wmn
Stærðir: **24-33**
Þvottar: **4 litir í boði**
Snið: **Klassískt G-star snið, niðurþröngar.**
Dömusnið

Arc loose Tapered Wmn
Stærðir: **24-33**
Þvottar: **einn litur í boði**
Snið: **3D “effect” snið, laust að ofanverðu en örlítið niðurþröngar.**
Dömusnið

Blade pant slim
Stærðir: **27-36**
Þvottar: **tveir litir í boði**
Snið: **Niðurþröngar, lág íseta, þröngt snið.**
Herrasnið

Men Jack pant.
Stærðir: **28-36**
Þvottar: **þrír litir í boði**
Snið: **Straight fit, milli há íseta, þrengjast aðeins niður við hné.**
Herrasnið

G-STAR RAW

G-STAR RAW

G-Star
Corvet skinny
Stærðir: **24–33**
Þvottar: **þrír litir í boði**
Snið: **Slim fit, frekar lág íseta, þröngar niður.**
Dömusnið

DIESEL

Diesel
Hush DS 772
Stærðir: **24-34**
Þvottar: **ljósblár**
Snið: **Regular fit, milli há íseta, beinar niður.**
Dömusnið

DRDENIM JEANSMAKERS
A MATTER OF LIFE AND DENIM

Dr. Denim
Mouser
Stærðir: **24-33**
Þvottar: **tveir litir í boði**
Snið: **Slim fit, há íseta, þröngar niður.**
Dömusnið

DIESEL

Diesel
Livy 8WD
stærðir: **24-32**
Þvottur: **Ljósblár**
Snið: **Slim fit, milli há íseta, þröngar niður.**
Dömusnið

KYNNING

Inga Rósa (fremst) segir rokkaðar, götóttar og tættar gallabuxur vinsælar í dag.

„Við erum líka búin að ná það mikilli breidd í verði að við erum komin með allan aldur í gallabuxurnar okkar," segir Inga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Snöggar að fara út og ná í nýjustu línurnar

Klóraðir og bláir þvottar, svartar og vaxsvartar gallabuxur eru vinsælar í dag, segir Inga Rósa Harðardóttir hjá NTC.

„Núna eru að koma mikið rokkaðar, götóttar og tættar gallabuxur," segir Inga Rósa Harðardóttir, rekstrarstjóri dömudeildar NTC. „Niðurþröngar eru enn þá mjög vinsælar."

Inga segir hermannatísku vera vinsæla í vetur ásamt hinni rokkuðu. „Við erum líka búin að ná það mikilli breidd í verði að við erum komin með allan aldur í gallabuxurnar okkar," segir Inga og bætir við að gott sé að fá gallabuxurnar inn aftur en að hennar sögn hafa þær verið of lengi í dvala.

Hvernig eru þvottarnir á gallabuxum í dag? „Það eru klóraðir þvottar, gráar, svartar gallabuxur og vaxsvartar halda áfram," upplýsir Inga sem segir að ljósbláar gallabuxur hafi líka verið mjög vinsælar. „Eiginlega eru allir bláir þvottar inni núna. Það er næstum allt í tísku og því er gott að fá gallabuxur aftur inn."

Hjá dömudeild NTC má finna nokkur gallabuxnamerki, meðal annars Diesel, G-Star, Dr. Denim, Hua, Sisters point og Miss sixties. „Við erum með Dr. Denim sem er að koma sterkt inn hjá okkur á milliverði. Þær geta líka verið háar upp og fóru að stimpla sig inn fyrir eldri konur í vor. Við erum með merkið Hua sem er í ódýrari kantinum og Sisters point sem eru meira með gallaleggings en eru að koma með gallabuxur núna."

Inga segir að nú með haustinu sé stærsta vertíð íslensku þjóðarinnar í fatainnkaupum að hefjast. „Nú er hægt að fara að kaupa föt sem virka allan ársins hring. Við hjá NTC erum snöggar að fara út og ná í það nýjasta, bæði í París og London þannig að við erum alltaf að fá eitthvað nýtt inn."

Endurunnar í einangrun húsa

Búin að fá nóg af gömlu gallabuxunum? Hvað ef þær nýttust einhverjum öðrum, til dæmis í húsið þeirra? National Geographic Kids setti heimsmet í fatasöfnun til endurvinnslu þegar tímaritið styrkti verkefnið From Blue to Green um rúmar 30 þúsund gallabuxur. Buxunum er breytt í náttúrulega bómullareinangrun í hús á stöðum þar sem fellibyljir, flóð og ofsaveður hafa lagt byggð í eyði.

Buxurnar verða nýttar í yfir sextíu ný heimili og halda því fólki hlýju að nýju. Einn níu ára strákur safnaði 1.600 buxum til styrktar verkefninu, sem honum þótti gáfulegra en ef þær færu allar á haugana. From Blue to Green hefur verið starfrækt frá 2006 og skilaði verkefnið til að mynda 30 nýjum heimilum árið 2007 eftir eyðileggingu fellibyljarins Katrínar.

Erek Hansen, níu ára drengur sem tók þátt í fatasöfnun National Geographic, er hér með buxur sem leikarinn Ben Stiller gaf í söfnunina.

reykjavík jazz

20 ár / 20 dagar

13. ágúst - 1. september 2009

www.reykjavikjazz.is

DAGSKRÁ 27. ÁGÚST – 1. SEPTEMBER

27

18.00 Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús

History of Jazz in Iceland -
In english with recorded samples.

20.00 Kjarvalsstaðir

Gó! Gó! Gó! Tangó! Olivier Manoury þenur argentínsku teygjuskjóðuna í íslenskum vinahópi. Óskar Guðjónsson og Ife Tolentino taka lagið.
Olivier Manoury and friends.
Ife Tolentino and Óskar Guðjónsson also contribute a few numbers.

21.00 Rósenberg

Maciej Fortuna og Stefan Weeke duet
Trumpet/bass duo.
Narodna Muzika - Haukur Gröndal og draumasveit hans, útgáfutónleikar.
Release concert with balkanband Narodna Muzika.

22.30 Kúltúra/Múlinn

Smásveit Reykjavíkur -
Reyjavik Big Band rhythm section and soloists.

28

16.13 Rúv 1 - live

Bein jazzútsending úr Útvarpshúsinu Efstaleiti 1.
Live Jazz on Rúv 1 -FM 93.5
Open house at Efstaleiti 1.

20.00 Norræna Húsið

Árni Heiðar Karlsson píanóleikari fagnar nýútkominni plötu sinni - Mæri.
Pianist Árni Heidar Karlsson celebrates his new release – Boundaries.
HDV trio. Austurríska píanótríóið.
Austrian piano trio. Musically celebrating personlaities of the 20. century.

22.00 Iðnó

Tropicalia, Bossa Nova og Salsaball í stóra salnum og Tangóball á efri hæðinni
Tropicalia, Bossa Nova and Salsa. Latin american music and dance.
Í samvinnu við TANGO on ICEland
Details: www.reykjavikjazz.is

29

15.00 Kjarvalsstaðir

Leifur Gunnarsson og hljómsveit.
Contrabassist Leifur leads a band through his own compositions.
Skver: Gítarleikarinn Steinar Guðjónsson leikur eigin tónlist ásamt hljómsveit.
Guitarist Steinar Guðjónsson plays originals with his band.

20.00 Nasa

Norski trompetleikarinn Arve Henriksen og elektróníkerinn Jan Bang ásamt söngkonunni Anna Maria Friman.
Norwegian trumpeter Arve Henriksen and electronics master Jan Bang featuring singer Anna Maria Friman

22.00 Nasa

Varp. Íslenskur verðlaunajazz með Jóel Pálssyni. Icelandic award winning jazz saxophonist Joel Palsson.
Narodna Muzika. Balkanskt brjálæði.
Quirky Balkan melodies at impossible tempos.
Jagúar = stuð! If you don't know, Jaguar are known for getting the n out of funk!

30

12.00 Dill Restaurant

Hádegisjazz
Live Jazz at Noon

17.00 Basil og Lime

Síðdegisjazz í tjaldinu hjá Basil og Lime Klapparstíg
Afternoon jazz at Basil and Lime Restaurant.

16.00 Norræna Húsið

Píanó einsamalt! Úrval íslenskra jazzpíanista. Agnar Már Magnússon, Davíð Þór Jónsson, Eyþór Gunnarsson og Sunna Gunnlaugsdóttir
Piano only! Iceland's finest jazz pianists.

21.00 Rósenberg

Stórsveit Reykjavíkur leikur tónlist eftir Toshiko Akyoshi.
The Reykjavik Big Band plays the music of Toshiko Akiyoshi. Össur Geirsson stjórnar/directs

23.00 Múlinn

Bop 'till you drop

31

20.00 Djúpið

Jazzkvissið sló í gegn á siðustu Jazzhátíð Reykjavíkur. Jazzlögreglan spyr leiðandi spurninga í yfirheyrslum sínum.
Local jazz enthusiasts team up as the Jazz Police asks leading questions.

21.00 Rósenberg

Stórsveit Reykjavíkur leikur tónlist eftir Toshiko Akyoshi.
The Reykjavik Big Band plays the music of Toshiko Akiyoshi. Össur Geirsson stjórnar/directs.

1

20.00 Rúv 1 live -Djúpið

Jazz Quiz undan og úrslit.
Jazz Quiz semifinals and finals.
Icons of Jazz:
DVD kynning Smekkleysu.
Bad Taste Record shop presents the new dvd Icons of Jazz series.

21.00 Rósenberg

Passport check -Lokahóf fyrir korthafa og listamenn.
Passport check - Finale for passholders and artists.

ENDIR / THE END

Jazzhátíð Reykjavíkur þakkar gestum frábærar undirtektir á tuttugustu jazzhátíðinni. Listamönnum fyrir stórkostlega tónleika og styrktaraðilum fyrir ómetanlega hjálp. Þegar er hafinn undirbúningur að Vetrarjazzi í febrúar og 20 ára afmælisveislu Jazzhátíðar Reykjavíkur í maí 2010.
Fylgist með á **www.reykjavikjazz.is**

The Reykjavik Jazz Festival thanks for the favourable audience response this year. We thank our artists for all the wonderful concerts and our sponsors for their assistance. We are already planning Winterjazz in February and the 20th anniversary of the Reykjavik Jazz Festival in May 2010. Stay tuned to **www.reykjavikjazz.is**

PORT hönnun

Djass í Norræna húsinu

„Þetta eru útgáfutónleikar í tilefni útkomu plötunnar Mæri," segir Árni Heiðar Karlsson píanóleikari um tónleika sem hann heldur á morgun klukkan átta í Norræna húsinu. „Með mér spila Matthías Hemstock trommuleikari og Gunnar Hrafnsson bassaleikari."

Árni Heiðar segir lögin öll frumsamin. „Á diskinum eru átta lög sem öll eru samin á síðustu tveimur árum," segir Árni Heiðar sem kynnir plötuna á tónleikunum. „Ég segi frá tilurð laganna og spila tónleikaútgáfur af þeim. Það er allt öðruvísi að heyra þau á tónleikunum því við „improviserum" mikið þegar við spilum saman."

Á tónleikunum mun einnig koma fram austurríska tríóið hdv sem er á tónleikaferðalagi um heiminn. Hin alþjóðlega djasskeppni „Nýja kynslóðin 06", sem

Árni Heiðar kemur fram á tónleikum í Norræna húsinu á morgun.

þeir unnu, kom þeim á alþjóðakortið. - mmf

Fékk innblástur frá Björk, Sigur Rós og Mezzoforte

Norski trompetleikarinn Arve Henriksen leikur meginhlutverk í elektrónískum djassi samtímans og hefur fengið frábæra dóma fyrir plötur sínar. Hann spilar ásamt elektróníknum Jan Bang og söngkonunni Anna Maria Friman á Nasa næsta laugardagskvöld. Arve sagði blaðamanni frá því sem veitir honum innblástur.

Arve Henriksen leitar að innblæstri og samstarfsaðilum á Reykjavík Jazzhátíð.

MYND/JOHANNA L DIEHL

„Það er langt síðan ég hóf leitina að nýjum hljóðum og japönsk tónlist heillaði mig. Shakuhachi-bambusflautan fannst mér hljóma æðislega. Mér datt í hug hvort ég gæti umbreytt trompetinu og hljóðum þess í eitthvað annað. Ég hlusta líka á mikið af þjóðlagatónlist frá öllum heimshornum, raddavinnu og fleira, þannig að það er ekki bara japönsk tónlist sem veitir mér innblástur, heldur alls konar hljóð að ógleymdri norskri þjóðlagatónlist."

Hverju blæs djass fólki í brjóst á annan hátt en aðrar tónlistarstefnur? „Kjarninn í djassi er þetta að spinna og það sem kemur af hvatvísi meðan maður spilar, það er mikið pláss fyrir þinn eigin stíl, þínar eigin hugmyndir og aðferðir við að gera tónlist. Í klassískri tónlist er nær allt skrifað og fullsamið. Ég held að vegna þess að djasslistamenn lita tónlistina eigin litum hreyfi hún öðruvísi við þeim."

Arve hefur áður spilað hér á landi ásamt Hilmari Jenssyni og Terje Isungset. „Ég ætla mér að vera í Reykjavík í nokkra daga eftir tónleikana og vonandi getum við heimsótt nokkra staði í kringum borgina. Eftir það fer ég á tónleikaferðalag með Christian Wallumrød, norskum píanóleikara. Í október er ég svo að fara á túr um Asíu. Vonandi get ég unnið meira með Hilmari Jenssyni og Skúla Sverrissyni í framtíðinni. Þeir gerðu plötu fyrir nokkrum árum sem ég hlustaði mjög mikið á og það væri frábært að vinna með þeim. Svo hefur Sunna Gunnlaugsdóttir verið í sambandi við mig og vill vinna með mér. Það er svo mikið af góðri tónlist sem kemur frá Íslandi, ég er forvitinn að sjá hvernig tónlistin, landslagið og fólkið tengist. Allir þekkja Björk og Sigur Rós, frábæra listamenn sem hafa verið mér innblástur í mörg ár. Í gamla daga var það Mezzoforte sem var okkur algjör innspýting þegar við vorum 16, 17 ára. Þannig að koma mín til Íslands á sér langan aðdraganda og ég hlakka mikið til að koma."

Jóel Pálsson, Narodna Muzika og Jagúar taka við af Arve og félögum á Nasa og er viðburðurinn því nokkuð sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. - kbs

Öll hátíðin tekin upp

Tólf nemendur sem stunda nám í hljóðtækni við Tækniskólann hafa tekið upp alla tónleika Jazzhátíðar. „Við hjá Tækniskólanum og Sýrlandi vorum fengin til að taka upp alla Jazzhátíð, eins og hún leggur sig," segir Ívar Baldvin Júlíusson, nemandi í hljóðtækni. „Þetta nýtist sem verkefni fyrir okkur í náminu."

Ívar segir að einn til tveir nemendur hafi verið sendir á hverja tónleika. „Við skipuleggjum okkur vel, förum út með græjur, tökum upp og hljóðblöndum svo og gerum hæft til útgáfu," útskýrir Ívar.

Aðspurður segir Ívar upptökurnar hafa gengið mjög vel. „Einhver smá vandamál hafa verið inni á milli en ekkert sem ekki er hægt að laga. Við lærum af reynslunni," segir Ívar og heldur áfram: „Þetta er eldskírn og þær upptökur sem ég hef heyrt hafa hljómað mjög vel."

Ívar segir hópinn aldrei hafa tekið upp jafn viðamikið verkefni

Ívar Baldvin segir að verkefnið sé sem eldskírn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

þó fyrr í sumar hafi þau unnið við tónleikaröð í Skálholti. „Það var ekki nærri jafn stórt og þetta. Jazzhátíð stendur í tuttugu daga með tvennum til þrennum tónleikum á dag og á Menningarnótt voru 10 tónleikar sama daginn."

Sveinn Kjartansson, yfirmaður tæknimála hjá Sýrlandi, segir vinnu við Jazzhátíð frábæra reynslu fyrir nemendurna. „Þó er ekki alveg ljóst hvað gert verður við upptökurnar en þær verða varðveittar." -mmf

Finna strauma og skap hvers staðar. Stefan Weeke og Maciej Fortuna spila á Rósenberg í kvöld. MYND/ÚREINKASAFNI

Reykjavík er einstök

Í kvöld kynnast gestir Jazzhátíðar í Reykjavík trompetleikaranum Maciej Fortuna og bassaleikaranum Stefan Weeke. Fortuna er einn besti djasstrompetleikari Pólverja en Weeke er þekktur bæði fyrir hæfileika sína í djassinum og í heimstónlist. Dúóið spilar á Café Rosenberg klukkan níu.

Dúóið hefur túrað í nokkurn tíma. Blaðamaður spurði Maciej Fortuna hvaða staður stæði upp úr af ferðalaginu. „Okkur finnst hver staður hafa sína eigin strauma eða skap. Hvert sem við komum eru áhorfendur yndislegir, þeirra vegna er ekki hægt að velja."

Þeir félagar eru spenntir fyrir komunni til Íslands. „Hvor um sig hefur verið ástfanginn af Íslandi í árararaðir. Ég get ekki útskýrt af hverju. Ísland í mínum huga er staður fullur af dulúð og fegurð. Svolítið eins og heimur útaf fyrir sig, innan heimsins." Hann segir þá félaga lengi hafa dreymt um að spila á Jazzhátíð. „Margir frábærir tónlistarmenn hafa spilað á hátíðinni, auk þess er Reykjavík einstakur staður, og við vonumst til að tónlistin verði einnig einstök."

Að lokinni hátíðinni og dvölinni á Íslandi halda þeir Weeke til heimabæja sinna að kynna nýja plötu. „Við tókum hana upp utan hljóðversins, á stöðum sem eru okkur kærir. Það er mikið hjarta í henni."

Fyrir tónlist sína hefur Fortuna verið margverðlaunaður í ýmsum flokkum og er hann vægast sagt eftirsóttur. Hann er þéttbókaður með hinum og þessum listamönnum fram í maí 2010.

Stefan Weeke hefur túrað um Evrópu, Asíu, Suður-Ameríku og Afríku í nafni Goethe-stofnunarinnar. Þá hefur hann unnið sem tónlistarstjóri þýsku stjörnunnar Gitte Haenning, en hann spilaði og samdi djass-prógramm hennar. Þá spilar hann með stórstjörnum eins og Herb Ellis, Bucky Pizzarelli, David Liebman, Carla Bley, Charlie Mariano, Joe Lovano, Till Brönner og Phillip Catherine. *- kbs*

Píanóið einsamalt í Vatnsmýri

Agnar Már mun líklega spila hugleiðingar í kringum áður spiluð lög.

„Þetta í rauninni í fyrsta sinn sem ég spila einleikstónleika þó að stuttir séu," segir Sunna Gunnlaugsdóttir pianisti en hún kemur fram á tónleikum sem bera yfirskriftina Píanó einsamalt! í Norræna húsinu ásamt Agnari Má Magnússyni, Davíð Þór Jónssyni og Eyþóri Gunnarssyni á sunnudaginn klukkan fjögur. Á tónleikunum munu pianistarnir leika djasseinleik.

„Ég hugsa að ég velji tvö lög eftir mig og eitt íslenskt. Ég held að það séu áætlaðar tíu mínútur á mann," segir Sunna og Agnar Már tekur við: „Ég er eiginlega ekki búinn að ákveða hvað ég ætla að flytja. Þetta verða hugleiðingar í

Sunna segir að tónleikarnir séu í raun þeir fyrstu sem hún leikur einleik á.

kringum lög sem ég hef spilað," upplýsir Agnar sem verður 35 ára sama dag. „Þá ætla ég að drífa mig heim í kaffiboð þegar ég er búinn."

- mmf

Dimma - *þar sem jazzinn er heitastur!*

Agnar Már Magnússon - Láð
Fimm stjörnu þjóðlegur pianójazz!

Árni Heiðar Karlsson - Mæri
Útgáfutónleikar 28. ágúst kl. 20



DIMMA

www.dimma.is

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ SJÁ?

BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR DJASSUNNANDI OG LEIÐSÖGUMAÐUR

„Það er stundum þannig að mann langar til að sjá margt en veit ekki hvort af verður. Þegar ég lít yfir dagskrána þá sé ég að á laugardaginn er niðri á Nasa bæði norski trompetleikarinn, Arve Henrikssen, hann er mjög sérstæður og svo er Jóel Páls á eftir. Svo gæti ég vel hugsað mér að hlusta á Jazz-quizið á mánudaginn í Djúpinu. Vernharður Linnet er með það og hann er nú þokkalega skemmtilegur. Það er líka mjög indælt að setjast niður í hádegi á sunnudegi og hlusta á léttan djass eins og á Dill Restaurant og Basil og Lime."

SUNNA GUNNLAUGSDÓTTIR DJASSPÍANISTI

„Ég ætla í Norræna húsið á föstudaginn, þá er Árni Heiðar Karlsson pianisti og austurrískt píanótríó líka að spila. Ég ætla líka að hlusta á útsendinguna hjá Ríkisútvarpinu, klukkan 16.13 sama dag. Svo er það Arve Henriksen, ég reikna með að sjá hann á laugardagskvöldið. Svo er ég náttúrulega sjálf að spila í Norræna húsinu á sunnudeginum í hópi glæsilegra pianista. Þetta er svona það sem er alveg ákveðið."

KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR SÖNGKONA

„Ég er búin að sjá mjög margt og spila sjálf. Af því sem eftir er langar mig að sjá Árna Heiðar í Norræna húsinu á föstudeginum og Varp hjá Jóel Pálssyni á Nasa á laugardeginum og Jagúar. Svo er það Píanóið einsamalt! á sunnudeginum, í Norræna húsinu. Svo langar mig á Rósenberg þar sem Stórsveit Reykjavíkur leikur tónlist eftir Toshiko Akyoshi. Úrslit eru í Jazz-quiz á þriðjudeginum. Ég fer í lokapartíið að sjálfsögðu. Ég er að gleyma Bossanova og Salsaballinu á föstudeginum. Það er möst."

Tangóball á Kjarvalsstöðum í kvöld

Listasafn Reykjavíkur er samstarfsaðili Jazzhátíðar í Reykjavík og tekur virkan þátt í dagskrá hátíðarinnar með sýningu, fyrirlestrum, tónleikum og tangóballi.

Til að mynda stendur sýningin Jazzóður yfir í austursal Kjarvalsstaða en henni lýkur á mánudaginn. Verkin á sýningunni eru virðingarvottur listamanna til tónlistargyðjunnar.

Í dag klukkan 18, leikur Pétur Grétarsson tóndæmi í Hafnarhúsinu og verður með fyrirlestur á ensku um sögu djassins á Íslandi. Fyrirlesturinn er ókeypis og öllum opinn.

Á Kjarvalsstöðum klukkan 20 í kvöld verður haldið tangóball. Bandoneon-leikarinn Olivier Manoury þenur argentínsku teygjuskjóðuna við undirleik fótafimra tangóaðdáenda og safnar saman íslenskum vinahóp í allsherjardjamm. Að auki taka saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og brasilíska söngvaskáldið Ife Tolentino lagið. Miðaverð er 2.000 krónur og er óvæntri uppákomu lofað.

Á laugardaginn verða tónleikar Leifs Gunnarssonar kontrabassaleikara og hljómsveitar á Kjarvalsstöðum. Auk þess spilar hljómsveitin Skver þar sem gítarleikarinn Steinar Guðjónsson leikur eigin tónlist með hljómsveitinni. Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

Olivier Manoury spilar á tangóballi á Kjarvalsstöðum í kvöld.

HÖRKU
ÁTAKSNÁMSKEIÐ

Hörku átaksnámskeið er að hefjast í Veggsport
5 vikna námskeið - 5 sinnum í viku
Hentar konum jafnt sem körlum
Kennari er Nadja

Stöðvaþjálfun 3 sinnum í viku
Skokk – spinning – tækjasalur 2 sinnum í viku
Áhersla : Þol – Styrkur – Liðleiki – Mikil brennsla
Vikulegar mælingar og ráðleggingar um mataræði
Tímar: kl.6:30 | 7:45 | 9:30
Upplýsingar og skráning í síma 577-5555

VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt

Stórhöfða 17 | Sími 577 5555 | www.veggsport.is

● RIFNAR GALLABUXUR URÐU HÁTÍSKA Í byrjun 10. áratugarins urðu rifnar gallabuxur ekki aðeins uppreisnarklæðnaður pönkara heldur fór „fína“ fólkið að rífa nýju gallabuxurnar sínar og ganga í þeim götóttum. Julia Roberts var þannig klædd í mörg ár til að mynda – í stórum víðum peysum, strigaskóm og rifnum gallabuxum. Hún þótti reyndar ganga í þeirri tísku helst til lengi og var valin verst klædda konan oftsinnis af tískugúrúm í Hollywood. Rifnar gallabuxur voru gjarnan steinþvegnar – alveg ljósbláar sem sagt – en þær snjóþvegnu voru oftar heilar. Ljósbláar gallabuxur tilheyra fyrri hluta 10. áratugarins en hafa ekki átt upp á pallborðið síðustu árin þótt öðru hverju taki tískuspekúlantar til við að hvetja fólk til að rífa buxurnar sínar. *- jma*

Blur er meðal þeirra hljómsveita sem sungið hafa um gallabuxur.

Sungið og ort um gallabuxur

Gallabuxur hafa veitt listamönnum innblástur í gegnum árum. Þannig söng Elton John um „Bluejean baby“. David Bowie tekur gallabuxur inn í lagið Jean Genie. Aðrir sem fjallað hafa um gallabuxur í dægurlagatextum sínum eru Junior Brown, Billy Ocean og Blur. *- jma*

KYNNING



Bjarki (annar frá vinstri) segir úrval gallabuxna svo mikið í dag að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Meiri vinna lögð í smáatriði og frágang

Gallaefni eru vinsæl í herratískunni í dag að sögn Gunnlaugs Bjarka Snædal og er mikil vinna lögð í smáatriði gallabuxna.

„Dökkar gallabuxur eru náttúrlega enn þá mjög vinsælar, hvort sem þær eru dökkbláar eða svartar,“ segir Gunnlaugur Bjarki Snædal, rekstrarstjóri herradeildar NTC. „Þær standa alltaf fyrir sínu.“

Bjarki segir að nú sé meira að koma inn af þvottum og ljósari buxum. „Forsmekkurinn af því var í sumar þegar komu klóraðar og rifnar gallabuxur. Eins er lögð meiri vinna í smáatriði gallabuxnanna, til dæmis frágang á vösum, tölum og saumum.“

Bjarki segir gallaefni vera að koma mjög sterkt inn. „Gallaefni er svo sem búið að vera mjög sterkt og svo er aldrei að vita nema við förum að sjá gömlu, góðu gallajakkana aftur uppi á borðinu,“ segir Bjarki og heldur áfram: „Íslenskir karlmenn eru trúir sínum gallabuxum. Þegar þeir finna réttu buxurnar og rétta sniðið vilja þeir eiga nóg af þeim.“

Aðspurður segir Bjarki niðurmjóar buxur á undanhaldi þótt enn séu þær mjög vinsælar. „Núna eru að koma beinni buxur með meiri vídd heldur en í niðurmjóu gallabuxunum. Okkur á að líða vel,“ segir Bjarki og leggur áherslu á það að gallabuxur henti við hvaða tækifæri sem er. „Hvort sem fólk er að fara út að skemmta sér, í vinnuna eða skólann standa gallabuxur alltaf fyrir sínu. Úrvalið er þannig í dag að bæði er hægt er að finna buxur sem eru fínar og hversdagslegar,“ útskýrir Bjarki og bætir við að mjög mikilvægt sé að leita aðstoðar starfsfólks verslananna til að finna rétta sniðið.

„Við erum með mjög mikið úrval af gallabuxum, bæði í Sautján, Retro, Deres og Urban,“ upplýsir Bjarki og telur upp merki á borð við Diesel, G-Star, Nudie, Levi‘s, Dr. Denim og Tiger. Bjarki segir að í dag höfði gallabuxur alls ekki til einhvers eins aldurshóps frekar en annars. „Úrvalið er það mikið í dag að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ef menn vilja vera sportlegir þá klæða þeir sig í gallabuxur.“

G-STAR RAW

G-star
Blade pant slim
stærðir: 29–36
Þvottar: Bláar
Snið: Slim fit, frekar lág íseta, þröngar niður.

Herrasnið

DIESEL

Diesel
Darron 8SV
Stærðir: 29-36
Þvottar: 5 litir í boði
Snið: Comfort fit, meðal há íseta, þrengjast aðeins niður.

Herrasnið

Nudie
Easy Emil
Stærðir: 30-36
Þvottur: Blue fall
Snið: Loose fit, víðar um læri, beint snið.

Herrasnið

DIESEL

Diesel
Darron 88Z
Stærðir: 29-36
Þvottar: 5 litir í boði
Snið: Comfort fit, meðal há íseta, þrengjast aðeins niður.

Herrasnið

Lee

Lee Denver
Stærðir: **30-38**
Þvottar: **einn litur**
Snið: **Boot cut, há íseta, útvíðar.**
Herrasnið

Lee

Lee Ranger
Stærðir: **30-48**
Þvottar: **tveir litir í boði**
Snið: **Regular fit, beint snið, há íseta.**
Herrasnið

Wrangler

Wrangler Roxboro
Stærðir: **30-44**
Þvottar: **einn litur í boði**
Snið: **Loose fit, milli há íseta, víðar yfir læri, beinar niður.**
Herrasnið

Wrangler

Wrangler Alaska
Stærðir: **30-44**
Þvottar: **einn litur í boði**
Snið: **Loose fit, há íseta, beinar niður.**
Herrasnið

KYNNING

„Það er eins með gallabuxnaefni, saumaskap og aðrar tískuvörur. Þetta er bara mismunandi vara. Vefnaðurinn getur verið ólíkur og það eru alls konar smáatriði í sniðum og skreytingum," segir Pétur í Bossbúðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flottar og viðeigandi við flest almenn tækifæri

Gallabuxur sækja stöðugt í sig veðrið í vinsældum og eru nú orðnar viðurkenndar sem almennur klæðnaður við flest tækifæri að sögn Péturs Ívarssonar í Hugo/Boss í Kringlunni. Þó er ekki sama gallabuxur og gallabuxur.

„Á þeim tíu árum sem þessi verslun hefur starfað hefur gallabuxnasala aukist gríðarlega mikið almennt. Úrvalið hjá okkur endurspeglar það því við höfum aukið það mikið," segir Pétur. Hann tekur fram að notkunin hafi líka breyst því gallabuxur þyki víðar viðeigandi en áður og menn kaupi sér mismunandi gallabuxur til að nota við ólík tækifæri. En er þá ekki flókið að vita hvaða gallabuxur henta hvar? „Nei," segir Pétur brosandi. „Þetta er ósköp einfalt. Aðalatriðið er að fólki líði vel í fötunum og sé öruggt með sjálft sig." Svo kemur hann með leiðbeiningar fyrir herrana.

„Nú síðustu misseri hafa dekkri og þrengri gallabuxur þótt fínni en aðrar og menn nota þær með þröngum, fínum jökkum. Meðan aðrar, aðeins víðari buxur, sem þó hefur verið nostrað við með ýmsum hætti, þykja sportlegri og eru notaðar við strigaskó og köflótta jakka. Svo er þetta persónubundið og sumir eru mjög vanafastir. Það er til dæmis hópur af fólki sem vill bara útvíðar buxur og hann hefur því miður haft úr litlu að moða undanfarin tvö ár. Þó er til gríðarlega mikið úrval því gallabuxnaheimurinn er rosalega stór og við erum alla jafna með buxur í tuttugu mismunandi stílum en þessar útvíðu vantar."

Inntur um eigin smekk kveðst Pétur nota þrengri gallabuxur í vinnunni en í sumarfríinu og það sé gegnumgangandi hjá flestum.

Þar sem Bossbúðin selur fínni fatnað líka eins og jakkaföt er Pétur spurður hvort gallabuxnatískan hafi haft mótandi áhrif á jakkafatalínurnar. „Já, að mörgu leyti. Við höfum ekki selt jakkafatabuxur með fellingum síðan 2000 og það sem þótti þröngt í jakkafötum fyrir tveimur árum teljast núna klassísk föt. Þetta helst í hendur. Þeir sem vilja þrengstu gallabuxurnar velja þrengstu jakkafatasniðin. Meira að segja þeir sem vilja hafa buxurnar lausar eru farnir að taka aðeins þrengri buxur en áður."

Verð gallabuxna er kapítuli útaf fyrir sig. Pétur hefur svör á reiðum höndum þegar hann er spurður af hverju þær séu svona dýrar. „Það er eins með gallabuxnaefni, saumaskap og aðrar tískuvörur. Þetta er bara mismunandi vara. Vefnaðurinn getur verið ólíkur og það eru alls konar smáatriði í sniðum og skreytingum. Eftir því sem meira er nostrað við hlutinn verður hann dýrari."

Bossi sem blikkar þig á göngu

Hefur þér nokkru sinni virst sem bossinn á manneskjunni sem labbar fyrir framan þig blikki þig vinalega? William A. Jones upplifði þetta þegar hann fylgdist með konu á gangi á undan sér og fékk í kjölfarið hugmynd að nýjum gallabuxum sem kallast Winkers, samkvæmt metro.co.uk. Jones er fimm barna faðir og sjö barna afi og býr í Everett, Washington.

William A. Jones málar myndir aftan á gallabuxur. Þegur fólk gengur í þeim virðast augu blikka og endur kvaka á þann sem á eftir gengur.

Stórverkefnið Keðja, sem er samstarfsverkefni átta þjóða og nýtur stuðnings Evrópusambandsins og norræna sjóða, verður fyrirferðarmikið í starfsemi flokksins á árinu en því verkefni lýkur einmitt með afar fjölbreyttum dansviðburði hér í Reykjavík í október 2010, með þátttöku fjölmargra innlendra sem erlendra aðila.

LISTDANS Úr Svaninum eftir Láru Stefánsdóttur. MYND ÍD/GOLLI

pbb@frettabladid.is

Drykkur byrlaður

Miðasala á Ástardrykkinn, óperusýningu haustsins hjá Íslensku óperunni, hefst í dag kl. 14. Einungis átta sýningar verða á þessari kunnu gamanóperu en frumsýning er í októberlok. Mikil ásókn var í miða á sýningar Óperunnar í fyrrahaust og má því búast við að miðarnir seljist hratt. Ástardrykkurinn er þekktur meðal áhugamanna um óperur og hefur verið sýndur hér í áður, síðast á vegum Óperunnar veturinn 1997/98 og fyrst á vegum félags óperusöngvara í Tjarnarbíói 1967/8, en frá þeim sýningum spratt Íslenska óperan.

Miðaverð á Ástardrykkinn er óbreytt frá því í fyrra, 5.400 kr. á almennar sýningar. Vert er síðan að minna á að 25 ára og yngri fá sem fyrr 50% afslátt af miðaverði. Ástardrykkurinn var á efnisskrá Óperunnar síðla vetrar en sýningunni var frestað þá af efnahagsástæðum.

Ástardrykkurinn er þekktasta gamanópera Donizetti og gerði hann frægan um alla Evrópu. Hún var frumsýnd 1832 og er eitt af þekktustu verkum hans, en eftir hann liggja 75 óperuverk samin á aðeins 12 árum.

Í verkinu segir frá strák sem vill ná sér í stelpu og þegar allt bregst leitar hann á náðir kuklara nokkurs sem bruggar honum svokallaðan ástardrykk með ýmsum afleiðingum. Að lokum fer þó allt vel, eins og svo oft í óperum, og hin sanna ást sigrar að lokum.

Einvalalið ungra íslenskra söngvara syngur aðalhlutverkin í sýningunni. Með hlutverk unga mannsins, Nemorino, fer Garðar Thór Cortes, með hlutverk ungu stúlkunnar, Adinu, fer Dísella Lárusdóttir, kuklarann Dulcamara syngur Bjarni Thor Kristinsson og í hlutverki keppinautarins Belcore er Ágúst Ólafsson. Með hlutverk vinkonunnar Gianettu fer Hallveig Rúnarsdóttir. Þá syngja þau Þóra Einarsdóttir og Gissur Páll Gissurarson einnig hlutverk Adinu og Nemorino á sýningatímabilinu.

Sama listræna stjórn og stóð að hinni vel heppnuðu uppfærslu á Cosí fan tutte Mozarts í Óperustúdíói Íslensku óperunnar vorið 2008 stendur að uppfærslunni á Ástardrykknum; þau Ágústa Skúladóttir leikstjóri, Guðrún Öyahals leikmyndahönnuður, Katrín Þorvaldsdóttir búningahönnuður og Páll Ragnarsson ljósahönnuður. Hljómsveitarstjóri er líkt og þá Daníel Bjarnason. Þá tekur kór og hljómsveit Íslensku óperunnar ennfremur þátt í sýningunni. Sýningardagsetningar og frekari upplýsingar má finna á www.opera.is.

Ekki er afráðið frekar hvaða verkefni önnur verða á sviði Óperunnar í vetur en samningur hennar við menntamálaráðuneytið rennur út í árslok og hefur ekki verið gengið frá nýjum samningi við sjálfseignarstofnunina við Ingólfsstræti.

pbb@frettabladid.is

Stefnumót við fortíðina

Skáldsagan RÁN er komin í kilju. Meistaralega skrifuð bók um hugrekki og glataðar hugsjónir.

„Þessi er bara góð í gegn ... alveg frábær ...“
Gerður Kristný, Mannamál



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN TILNEFNING 2008

SÖNGLIST Garðar Thór Cortes og Disella Lárusdóttir fara með stóru hlutverkin í Ástardrykknum
MYND ÍSLENSKA ÓPERAN/KRISTJÁN MAACK

ER **OLIVER!**
Í ÞINNI FJÖLSKYLDU?

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Leitin að OLIVER! hefst á Opnu húsi á laugardaginn

Það verður mikið fjör þegar við galopnum Þjóðleikhúsið á laugardaginn kl. 13–16.
Þá byrjar líka leitin að rúmlega 20 strákum á aldrinum 8–13 ára til að fara með hlutverk í söngleiknum OLIVER! **Skráningin í áheyrnarprufurnar fer fram á Opna húsinu**.

SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU!

KARDEMOMMUBÆRINN
Fyrsta sýning sunnudaginn **30. ágúst.**

UTAN GÁTTA
Fyrsta sýning föstudaginn **4. september**, til styrktar Grensásdeild.

FRIDA ... viva la vida
Frumsýning föstudaginn **11. september**.

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins **9.900** kr.

FÁÐU ÞÉR KORT! Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is** *- og þú átt í vændum ótal ánægjustundir í allan vetur*

> MEGAN KATTARKONA

Þær sögur ganga fjöllum hærra í Hollywood að Megan Fox muni leika Kattarkonuna í næstu Batman-mynd sem kemur út árið 2011. Hún mun þar með feta í fótspor Michelle Pfeiffer og Halle Berry sem hafa báðar klæðst þrönga, svarta latexbúningnum.

bíó

bio@frettabladid.is

Gamall fýlupúki á ferðalagi

Teiknimyndin Up frá framleiðendunum Disney og Pixar verður frumsýnd hérlendis á morgun bæði með íslensku og ensku tali. Up var opnunarmynd Cannes-hátíðarinnar í vor og fékk þar fínar viðtökur. Viðbrögðin vestanhafs létu heldur ekki á sér standa því hún komst strax í efsta sætið yfir vinsælustu myndirnar.

Up fjallar um Carl Fredericksen sem er einmana gamall fýlupúki sem hefur lítið að gera. Dag einn ákveður hann að láta verða af gömlum draumi sem hann og nýlátin kona hans áttu, með því að ferðast um Suður-Ameríku. Hann bindur þúsundir blaðra við húsið sitt og ætlar sér að fljúga heimilinu alla leið. Það líður þó ekki á löngu þar til Carl uppgötvar að hann er ekki einn í húsinu því ungur skáti að nafni Russell hefur stolist með.

Pixar-fyrirtækið hefur undanfarin ár verið fremst í flokki í teiknimyndagerð. Síðan Óskarsakademían byrjaði að veita verðlaun fyrir bestu teiknimyndina hafa allar sex Pixars-myndirnar sem hafa verið framleiddar á þeim tíma verið tilnefndar. Fjórar þeirra hafa hreppt verðlaunin, eða Finding Nemo, The Incredibles, Ratatouille og Wall-E. Á meðal fleiri mynda Pixar eru Cars og Toy Story-myndirnar.

Up hefur fengið frábæra dóma, þar á meðal 8,7 af 10 í einkunn á síðunni Imdb.com og 97% á Rottentomatoes.com.

UP Teiknimyndin Up fjallar um einmana fýlupúkann Carl Fredericksen.

Óskarinn ekki til Scorsese

Væntanleg mynd Martins Scorsese, Shutter Island verður ekki frumsýnd í Bandaríkjunum í október á þessu ári eins og áður var fyrirhugað heldur verður færð fram í febrúar. Sem þýðir bara eitt, hún mun ekki keppa um næstu Óskarsverðlaun. Fréttin hefur farið eins og eldur í sinu um netheim kvikmyndanördanna, en myndin var talin afar líkleg til vinnings.

Haft er eftir talsmanni Paramount á heimasíðu Empire að þessi ákvörðun hafi verið tekin til að gefa framleiðendum svigrúm í breyttu efnahagslegu ástandi heimsins, þar sem myndin hafi farið í framleiðslu við mjög erfiðar aðstæður. Hann sagðist þó fullviss um að seinkunin geri veg myndarinnar meiri.

Í kjölfarið hófust umræður um þessa undarlegu ákvörðun. Einhverjir telja ástæðuna þá að Leonardo DiCaprio, sem fer með aðalhlutverk, sé bundinn í öðru á þeim tíma sem myndin hefði annars verið kynnt. Aðrir segja vandann liggja hjá markaðsdeild Paramount sem eigi ekki fyrir því að blása myndina upp á svokölluðum keppnistímum. Hver sem ástæðan er munum við þurfa að bíða.

DICAPRIO OG SCORSESE Voru tilnefndir til Óskarsverðlauna fyrir Aviator og Scorsese fékk þau fyrir The Departed.

INGLORIOUS BASTERDS Eli Roth og Brad Pitt í stríðsmyndinni Inglorious Basterds sem er nýkomin í kvikmyndahús hérlendis.

Safna höfuðleðrum nasista

Stríðsmynd Quentins Tarantino, Inglorious Basterds, hefur hlotið mjög góðar viðtökur og er af mörgum talin hans besta mynd í langan tíma. Einkennismerki hans, löng samtöl og blóðug ofbeldisatriði, eru að sjálfsögðu á sínum stað.

Inglorious Basterds, sem er nýkomin í bíó hérlendis, gerist í Frakklandi í síðari heimsstyrjöldinni eftir að Þjóðverjar hafa ráðist inn í landið. Hópur hermanna sem kallar sig Inglorious Basterds er sendur þangað frá Bandaríkjunum til að drepa nasista og taka höfuðleður þeirra sem minjagripi. Yfirmaður þeirra er Aldo Raine (Brad Pitt) sem kallar ekki allt ömmu sína. Inn í söguna fléttast frönsk gyðingastúlka, eigandi kvikmyndahúss í París sem þýskir hermenn vilja nota til að frumsýna nýjustu áróðursmynd sína.

Inglorious Basterds var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor og fékk góð viðbrögð gagnrýnenda. Tarantino var alltaf ákveðinn í að frumsýna myndina á hátíðinni, enda á hann góðar minningar þaðan frá árinu 1994 þegar hann vann Gullpálmann fyrir Pulp Fiction. Frumleiðsla Basterds hófst aðeins fjórum mánuðum eftir að hann lauk við handrit myndarinnar í júlí í fyrra og útkoman leit síðan dagsins ljós í Cannes, rétt eins og og leikstjórinn hafði vonast eftir.

Tarantino er þekktur fyrir að blása nýju lífi í feril leikara í myndum sínum. Besta dæmið um það er John Travolta í Pulp Fiction, auk þess sem Pam Grier fékk nýtt líf í Jackie Brown, rétt eins og David Carradine í Kill Bill 2, þó svo að það hafi reyndar ekki varað lengi. Í Inglorious Basterds fer austurríski leikarinn Christophe Waltz á kostum sem gyðingaveiðarinn Hans Landa. Hann var kjörinn besti leikarinn á Cannes-hátíðinni og margir hafa spáð honum Óskarstilnefningu á næsta ári. Waltz ber Tarantino vel söguna og segir hann fagmann fram í fingurgóma. „Quentin er hvorki afkastamikill né stórkostlegur handritshöfundur en hann er snillingur í að semja fyrir leikara. Hann skapaði þessa gríðarstóru veröld og bauð mér að taka þátt. Eftir að hafa unnið sem leikari í nokkur ár áttarðu þig á því að það eru mjög litlar líkur á því að þér verði boðið eitthvað í líkingu við þetta," segir Waltz.

Þýska leikkonan Diane Kruger, sem lék Helen í myndinni Troy, flaug sérstaklega til Berlínar þar sem tökur á myndinni stóðu yfir til að sannfæra Tarantino um að hún væri rétta manneskjan í hlutverk njósnarans Bridge Von Hammesmark. „Ég er með miklu meira sjálfstraust eftir að hafa leikið í þessari mynd. Hvort sem hún fær góðar eða slæmar viðtökur þá vakti hann eitthvað upp í mér sem ég vissi ekki að ég ætti til," segir hún.

freyr@frettabladid.is

TARANTINO Inglorious Basterds er af mörgum talin besta mynd hans í langan tíma.

Susan í Wall Street

Susan Sarandon er í samningaviðræðum um að leika í framhaldsmyndinni Wall Street 2: Money Never Sleeps í leikstjórn Olivers Stone. Sarandon mun leika móður ungs verðbréfasala á Wall Street (Shia LaBeouf) sem lendir í klónum á Gordon Gekko. Michael Douglas hefur þegar samþykkt að endurtaka hlutverk sitt sem Gekko, auk þess sem Frank Langella verður í leikaraliðinu. Framleiðsla myndarinnar hefst í New York í næsta mánuði.

Sarandon er þessa dagana að leika í sjónvarpsmyndinni You Don´t Know Jack sem fjallar um ævi læknisins umdeilda Jack Kevorkian. Barry Levinson leikstýrir henni og með önnur aðalhlutverk fara Al Pacino og John Goodman. Hún sést næst á hvíta tjaldinu í The Lovely Bones í leikstjórn Peters Jackson. Þar eru aðrir leikarar Mark Wahlberg, Rachel Weisz og Stanley Tucci.

SUSAN SARANDON Fer að öllum líkindum með hlutverk í Wall Street 2.

Hundrað útlendingar sóttu um

„Þetta er stóraukinn fjöldi," segir Garðar Stefánsson sem skipuleggur kvikmyndasmiðju Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík sem verður haldin í næsta mánuði.

Um eitt hundrað umsóknir frá ungu kvikmyndagerðarfólki í Evrópu og Ameríku hafa borist vegna smiðjunnar en á síðasta ári voru þær um 25 talsins. „Ísland er orðið mjög þekkt land og alræmt. Við erum búin að fá mjög mikla umfjöllun í fréttunum og það er líka ódýrt að koma hingað. Við höfum líka verið að kynna þetta vel úti," segir Garðar um þennan mikla fjölda.

Í kvikmyndasmiðjunni, sem stendur yfir í þrjá daga, fær fólk tækifæri til að hittast í Reykjavík og upplifa það sem er að gerast í kvikmyndaiðnaði beggja vegna Atlantshafsins. Staðsetningunni er ætlað að brúa bilið á milli heimsálfanna tveggja, bæði landfræðilega og menningarlega. „Hugmyndin er að fólk sé að fara úr stuttmyndinni yfir í mynd í fullri lengd og þessi smiðja er ætluð sem stökkpallur fyrir það. Þátttakendurnir fá ráðleggingar frá gestum sem sækja hátíðina heim og íslenskum leikstjórum," segir Garðar. Búið er að loka á umsóknir erlendis frá en Íslendingum stendur enn til boða að sækja um, eða þangað til 1. september. Á endanum verður 50 til 60 manna hópur valinn og því komast mun færri að en vilja. Í framhaldinu gefst hinu unga kvikmyndagerðarfólki færi á að senda inn mynd til sýningar á hátíðinni og keppa um hvatningarverðlaun RIFF, Gullna eggið. - fb

GARÐAR STEFÁNSSON Um eitt hundrað umsóknir frá ungu erlendu kvikmyndagerðarfólki hafa borist vegna kvikmyndasmiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

A HARD DAYS NIGHT Spurt er hvenær sú Bítlamynd verður endurgerð? Epstein og Yellow Submarine eru á leið á tjaldið.

Bíómynd um líf Epsteins

Bítlarnir eru heitt viðfangsefni í kvikmyndir þessa dagana. Í seinustu viku var tilkynnt að Robert Zemeckis ætlar sér að gera endurgerð af myndinni Yellow Submarine með „motion capture" tækni. Í gær kom fram í Variety að nú hyggst David Permut framleiða mynd um umboðsmanninn Brian Epstein.

Epstein uppgötvaði Bítlana á Carvern Club í Liverpool og kom þeim til EMI þar sem þeir gáfu út sína fyrstu plötu. Hann dó úr ofneyslu eiturlyfja 32 ára gamall, 1967.

Hvað Bítlana varðar einblínir myndin á upphafsár hljómsveitarinnar. Permut vonast til að fá afnot af upprunalegri tónlist þeirra í myndina, sem reynist yfirleitt þrautin þyngri. - kbs

Excalibur endurgerð

Kvikmyndaframleiðandinn Warner Bros. ætlar að endurgera ævintýrakvikmyndina Excalibur frá árinu 1981. Bryan Singer verður framleiðandi og hugsanlega leikstjóri. Excalibur fjallar um leitina að hinum heilaga kaleik til að bjarga lífi Arthúrs konungs. Í myndinni koma við sögu sverðið Excalibur, riddarar hringborðsins og galdramaðurinn Merlín. John Boorman leikstýrði fyrstu myndinni.

CooperVision

Dagslinsur
Kr: 2.490.-

Mánaðarlinsur
Kr: 4.900.-

Silikon-mánaðarlinsur
Kr: 8.900.-

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Optic Reykjavík ehf.
S: 552 2002 • Hamrahlíð 17
Húsi Blindrafélagsins • 105 Rvk.

ARCTIC MONKEYS

BRENDAN BENSON

> Í SPILARANUM

Arctic Monkeys - Humbug
Nögl - I Proudly Present
Þorvaldur Þór Þorvaldsson - Þorvaldur Þór Þorvaldsson
Polvo - Prism
Brendan Benson - My Old, Familiar Friend

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Dansvæn safnplata

Útgáfufyrirtækið Icelands Airport Route hefur gefið út safnplötuna Audio 101: Reykjavik sem hefur að geyma danstónlist úr ýmsum áttum. Á meðal flytjenda á plötunni eru Yagya, Plugg´d, Exos og Oculus & Trix. Simon Latham, sem var í bresku danssveitinni Soundsation á tíunda áratugnum, safnaði lögunum saman, en hann rekur einmitt Icelands Airport Route í Reykjanesbæ. Hann hefur áður endurhljóðblandað lög með Birgittu Haukdal og Hafdísi Huld. Útgáfupartí til að fagna plötunni verður haldið á skemmtistaðnum Club 101 á laugardaginn.

SIMON LATHAM Latham rekur útgáfufyrirtækið Icelands Airport Route sem er í Reykjanesbæ. MYND/ELLERT

> Plata vikunnar

Egill Sæbjörnsson - Egill S

★★★★

„Níu árum á eftir hinni rómuðu Tonk of the Lawn er loksins komin ný plata frá Agli Sæbjörnssyni. Flott plata. Vonandi verður biðin styttri eftir þeirri næstu.“ TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

GUS GUS Hið nýja heimili Gus Gus, þýska útgáfan Kompakt, fagnar tíu ára afmæli í ár.

Gæðavottun Gus Gus

Það er alltaf eitthvað áhugavert að gerast í heimi danstónlistarinnar. Á tíunda áratugnum spruttu upp margar nýjar stefnur á hverju ári og sköpunargleðin var slík að við hliðina á danstónlistinni hljómaði rokkið eins og úrelt hjakk aftan úr forneskju. Svo hægðist á þróuninni og mönnum varð ljóst að framtíð tónlistarinnar væri kannski ekki endilega bundin við tækniframfarir. Það fer minna fyrir danstónlistinni í dag heldur en fyrir tíu árum, en það er fullt af góðum hlutum í gangi engu að síður. Og nú eru danstónlistarmenn, rétt eins og rokkarar og popparar, farnir að horfa til baka og endurvinna sitthvað úr fortíðinni.

Gömlu meistaraverkin eru farin að líta dagsins ljós í viðhafnarútgáfum. Nýlegt dæmi um það er tímamótaplatan Minimal Nation frá 1994 með Robert Hood sem var endurútgefin í sumar. Og danstónlistarútgáfurnar eru að fagna tímamótum, Warp er 20 ára og fagnar áfanganum með útgáfu heljarinnar kassa og svo er þýska teknó-útgáfan Kompakt tíu ára.

Kompakt var stofnuð í Köln af þeim Wolfgang Voigt, Michael Mayer og Jürgen Paape til að gefa út allt sem þeim dytti í hug. Á þessu tíu árum sem eru liðin frá því að Kompakt fór að gefa út plötur hefur hún haldið mjög háum gæðaviðmiðum, en líka markað sér sérstöðu.

Kompakt-menn eru hrifnir af minimalískri teknótónlist, en eru á sama tíma opnir fyrir því að blanda hana með óvenjulegum hlutum, hvort sem það er poppaður söngur, transtónlist eða eitthvað annað. Á meðal þeirra sem hafa gefið út hjá Kompakt eru Superpitcher, Gui Boratto, The Orb, Thomas Fehlmann og The Field sem sendi frá sér hina margrómuðu From Here We Go Sublime fyrir tveimur árum.

Og svo Gus Gus auðvitað. Nýja Gus Gus platan 24/7 kemur út hjá Kompakt 14. september. Gus Gus þarf auðvitað enga sérstaka gæðavottun, en hér er hún samt komin.

Hin drungalega Fever Ray

Sænska tónlistarkonan Fever Ray hefur hlotið mikið lof fyrir fyrstu sólóplötu sína sem kom út í vor. Margir telja að hún verði ofarlega á listum yfir bestu plötur ársins 2009.

FEVER RAY Fever Ray, drungaleg á tónleikum með hvíta og svarta andlitsmálningu og rauðar linsur. NORDICPHOTOS/GETTY

Fever Ray heitir réttu nafni Karin Dreijer Andersson og sló fyrst í gegn í elektródúettnum The Knife með bróður sínum Olof Dreijer. The Knife hefur gefið út þrjár plötur og fékk frábæra dóma fyrir þriðju plötu sína, Silent Shout. Hún var valin plata ársins 2006 af Pitchfork og hlaut sex sænsku tónlistarverðlaunin árið eftir. Skömmu síðar var tilkynnt að The Knife ætlaði í þriggja ára frí og spilaði þar inn í að Karin átti von á öðru barni sínu og þurfti á hvíld að halda. Þarna gafst henni um leið tími til að sinna nýju sólóverkefni sínu. Plötuna tók hún að mestu upp á heimili sínu suður af Stokkhólmi á sjö mánuðum.

Systkinin í The Knife eru þekkt fyrir að vera heldur fjölmiðlafælin; eru lítið gefin fyrir tónleikahald og gefa fá viðtöl. Þess vegna kemur það fáum á óvart að Fever Ray hefur verið hulin mikilli dulúð síðan hún steig fyrst fram á sjónarsviðið. Á tónleikum kemur hún oft fram máluð á sérkennilegan hátt eða með grímu og viðtölin eru einnig af skornum skammti. Öll áhersla er lögð á tónlistina sjálfa, þannig að öllum sé ljóst að hennar persóna sé aldrei aðalmálið.

Plata Fever Ray er drungaleg þar sem asískir tónar krydda útkomuna víðast hvar. Oft á tíðum bjöguð rödd Karinar svífur síðan yfir léttum elektrótöktunum á seiðandi hátt. Breska tímaritið Q gaf plötunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og líkti Fever Ray við Björk Guðmundsdóttur: „Ef þið hafið einhvern tímann velt fyrir ykkur hvernig Björk myndi hljóma ef hún væri föst í snjóskafli þá er svarið að finna hérna,“ sagði í dómnum. Platan fékk einnig fjórar stjörnur í Mojo, fimm stjörnur í The Guardian og 81 af 100 hjá Pitchfork. Sjálf segir Karin að Fever Ray sé nokkurs konar andleg persóna sem hafi mismunandi raddir og geti breyst í alls konar form.

Karin hefur nefnt tvo áhrifavalda við gerð plötunnar. Annars vegar myndina Dead Man eftir Jim Jarmusch, þar sem Neil Young samdi alla tónlistina, og hins vegar sjónvarpsþættina Miami Vice þar sem tónlist níunda áratugarins var í forgrunni. „Ég reyni að fanga þessa tilfinningu sem myndast þegar þessir náungar sigla í burtu á þessum hraðbát með stórar vélar seint á kvöldin. Þetta eru eins og tónlistarmyndbönd í þáttunum þegar þeir spila háværa tónlist yfir öllu og bruna áfram á bátnum. Það lítur frábærlega út,“ segir Karin.

freyr@frettabladid.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið 7. september

Erum að taka á móti verkum

Fyrir viðskiptavini leitum við eftir góðum verkum eftir Jóhannes S. Kjarval, Þorvald Skúlason, Nínu Tryggvadóttur, Gunnlaug Blöndal, Gunnlaug Scheving og Jóhann Briem.

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Bætir tilfinningum við takta

Fyrsta plata trommuleikarans Þorvaldar Þórs Þorvaldssonar er komin út. Þorvaldur sækir innblástur sinn í ýmsar tónlistarstefnur, þar á meðal popp, djass og hip-hop, og var platan tekin upp á meðan hann bjó í Bandaríkjunum. „Ég var að læra úti og var búinn að vera að semja tónlist alltaf mjög stöðugt samfara námi. Ég var orðinn mjög óþreyjufullur að koma þessu efni frá mér,“ segir hann.

Þorvaldur útskrifaðist með mastersgráðu í tónlist frá New England Conservatory í Boston árið 2007. Þar áður hafði hann útskrifast með BA-gráðu frá University of Miami árið 2005. Að námi lokni flutti Þorvaldur til New York þar sem hann bjó í hálft annað ár og starfaði með ýmsum tónlistarmönnum og ferðaðist með þeim víða um Bandaríkin. Um síðustu ármót söðlaði hann um og flutti aftur til Íslands.

Áður en Þorvaldur flutti til Bandaríkjanna, var hann mjög

ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON Platan er bæði melódísk og tilfinningaþrungin, enda er Þorvaldur tilfinningarík manneskja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

virkur í íslensku tónlistarlífi og var meðlimur í ýmsum hljómsveitum, jafnt í djass- og poppgeiranum. „Ég var svolítið í poppinu í gamla daga og sveitaballabransanum. Það var mjög góð reynsla að vera í sveitaballabransanum á Íslandi. Það er ágætt að hafa prófað það,“ segir hann. „Ég er búinn að sanka að mér reynslu héðan og þaðan. Þegar ég bjó í New York var ég að spila með ýmsum tónlistarmönnum. Það var mjög athyglisvert líka að prófa það hark. Það var mjög erfitt og það er miklu erfiðara að lifa af í New York en í Reykjavík.“

Með Þorvaldi leika á plötunni nokkrir af ástsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar, þeir Eyþór Gunnarsson, Óskar Guðjónsson, Ómar Guðjónsson og bandaríski bassaleikarinn Jon Estes.

Þorvaldur segir að platan sé mjög melódísk og tilfinningaþrungin. „Tónsmíðarnar eru mjög persónulegar og stjórnast svolítið af tilfinningum mínum og hvernig mér líður hverju sinni. Ég er mjög tilfinningarík manneskja og ég elska tilfinningar mínar, ég neita því ekki,“ segir hann og bætir við að platan sé einnig bæði rythmísk og taktföst. „Lögin byggja oftar en ekki á einum takti og tilfinningu. Ég er oft með grúv í huga og svo er það hvernig mér líður sem stjórnar músíkinni ofan á grúvið.“ -fb

BT TILBOÐ Í GÓÐU LAGI!

acer

Acer Aspire Timeline 4810

INTEL CORE2 SOLO SU2700 1.3GHZ

BT léttvextir 7,7%

14.0 High Definition LED skjár
Intel Core 2 Solo SU2700 1.3Ghz
3GB DDR3 1066 MHz minni
320GB SATA 5400RPM
512MB Intel x4500 HD skjástýring
Þráðlaust netkort Draft-N 300Mbps
Super Multi skrifari
Gigabit Lan
Vefmyndavél
5 in 1 Minniskortalesari
6 cellu rafhlaða
Windows Vista Home Premium
Vegur 1.3KG

149.999

BT LÁN Til allt að 24 mánaða

SAMSUNG

Samsung 32" LCD

Með háskerpu sjónvarpsmóttakara

20.000 KR LÆKKUN

BT léttvextir 7,7%

Háskerpu sjónvarpsmóttakari
DNIe+ stafræn myndleiðrétting
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: High Contrast
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 3, Component, SCART x 2

119.999

139.999

DNIE+ STAFRÆN MYNDLEIÐRÉTTING
STAFRÆNN MÓTTAKARI

BT LÁN Til allt að 24 mánaða

Skullcandy

Skullcandy

HEYRNATÓL MEÐ INNBYGGÐUM MP3 SPILARA

BT léttvextir 7,7%

MARGAR FLEIRI FLOTTAR GERÐIR AF SKULLCANDY Í BT

1GB SD Minniskort
fylgir - stækkanlegt upp í 4GB
Rafhlöðuending allt að 8 tímar
USB og 3.5mm jack snúra fylgja

15.999

SAMSUNG

Samsung 37" LCD

Með háskerpu sjónvarpsmóttakara

BT léttvextir 7,7%

(LE37A446T1W)

20.000 KR LÆKKUN

Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Innbyggður stafrænn
DVB-T sjónvarpsmóttakari / MPEG-4
HD Ready - tilbúið fyrir
háskerpusjónvarp
Svartími: 6 ms
Hægt að nota bæði sem
tölvuskjá og sjónvarp

199.999

219.999

BT LÁN Til allt að 24 mánaða

MARGIR TITLAR Í BOÐI

ÓDÝRT DVD **999**

SAMSUNG

Samsung 42" plasma

Með háskerpu sjónvarpsmóttakara

BT léttvextir 7,7%

(SAPS42B4551W)

20.000 KR LÆKKUN

Stafrænn sjónvarpsmóttakari
100 Hz Motion Plus sem gerir mýkri hreyfingar
Háskerpu sjónvarpsmóttakari DNIe+
stafræn myndleiðrétting
Upplausn: 1024 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: Mega Contrast
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub), Composite, S-video

229.999

249.999

BT LÁN Til allt að 24 mánaða

NOKIA FARSÍMAR Á SÉRTILBOÐI

Í BT Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

© SmartMedia | www.smartmedia.is | 588-4100

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

> VALIN KONA ÁRSINS

Tímaritið Billboard hefur valið Beyoncé Knowles konu ársins og verður hún heiðruð við hátíðlega athöfn í New York 2. október næstkomandi. Ritstjóri blaðsins, Bill Werde, segir Beyoncé vera margfaldan platínulistamann og fjölhæfa konu sem hafi veitt bæði popptónlistarbransanum og -konum úti um allan heim innblástur með tónlist sinni, dansi, stíl og vinnu að mannúðarmálum.

fólk

folk@frettabladid.is

Dreymir um Íslandsferð

Dallas-leikarann Larry Hagman dreymir um að koma til Íslands og veiða lax. Þetta kemur fram í viðtali við kappann sem birtist í breska blaðinu Daily Telegraph. Þar er leikarinn spurður út í hina og þessa staði sem hann hafi komið til í gegnum tíðina, hvaða sumarleyfisstaðir standi upp úr og þar fram eftir götunum.

Hagman er hvað þekktastur fyrir túlkun sína á olíu-óþokkanum J.R. sem sveifst einskis við að ná sínu fram í barátttunni innan Ewing-fjölskyldunnar. „Mig langar að veiða á Íslandi," segir Larry þegar hann er spurður hvert hann langi að fara næst í frí. „Ég hef heyrt að þeir séu með mjög fallegan lax í ánum hjá sér þannig að ég væri til í að pakka Stetson-hattinum og halda þangað," segir Larry sem, ef marka má viðtalið, er nokkuð víðförull maður.

SPENNTUR FYRIR ÍSLANDI Larry Hagman langar að koma til Íslands og veiða lax.

Larry bætir því síðan við að hann hafi heyrt að Ísland sé eins og tunglið, nema bara með hverum, leirböðum og eldfjöllum. „Þannig að þetta hljómar allt saman mjög spennandi. Það var samt synd hvernig fór fyrir efnahagnum hjá þeim." - fgg

Loksins sátt við sjálfa sig

Kelly Rowland segist loksins vera búin að öðlast trú á hæfileika sína eftir að hafa lifað í ótta síðastliðin ár. Í viðtali við dagblaðið USA Today segist söngkonan hafa átt í erfiðleikum með sjálfsmynd sína þegar hún hóf sólóferil eftir að Destiny's Child hættu. Sólóferill hennar gekk ekki sem skyldi í Bandaríkjunum, en lög hennar hafa náð á topp vinsældalista út um allan heim.

„Ég er komin með endurnýjaða orku og sköpunarkrafturinn er í botni. Ég skemmti mér konunglega í hljóðverinu því nú er ég er að taka upp danstónlist," segir söngkonan.



CHRIS BROWN Dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi.

Haldi sig frá Rihönnu

Söngvarinn Chris Brown hefur verið dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi og til að inna af hendi minnst 1.400 klukkustundir í samfélagsþjónustu. Sem frægt er orðið kærði fyrrverandi kærasta Browns, söngkonan Rihanna, hann fyrir barsmíðar í febrúar í ár. Árásin átti sér stað eftir að Brown fékk símaskilaboð frá fyrrverandi kærustu, við það reiddist Rihanna og fór parið að rífast. Brown réðst svo á Rihönnu eftir að hún neitaði að fara út úr bílnum sem þau óku og sló hann söngkonuna meðal annars í andlitið og tók hana kverkataki.

Samfélagsþjónustan sem Brown mun þurfa að sinna verður meðal annars að þrífa veggjakrot af opinberum byggingum. Dómurinn felur einnig í sér að Brown verði að halda sér í ákveðinni fjarlægð frá Rihönnu næstu fimm árin, hann má því ekki hafa tölvusamskipti við hana eða hringja í hana auk þess sem hann verður að sitja námskeið um heimilisofbeldi.

Sýndu sumartísku næsta árs

Hönnunarfyrirtækið ELM Design frumsýndi nýja vor- og sumarlínu fyrir árið 2010 í síðustu viku. Hönnunarfyrirtækið ELM Design, sem hefur verið starfrækt í tíu ár, hélt á dögunum sérstaka frumsýningu á nýrri vor- og sumarlínu fyrir árið 2010. Sama lína verður sýnd á tískuvikunni í París í september. Af myndunum að dæma voru gestir afar ánægðir með það sem koma skal. -sm

LÉTT OG LEIKANDI Hönnun ELM Design hefur vakið mikla athygli víða um heim, enda eru flíkurnar sérstaklega fallegar.

HÖNNUÐIRNIR Matthildur Halldórsdóttir, Erna Steina Guðmundsdóttir, Lísbet Sveinsdóttir og Kristín Hrafnkellsdóttir, en þær þrjár fyrrnefndu eru eigendur ELM Design.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁNÆGÐIR GESTIR Sigurbjörg Gröndal og Gestur Bárðason voru hrifin af sumartísku næsta árs.

SNEMMA BEYGIST KRÓKURINN Íris Ólafsdóttir og Tómas Gestsson mættu með unga dóttur sína, Ernu.

HVÍT OG SUMARLEG Að sögn hönnuða ELM verða grænir, gulir og hvítir tónar ríkjandi næsta sumar. Fyrirsætan klæðist hér fallegri hvítri flík.

Elskar Jordan

Bardagaíþróttakappinn Alex Reid sem er nýr kærasti glamúrfyrirsætunnar Jordan, segist vera yfir sig ástfanginn. Í nýlegu viðtali við tímaritið New! segist hann hafa kollfallið fyrir kynbombunni við fyrstu kynni. „Ég hef sagt henni að ég elski hana á hverjum degi frá því við kynntumst, örugglega um milljón sinnum á dag," var haft eftir vöðvabúntinu. „Mér hefur aldrei liðið svona áður. Aldrei. Mér hefur aldrei liðið jafn vel í sambandi." Reid og Jordan kynntust í afmælisveislu fyrir tæpum tveimur mánuðum og hafa verið óaðskiljanleg allar götur síðan.

Jessicu Biel fylgir vírus

Það að leita að myndum af leikkonunni Jessicu Biel á alnetinu getur haft slæmar afleiðingar í för með sér. Fyrirtækið McAfee, sem sérhæfir sig í vírusvörnum fyrir tölvur, gefur árlega út lista yfir nöfn þeirra stjarna sem hvað oftast geyma tölvuvírusa. Í ár trónaði nafn Jessicu efst á listanum, en samkvæmt McAfee þá voru tuttugu prósent líkur á að fá tölvuvírus ef menn skráðu nafn hennar inn á leitarvélar.

Beyoncé, Jennifer Aniston og Jessica Simpson voru einnig á meðal topp tíu.

Til leigu

Félagsheimilið Skúlagarður í Kelduhverfi ásamt skólastjórabústað.

Félagsheimilið Skúlagarður í Kelduhverfi er laust til leigu frá og með 1. október 2009. Á undanförnum árum hefur verið rekin ferðaþjónusta í Skúlagarði sem er staðsettur við Litluá og nálægt Ásbyrgi, Dettifoss og Hljóðaklettum.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að skila inn skriflegum tilboðum fyrir 15. september 2009, til sveitarfélagsins Norðurþings, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík.

Allar nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Örn Snæþórsson í síma 893-3467.

Tökur á Kóngavegi 7 að hefjast

Undirbúningur er í fullum gangi fyrir kvikmyndina Kóngaveg 7 í leikstjórn Valdísar Óskarsdóttur. Framleiðendur eru þeir Árni Filippusarson, Hreinn Beck og Davíð Óskar Ólafsson, sonur Valdísar. Þeir framleiddu einnig Sveitabrúðkaup sem var frumraun hennar sem leikstjóri. Sú mynd hlaut fjórar tilnefningar til Eddu-verðlaunanna á síðasta ári, meðal annars fyrir bestu mynd og bestu klippingu. „Við erum spenntir fyrir því að vinna aftur með Valdísi eftir ánægjulegt samstarf við gerð Sveitabrúðkaups," segir Árni. „Við erum búnir að vera að undirbúa þetta í tæpa tvo mánuði og hefjum tökur vonandi 15. september," segir hann og lofar skemmtilegri mynd. „Kóngavegur 7 er mitt á milli að vera gamanmynd og drama. Þetta á að vera kómedía með léttu og alvarlegu ívafi." Myndin gerist í hjólhýsahverfi og segir frá atburðum sem eiga sér stað þegar Júníor snýr aftur heim til Íslands eftir þriggja ára fjarveru erlendis. Hann kemur heim með ýmis vandræði í farteskinu og vonar að faðir hans leyst úr þeim.

FRAMLEIÐENDUR Árni Filippusarson, Hreinn Beck og Davíð Óskar Ólafsson framleiða Kóngaveg 7.

Valdís Óskarsdóttir hefur getið sér gott orð sem einn fremsti klippari Íslendinga og hlaut hin eftirsóttu BAFTA-verðlaun fyrir klippinguna á Eternal Sunshine of the Spotless Mind. - fb

ÚTSALA
enn meiri lækkun
af öllum vörum !
60% afsláttur
af öllum vörum
Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934
Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
www.andersenlauth.com
60%

Opnunartónleikar í ömmunni

Opnunartónleikar Melodica Acoustic Festival fara fram í versluninni Sexy Grandma í dag. Tónleikarnir verða jafnframt lokatónleikar því verslunin leggur upp laupana á morgun. „Sexy Grandma er verslun sem selur íslenska hönnun, bæði okkar eigin hönnun og annarra. Búðin var hálfgert sumarverkefni hjá mér og kærustu minni, Heiðu Dóru Jónsdóttur. Við höfðum áhyggjur af því að fá enga vinnu yfir sumarið og datt í hug að opna verslun. Við fórum að skoða málið af alvöru og fundum svo húsnæði sem hentaði vel og nokkrum dögum síðar vorum við búin að opna þessa búð. Þetta var allt gert af mikilli hvatvísi," segir Gísli Eyland sem rekur verslunina ásamt kærustu sinni.

LEGGJA UPP LAUPANA Gísli og Heiða Dóra slá tvær flugur í einu höggi og sameina lokunar- og opnunarteiti í versluninni Sexy Grandma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Líkt og áður hefur komið fram fara opnunartónleikar Melodica Acoustic Festival fram í Sexy Grandma og er það fyrir tilstuðlan Svavars Knúts, skipuleggjanda hátíðarinnar. „Svavar Knútur er góðvinur búðarinnar, ef svo má að orði komast. Heiða Dóra er líka búin að vera að syngja og á meðal annars lag á disknum Trúbatrix-ur. Annars var þetta bara hugmynd sem Svavar Knútur kom með, okkur fannst sniðugt að slá tvær flugur í einu höggi og sameina loka- og opnunartónleika." segir Gísli.

Tónleikarnir hefjast klukkan 17.00 í dag og er aðgangur ókeypis.

- sm

MYND/PÁLL STEFÁNSSON

HEIMSFRÆGUR RITHÖFUNDUR

Chimanda Ngozi Adichie fékk Orange-verðlaunin fyrir bók sína Hálf gul sól árið 2007. Hún var gefin út í íslenskri þýðingu hjá Bjarti í fyrra. Hún skrifar fyrir ljósmyndabók Páls Stefánssonar, Afríka – Fótboltaálfan.

Páll Stefáns fær góða aðstoð

Nígeríski verðlaunahöfundurinn Chimamanda Ngozi Adichie er meðal þeirra sem skrifa sérstaklega fyrir ljósmyndabók Páls Stefánssonar, Afríka – Fótboltaálfan.

Chimamanda Ngozi Adichie fékk hin virtu bókmenntaverðlaun Orange árið 2007 fyrir bók sína Hálf gul sól eða Half of a Yellow Sun sem kom út á vegum Bjarts í fyrra. Hún er einhver fremsti rithöfundur Afríku og þó víðar væri leitað og því voru það mikil gleðitíðindi fyrir Pál og útgefanda hans, Kristján Bjarka Jónasson hjá Crymogeu, þegar hún féllst á að skrifa sérstakan texta fyrir bókina. „Þetta er engin endurbirting á einhverjum fyrri skrifum hennar heldur bara orginal," útskýrir Kristján og bætir því við að það sé kannski svolítið skondið að ljósmyndabók Páls er afrakstur fjölda ferða til heimsálfunnar sem ljósmyndarinn hefur farið á árunum 2006 til 2009.

„Afríka er bara eins og sjúkdómur, það er ekki til nein bólusetning við henni, maður þarf alltaf að fara aftur og aftur, gleðin þarna er svo ómenguð af neysluhyggjunni og fólkið er yndislegt," segir Páll. Hugmyndin að bókinni kviknaði þegar ljósmyndarinn fór í nokkrar ferðir til Afríku fyrir UNESCO. „Sú mynd sem ég fékk af Afríku var allt önnur en sú sem birtist okkur í vestrænum fjölmiðlum," segir Páll en það sem snart hann fyrst voru þessir sérstöku litir og sú gleði sem draup nánast af hverju strái. „Eitt af því sem síðan býr til þessa gleði er fótboltinn, það eru allir í fótbolta," útskýrir Páll og bendir á að í knattspyrnunni kristallist von ungra drengja um að losna undan örbirgð fátæktarinnar. „Leikmenn á borð við Essien, Drogba og Eto'o, þetta er vonin fyrir þá, þá dreymir um að verða eins og þeir, allir ætla að verða atvinnumenn í fótbolta. Og knattspyrnan er svo einstök að þessu leyti, þú getur verið með fótbolta úr sokkum og engin mörk. Enda var mikið af þeim fótboltum sem við sáum bara heimagerðir."

Páll kveðst síður en svo hættur að fara til Afríku þótt þessi bók sé að verða tilbúin. „Ég á eftir að fara þarna aftur fyrir UNESCO og svo eru önnur verkefni í burðarliðnum. Jú, kannski maður þefi þessi Afríku-verkefni uppi, rétt eins og þau gera við mig."

freyrgigja@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 27. ágúst 2009

Tónleikar

17.30 Jónas Ingimundarson og Þóra Einarsdóttir flytja íslenskar einsöngsperlur á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. **Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**

19.30 og 22.30 **Dúndurfréttir** heldur tvenna tónleika í Austurbæ við Snorrabraut. Á fyrri tónleikum flytja þeir tónlist Pink Floyd en á þeim seinni verður úrval laga Led Zeppelin og Uriah Heep.

20.00 **Nína Margrét Grímsdóttir** kemur fram á tónleikum í Selinu á Stokklæk á Rangárvöllum. Á efnisskránni eru verk eftir Mozart, Mendelssohn, Schubert, Pál Ísólfsson o.fl.

21.00 The Diversion Sessions (**Markús Bjarnason**) heldur tónleika á Bakkus við Tryggvagötu (gamli Gaukur). Seinna um kvöldið mun Svavar Knútur flytja nokkur lög. **Aðgangur er ókeypis.**

22.00 Haukur Gröndal og þjóðlagasveitin Narodna Muzika flytur tónlist með balkönsku ívafi á tónleikum í **Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.**

Tangó

20.00 Bandoneon-leikarinn Olivier Manoury, saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og tónskáldið Ife Tolentino flytja tangótónlist á tangóballi á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu.

Bæjarhátíð

Sandgerðisdagar verða haldnir hátíðlega í Sandgerði 27.-29. ágúst. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.sandgerdisdagar.is.**

Opnanir

17.00 Í Safnahúsi Borgarfjarðar við Bjarnarbraut í Borganesi verða opnar tvær sýningar. Annars vegar er það sýning á ljósmyndum sem safninu hafa verið gefnar og hins vegar málverkasýning **Matthíasar Margrétarsonar.**

Artfart

20.00 Listahópurinn Bottlefed Ensemble frá London sýnir spunaverkið **„Hold Me Until You Break"** í lðnó við Vonarstræti.

21.00 **Í Leikhús Batteríinu** við Hafnarstræti 1, verður flutt dansskotna leikhúsverkið „Lady's Choice" eftir Sigríði Soffíu Níelsdóttur. Nánari upplýsingar á **www.artfart.is.**

Sýningar

Alþjóðleg ljósmyndasýning **„Mæður 2009"** stendur yfir í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu 15. Opið mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

Í **Gallerí Ágúst** við Baldursgötu 12, hefur verið opnuð samsýning fimm listamanna sem samanstendur af nýjum verkum sem unnin eru í ýmsa miðla. **Opið mið.-lau. kl. 12-17.**

Uppistand

21.00 Gísli Einarsson og Rögnvaldur Gáfaði verða með uppistandi á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. **Húsið verður opnað kl. 20.00.**

Jazz

18.00 Pétur Grétarsson leikur tóndæmi og heldur fyrirlestur um sögu djassins á Íslandi í **Listasafni Reykjavíkur** við Hafnargötu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Í heimsókn hjá Opruh

Söngkonan Whitney Houston ætlar að veita sitt fyrsta langa viðtal í tæp sjö ár í spjallþætti Opruh 14. september. Whitney, sem er 46 ára, ætlar í leiðinni að kynna sína nýjustu plötu, I Look At You, sem er sú fyrsta í sex ár. Oprah sagði á heimasíðu sinni að viðtalið væri það viðtal sem mest hafi verið beðið eftir á þessum áratug. Í síðasta viðtali sínu við Diane Sawyer svaraði Whitney spurningum um eiturlyfjaneyslu sína á þennan hátt: „Höfum það alveg á hreinu að krakk er ódýrt. Ég á of mikinn pening til að reykja krakk. Við notum það ekki. Krakk er bara drasl."

WHITNEY HOUSTON Whitney mætir í spjallþátt Opruh Winfrey 14. september næstkomandi.

MARBERT WAS CREATED BY WOMEN FOR WOMEN

Marbert kynning verður í Hagkaup 27. ágúst – 2. september,
í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Spönginni, Njarðvík og á Akureyri.

- Í rúm 70 ár hefur MARBERT verið frumkvöðull á sínu sviði, þróað og framleitt vörur sínar með mikilli sérfræðiþekkingu starfsfólks.
- MARBERT vörurnar gefa húðinni ljóma og þá orku sem hún þarfnast.
- MARBERT vörurnar eru allar ofnæmisprófaðar og fá þar af leiðandi hágæðastimpil frá viðskiptavinum.

Frábært tilboð verður á hreinsilínu frá **MARBERT** dagana 27. ágúst – 2. september.
Sérfræðingar frá **MARBERT** verða á staðnum og veita faglega ráðgjöf.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Allar klárar í slaginn

Allir leikmenn íslenska landsliðsins gátu tekið þátt í æfingu liðsins í Lahti í Finnlandi í gær. Þar mætir Ísland liði Norðmanna í dag en leikurinn hefst klukkan 17.00. Í fyrradag gat Guðrún Sóley Gunnarsdóttir ekki æft með liðinu vegna höfuðhöggs sem hún hlaut í leiknum gegn Frökkum á mánudaginn en hún hefur nú náð sér af því. Æfing liðsins gekk vel í gær og var ekki að sjá annað en að liðið væri vel í stakk búið fyrir átök dagsins.

sport
sport@frettabladid.is

KATRÍN ÓMARSDÓTTIR: TEKUR ÞVÍ BARA VEL AÐ VERA KÖLLUÐ TRÚÐURINN Í KVENNALANDSLIÐINU

Finn fyrir pressu að þurfa alltaf að vera brosandi

Katrín Ómarsdóttir fékk fyrsta tækifærið sitt í byrjunarliði íslenska kvennalandsliðsins á árinu þegar íslenska liðið spilaði við Frakka á mánudaginn. Katrín hefur hingað til verið í því hlutverki að koma sterk inn af bekknum og skemmta stelpunum utan vallar með alls konar trúðslátum.

Katrín segir stelpurnar hafa þurft smá tíma til að komast yfir Frakkaleikinn. „Við þurfum að fara í gegnum þetta eins og öll önnur lið. Auðvitað vildum við vinna Frakkana en við verðum tilbúnar á móti Noregi. Liðsheildin er ekkert verri því við erum allar stundir saman og gerum þetta allt saman. Við ætlum bara að horfa á næsta leik og við gefumst ekkert upp," segir Katrín.

„Ég var mjög ánægð með að hafa fengið tækifærið í byrjunarliðinu en það var mjög svekkjandi að þetta skyldi hafa farið svona. Ég náði ekki að sýna hvað ég gat, ég reyndi að biðja um boltann en ég held að ég hafi ekki fengið að snerta boltann mikið," segir Katrín og bætir við:

„Það er minn styrkleiki að hafa boltann og reyna að finna Margréti en hún fékk boltann allt of lítið líka. Ég vona að ég fái annað tækifæri og að við gerum betur í næsta leik," segir Katrín.

Katrín hefur verið tilnefnd að mörgum öðrum leikmönnum liðsins sem aðal trúðurinn í íslenska liðinu enda er oft von á öllu þegar hún er í stuði. Katrín sjálf brosti þegar hún var spurð að því hvernig væri að bera þennan titil.

„Það er bara fínt að verða álitin vera trúðurinn í liðinu. Ég er brosmild, finnst gaman að hlæja og gera gys. Það fylgir þessu þó svolítil pressa því ég þarf alltaf að vera brosandi. Þetta er bara gaman," segir Katrín hlæjandi. Hún segir stelpurnar ætli sér að vinna Norðmenn í dag.

„Við þurfum að sýna þjóðinni að við getum gert betur og ég held að það vilji allir gera það. Stuðningurinn á vellinum var geðveikur og maður vill sýna þeim að við viljum gera vel bæði fyrir okkur og þau," sagði Katrín að lokum.

SARA BJÖRK Í leiknum gegn Frökkum á mánudaginn. NORDIC PHOTOS/AFP

Hreinn úrslitaleikur fyrir okkur

Íslenska kvennalandsliðið spilar annan leik sinn á EM í kvöld þegar liðið mætir Norðmönnum. Þóra Björg Helgadóttir og Katrín Jónsdóttir þekkja norska landsliðið betur heldur en aðrir leikmenn íslenska liðsins.

FÓTBOLTI Stelpurnar okkar eru komnar á fullt flug eftir vonbrigðin á mánudaginn á móti Frökkum og framundan er gríðarlega mikilvægur leikur á móti Norðmönnum í Lahti í kvöld. Bæði lið töpuðu fyrsta leik sínum á mótinu, því áður en íslenska liðið tapaði 1-3 fyrir Frökkum töpuðu norsku stelpurnar 0-4 fyrir Þýskalandi. Íslenska liðið verður að vinna Norðmenn ætli liðið að eiga raunhæfa möguleika á að komast áfram í átta liða úrslitin.

Þóra Björg Helgadóttir, markvörður íslenska landsliðsins, leikur með Kolbotn í Noregi og þekkir því vel til liðsins. „Ég þekki ekki allar en ég hef spilað við allar nema tvær. Þær eru með hörkulið en virðast eiga í vandræðum með að vinna saman. Það er eitthvað sem getur alltaf smollið því þetta slæma gengi þeirra í ár er ekki vegna þess að þær séu ekki með mannskap. Það er eitthvað sem er ekki að virka hjá þeim og við vonum að það haldi áfram þannig," segir Þóra en hún hefur í raun bara áhyggjur af einum samherja sínum hjá Kolbotn. „Það eru fjórar í hópnum sem eru með mér í Kolbotn en aðeins ein þeirra er í byrjunarliðinu hjá okkur. Það er framherjinn hjá þeim, Isabell Herlovsen, sem er mjög góð," segir Þóra.

Katrín Jónsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins spilaði í mörg ár í Noregi og þekkir því einnig vel til liðsins. „Ég hef spilað með fimm leikmönnum í liðinu en tvær þeirra voru að koma inn í Kolbotn-liðið þegar ég var að fara," segir Katrín og hún telur að norska liðið sé sterkara en það sem lá fyrir íslensku stelpunum í ársbyrjun.

„Við spiluðum við þær á Algarve, áttum þá mjög góðan leik og unnum 3-1. Það er smá breyting á norska hópnum og þær hafa meðal annars fengið inn framherja sem er að spila með Þóru í Kolbotn. Hún er töluvert betri en sá framherji sem var að spila á móti okkur og eykur möguleika þeirra í sóknarleik," segir Katrín.

UNGUR AÐDÁANDI Katrín Jónsdóttir og Sigurður Ragnar Eyjólfsson sinna ungum stuðningsmanni á æfingu liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

Katrín er samt bjartsýn fyrir leikinn í kvöld. „Þegar ég horfi á okkar hóp og þeirra hóp þá finnst mér við eiga fulla möguleika í þetta lið. Þeirra styrkleiki er að sækja hratt og beita löngum boltum. Markmaðurinn er mjög fljótur að koma spilinu í gang og við verðum alltaf að vera vakandi. Við þurfum líka að loka betur þessu svæði á milli miðju og varnar heldur en við gerðum á móti Frökkum," segir Katrín.

Þóra var ekkert að gefa norsku landsliðsstelpunum neitt upp þó að þær hafi rætt saman um Evrópukeppnina á meðan þær voru allar hjá Kolbotn. „Við töluðum vissulega saman um keppnina en við pössuðum okkur á því að fara ekki út í smáatriði. Reyndar misstu þær það út úr sér að þær væru búnar að skipta yfir í 4-4-2 og ég lak því náttúrulega beint í Sigga Ragga. Við sáum það líka í gær en það var ágætt að geta undirbúið sig undir það því þær hafa alltaf spilað 4-3-3. Þær eru því algjörlega búnar að skipta um stíl núna. Við vitum það að þær eiga eftir að vera mikið í löngum boltum en veikleikarnir þeirra eru bakverðirnir og við munum láta reyna á það," segir Þóra.

Mikilvægi leiksins er augljóst, draumurinn um átta liða úrslitin deyr nánast hjá báðum liðum með tapi þó að allt geti þó gerst í fótbolta.

„Þetta er hreinn úrslitaleikur þar sem við þurfum að taka þrjú stig. Það er reyndar allt hægt á móti Þýskalandi en við viljum klára þessi þrjú stig og þá getum við farið með mun betri stöðu inn í Þýskalandsleikinn. Mér finnst að við eigum ekki að tapa fyrir þeim eins og norska liðið hefur verið að spila. Ef að það var svekkelsi að tapa fyrir Frökkum þá verða það gríðarleg vonbrigði að tapa fyrir Norðmönnum," segir Þóra.

EM Í FINNLANDI
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
skrifar frá Tampere
ooj@frettabladid.is

HEIMAMENN Á SIGURBRAUT Finnar fagna öðru marka sinna í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Sara Björk Gunnarsdóttir:

Setti tvö í síðasta Noregsleik

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir á góðar minningar úr síðasta leik á móti Noregi því hún skoraði tvö mörk í fyrsta sigri Íslands á Noregi sem fram fór á Algarve í mars. Leikurinn fór 3-1.

„Þetta voru tvö skallamörk sem er ekki slæmt. Þetta var örugglega einn af bestu landsleikjunum mínum, ég skoraði tvö mörk og stóð mig bara vel. Vonandi endurspeglar það næsta leik líka," segir Sara Björk. „Ég var ekki ánægð með mig sjálfa í Frakkaleiknum og við vorum allar mjög óánægðar með ósigurinn. Við erum hættar að hugsa um þann leik og ætlum að einbeita okkur að Noregsleiknum." - óój

Keppni í A-riðli á EM 2009:

Finnar tryggðu sér efsta sætið

FÓTBOLTI Finnar tryggðu sér í gær efsta sætið í A-riðli með 2-1 sigri á Hollendingum á Ólympíuleikvangnum í Helsinki. Laura Österberg Kalmari skoraði bæði mörk Finna í leiknum en sigurmarkið kom í síðari hálfleik.

Þar með hafa Finnar tryggt sér efsta sætið í A-riðli en þeir unnu Dani, 1-0, í fyrsta leik sínum í riðlinum. Fyrr í gær unnu Danir sigur á Úkraínu, 2-1, og vegna sigurs Finna er Úkraína úr leik. Það ræðst á laugardaginn hvort það verður Danmörk eða Holland sem nær öðru sæti riðilsins en það er ekki útilokað að bæði lið fylgi Finnum áfram í fjórðungsúrslit keppninnar.

Það var Maiken Pape sem skoraði sigurmark Dana gegn Úkraínu í gær á 87. mínútu leiksins eftir að Camilla Sand Andersen kom þeim yfir snemma í síðari hálfleik. - esá

Ásta B. Gunnlaugsdóttir var í fyrsta kvennalandsliðinu 1981 og er mætt á EM í Finnlandi:

Stolt að vera ein af þessum sem byrjuðu

FÓTBOLTI Ásta B. Gunnlaugsdóttir var ein af þeim ellefu knattspyrnukonum sem fyrst spiluðu fyrir Íslands hönd fyrir 28 árum. Ásta lék alls 26 landsleiki, skoraði í þeim 8 mörk og var lengi markahæsta landsliðskona Íslands frá upphafi.

Ásta er mætt með góðum hópi út til Finnlands til að styðja kvennalandsliðið og allur hópurinn ber skemmtilegar skotthúfur sem sjást hér á myndinni til hliðar.

„Það kom aldrei annað til greina en að koma út og styðja liðið. Auðvitað hefði verið rosalega gaman ef Greta hefði verið hérna en það breytir ekki því að ég hefði alltaf farið. Mér finnst ég eiga svo mikinn hlut í þessu," segir Ásta en dóttir hennar, Greta Mjöll Samúelsdóttir, var í landsliðinu en datt út þegar hún varð fyrir því að slíta krossbönd.

Ásta þurfti meðal annars að sætta sig við það að kvennalandsliðið væri lagt niður í fimm ár en hún var einnig í liðinu þegar það var aftur sett í gang árið 1992. „Ef þessar stelpur vissu hvernig þetta var einu sinni," segir Ásta og lýsir því hvernig stelpurnar þurftu að berjast fyrir ýmsu sem þykir sjálfsagt í dag.

„Þegar maður horfir á þessar stelpur og lítur til baka og veit að maður var einn af þessum sem byrjuðu. Það var alltaf talað um að við værum hallærislegar í laginu og að við værum strákastelpur. Við erum búin að stíga öll þessi skref og þessar stelpur tóku síðan við. Þær eru að standa sig frábærlega og ég er rosalega ánægð með þær," segir Ásta.

„Fyrir mér eru þetta „við stelpurnar". Það eru ellefu sem eru inni á vellinum og x margar á bekknum en við hinar eigum allar hlut í þessu. Ég lagði mitt af mörkum og þetta eru stelpurnar mínar," segir Ásta. - óój

ÁSTA Í GÓÐUM HÓPI Hér eru samankomnar þrjár af þeim átta sem bera hinar skemmtilegu íslensku heimagerðu skotthúfur á EM í Finnlandi. Frá vinstri: Sigríður Sophusdóttir, Arnar Laufdal (sonur Sigríðar), Ásta B. Gunnlaugsdóttir og Greta Bjarnadóttir (mamma Ástu). FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR.Ó

Aukatilboð!

Eftir 30 daga áttu þess kost að láta leiguverðið ganga að fullu upp í kaupverð á þeim sendibíl sem þú leigir.

Sendibíll
Citroën Berlingo
(eða sambærilegur)
Leigð'ann í 30 daga!
Aðeins 39.900 kr. m/vsk.

nýtt
Hringdu
Komdu

Leigð'ann í 30 daga!

aðeins 39.900 kr. m/vsk.

Hringdu strax í dag: 515 7115
Komdu strax í dag: Thrifty, Bíldshöfða 6

Þú flytur á eigin vegum með Thrifty bílaleigunni!

Nýja bílaleigan Thrifty, í samstarfi við Brimborg, býður nú sendibíla til leigu á sérstöku tilboðsverði. Við leigjum smærri, miðlungsstóra og stærri bíla til allra, hvort sem er til einkanota eða atvinnustarfsemi. Hringdu í síma 515 7115 eða komdu til okkar í dag og við finnum sendibíl sem hentar þínum þörfum.

- Innifalið í leiguverði er 1500 km akstur, lögboðin ökutækjatrygging og kaskótrygging með sjálfsábyrgð ásamt lögbundnum sköttum vegna bílaleigu.
- Tilboðið er háð hefðbundnum skilmálum og skilyrðum bílaleiga, m.a. fer greiðsla fyrir leigu og tryggingarheimild sjálfsábyrgðar fram með kreditkorti. Bílarnir eru allir skráðir árið 2006 eða fyrr.
- Þú tekur við bílnum fullum af eldsneyti og hreinum innan sem utan. Þú skilar bílnum í sama ástandi.
- Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
- Virðisaukaskattur er innifalinn í verði.

Komdu strax í dag: Thrifty, Bíldshöfða 6
Hringdu strax í dag: 515 7115

Thrifty í samstarfi við Brimborg
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Eftir 30 daga áttu þess kost að láta leiguverðið ganga að fullu upp í kaupverð á þeim sendibíl sem þú leigir.

Dæmi um hvaða sendibíl þú getur leigt ódýrt í 30 daga

sendibíll 1
Citroën Berlingo
(eða sambærilegur)
Leigð'ann í 30 daga!
Aðeins 39.900 kr. m/vsk.

sendibíll 2
Ford Transit 280S
(eða sambærilegur)
Leigð'ann í 30 daga!
Aðeins 79.900 kr. m/vsk.

sendibíll 3
Ford Transit 300M
(eða sambærilegur)
Leigð'ann í 30 daga!
Aðeins 99.900 kr. m/vsk.

Virðisaukaskattur innifalinn í verði

Thrifty Íslandi
Bíldshöfða 6
110 Reykjavík
Sími 515 7115

Thrifty Íslandi
Tryggvabraut 5
600 Akureyri
Sími 515 7115

Thrifty Bílaleiga

Fram **4-3** Grindavík

Laugardalsvöllur, áhorf.: 618. Valgeir Valgeirsson (6)

1-0 Almarr Ormarsson (13.)
1-1 Orri Freyr Hjaltalín (20.)
1-2 Jóhann Helgason (37.)
1-3 Gilles Ondo, víti (51.)
2-3 Almarr Ormarsson (77.)
3-3 Auðun Helgason (79.)
4-3 Hjálmar Þórarinsson (92.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14–10 (8–7)
Varin skot	Hannes 4 – Óskar 4
Horn	10–2
Aukaspyrnur fengnar	12–4
Rangstöður	1–1

FRAM 4–5–1		**GRINDAV.** 4–5–1	
Hannes Þór Halld.	5	Óskar Pétursson	5
Daði Guðmundsson	5	Ray Jónsson	5
Auðun Helgason	7	Zoran Stamenic	6
(90. Hlynur Atli M.	-)	Óli Stefán Flóventss.	6
Kristján Hauksson	7	Jósef Kr. Jósefsson	6
Sam Tillen	6	Ben Ryan Long	5
Heiðar Geir Júlíuss.	4	(76. Óli B. Bjarnason	-)
(60. Paul McShane	5)	Orri Freyr Hjaltalín	6
Ingvar Þór Ólason	4	Þórarinn Kristjánss.	4
(71. Joe Tillen	-)	(84. Páll Guðm.	-)
***Almarr Ormarss.**	**8**	Jóhann Helgason	6
Halldór H. Jónsson	5	Scott Ramsay	7
Jón Guðni Fjóluson	7	Gilles Mbang Ondo	6
Hjálmar Þórarinsson	7		

**Maður leiksins*

KR **3-0** ÍBV

KR-völlur, áhorf.: 1.270 Einar Örn Daníelsson (7)

1-0 Björgólfur Takefusa (68.)
2-0 Eiður Sigurbjörnss., sjálfsm. (76.)
3-0 Ingólfur Sigurðsson (92.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	25–15 (9–5)
Varin skot	Hansen 4 – Albert 6
Horn	13–10
Aukaspyrnur fengnar	11–12
Rangstöður	0–1

KR 4–4–2		**GRINDAV.** 4–5–1	
Andre Hansen	7	Albert Sævarsson	6
Skúli Jón Friðgeirss.	4	Pétur Runólfsson	7
Mark Rutgers	6	Eiður Aron Sigurbj.	6
Guðm. Reynir Gunn.	7	Andri Ólafsson	7
Gunnar Örn Jónss.	6	Þórarinn Valdimarss.	6
(78. Gunnar Krist.	-)	C. Clements	5
Bjarni Guðjónsson	7	Tony Mawejje	5
Baldur Sigurðsson	7	(74. Gauti Þorvarðar.	-)
Óskar Örn Hauksson	6	Yngvi Borgþórsson	6
(86. Ingólfur Sig.	-)	Augustine Nsumba	6
***Björgólfur Takef.**	**8**	(82. Bjarni R. Einarss.	-)
Guðm. Benediktss.	6	Viðar Örn Kjartanss.	5
(71. Atli Jóhannsson	-)	(74. Eyþór H. Birgiss.	-)

**Maður leiksins*

ÚRSLIT

EM karla - B-deild:

Svartfjallaland - Ísland: 102-58
Stig Íslands: Logi Gunnarsson 12, Sigurður Þorsteinss. 10 (9 frák.), Helgi Magnúss. 10, Magnús Gunnarss. 8, Jón Arnór Stefánss. 8, Hörður Vilhjálmss. 5, Pavel Ermolinskij 3, Jóhann Ólafss. 2.

EM kvenna - B-deild:

Ísland - Írland 77-68
Stig Íslands: Birna Valgarðsdóttir 21 (11 fráköst), Helena Sverrisdóttir 14 (10 stoðs., 7 frák.), Signý Hermannsdóttir 12, María Ben Erlingsdóttir 12 (7 frák.), Sigrún Ámundad. 8, Kristrún Sigurjónsd. 6, Hildur Sigurðard. 3, Hafrún Hálfdánard. 1.

Meistaradeild Evrópu:

Olympiakos - Sheriff Tiraspol 1-0
Olympiakos vann samanlagt, 3-0.
APOEL Nikosia - FC Kaupmannahöfn 3-1
APOEL vann samanlagt, 3-2.
Arsenal - Celtic Glasgow 3-1
1-0 Eduardo, víti (28.), 2-0 Emmanuel Eboue (53.), 3-0 Andrei Arshavin (74.) 3-1 Massimo Donati (92.). Arsenal vann samanlagt, 5-1.
Stuttgart - Timisoara 0-0
Stuttgart vann samanlagt, 2-0.
Fiorentina - Sporting Lissabon 1-1
Sporting Lissabon komst áfram á fleiri útivallarmörkum.
Dregið verður í riðlakeppnina á morgun.

Pepsi-deild karla

STAÐAN

FH	18	14	1	3	49-20	43
KR	**18**	**11**	**3**	**4**	**41-25**	**36**
Fylkir	18	10	3	5	32-21	33
Fram	**18**	**8**	**4**	**6**	**33-26**	**28**
Breiðablik	18	7	4	7	30-30	25
Keflavík	**18**	**6**	**7**	**5**	**26-31**	**25**
Stjarnan	18	7	3	8	37-30	24
Valur	**18**	**7**	**2**	**9**	**20-32**	**23**
Grindavík	17	6	3	8	30-33	21
ÍBV	**17**	**6**	**2**	**9**	**19-29**	**20**
Fjölnir	18	3	4	11	22-38	13
Þróttur	**18**	**3**	**2**	**13**	**20-44**	**11**

Þrjú mörk Fram á síðasta stundarfjórðungnum tryggði liðinu þrjú dýrmæt sig gegn Grindavík í gær:

Enn og aftur sigrar Fram á lokasprettinum

FÓTBOLTI Fram vann ótrúlegan 4-3 sigur á Grindavík á Laugardalsvelli í gær eftir að hafa verið 3-1 undir þegar stundarfjórðungur var eftir af leiknum.

Fram var mikið gagnrýnt á síðustu leiktíð fyrir hve leiðinlegan fótbolta liðið spilaði en nú er öldin önnur og mikið skorað í leikjum liðsins.

„Ég velti skemmtanagildinu ekki mikið fyrir mér. Ég þjálfa Fram og þegar ég næ úrslitum er ég ánægður. Þetta er þannig íþrótt að þegar vel gengur fær maður prik í kladdann en þegar illa gengur fær maður spark í rassinn," sagði glaðbeittur Þorvaldur Örlygsson eftir leikinn.

Fram hóf leikinn mun betur en eftir að Grindavík skoraði sitt fyrsta mark voru gestirnir betri þar til Fram hóf sinn frábæra endasprett.

„Við vorum miklu betra liðið í tuttugu mínútur og spiluðum vel. Við hefðum samt getað klárað færin betur í stöðunni 1-0. Svo eins og gengur og gerist þá gera menn mistök og það er meira áberandi þegar markmenn gera mistök. Svo fáum annað mark á okkur rétt fyrir hlé sem er að sama skapi klaufalegt, það að lítill stubbur geti skallað boltann inn."

Grindavík komst síðan í 3-1 í upphafi síðari hálfleiks þegar liðið fékk víti. „Þetta víti var erfitt að fá framan í sig, sérstaklega í ljósi þess sem Ingvar segir mér, að þetta hafi ekki verið víti," sagði Þorvaldur. „Það var pirrandi og því var ennþá sterkara fyrir strákana að koma til baka. Þá hefði verið hægt að pirra sig við dómarann en við gerðum það ekki. Við skorum svo þegar það eru fimmtán mínútur eftir en það má alveg skora á síðustu mínútunum eins og þeim fyrstu, við fáum jafn mikið fyrir það. Menn tala mikið um karakter en það þarf einnig kunnáttu og getu." **- gmi**

HEIÐAR GEIR JÚLÍUSSON Var í sigurliði Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ingólfur fékk draumabyrjun

Óhætt er að segja að hinn sextán ára Ingólfur Sigurðsson hafi hafið feril sinn í meistaraflokki með stæl. Hann skoraði aðeins fáeinum mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður í liði KR sem vann í gær 3-0 sigur á spræku liði ÍBV.

FÓTBOLTI Margir veðja sjálfsagt á að leiks KR og ÍBV verði fyrst og fremst minnst sem leiksins þegar Ingólfur Sigurðsson skoraði í sínum fyrsta meistaraflokksleik á ferlinum. Hann innsiglaði 3-0 sigur KR með marki í uppbótartíma eftir að hafa komið inn á sem varamaður á 86. mínútu. Ingólfur er ekki nema sextán ára gamall og hefur verið orðaður við mörg stórlið Evrópu. En hann er ánægður hjá KR.

„Þetta var frábært og í raun ólýsanlegt. Ég ætlaði ekki að trúa því að ég skoraði. Ég hef beðið svo lengi eftir tækifærinu og svo kom það loksins," sagði Ingólfur eftir leik en hann hefur margoft þurft að sitja á varamannabekk KR í sumar.

Logi Ólafsson, þjálfari KR, sagði að hann vildi bíða eftir rétta tímapunktinum fyrir Ingólf. „Við vildum ekki láta hann spila nema að aðstæður væru réttar fyrir hann. Það var gaman að sjá hann svo spila í dag. Hann var mikið með boltann og skoraði. Ég held að þetta verði sögulegt mark þegar fram líða stundir enda góður og afar efnilegur leikmaður."

Leikurinn var annars hin besta skemmtun og mikið fjör á báðum endum vallarins. Þó svo að ekkert mark hafi verið skorað í fyrri hálfleik mátti oft litlu muna. Sami háttur var á í síðari hálfleik og hefðu í raun bæði lið getað skorað fyrsta markið. En það féll í hlut KR.

„Við vorum ánægðir með seinni hálfleikinn," sagði Logi. „Hugarfarið var ekki í lagi í fyrri hálfleik enda er aldrei gott það sem menn kasta hendinni til af kæruleysi. Þegar hugarfarið batnaði þá gerði leikur liðsins það líka. Við tókum okkur saman í andlitinu og spiluðum eins og menn. Þegar það gerðist komu mörkin með."

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, var þrátt fyrir allt nokkuð sáttur við framlag sinna manna. „Vissulega töpuðum við leiknum en mér fannst við eiga ekki minna í honum en lið KR. Það var sorglegt að við vorum ekki búnir að skora þegar þeir loksins ná að skora sitt fyrsta mark. Við vildum sækja þrjú stig hingað í dag og tókum ákveðna áhættu í því að spila í sama stíl og við höfum gert undanfarið. Við töpuðum á því í dag en vinnum vonandi næst."

ÍBV er enn í fallhættu en Heimir segist ekki hafa áhyggjur. „Ekki á meðan liðið spilar svona – þá munu skilin stiga sér. Ég er vissulega svekktur þar sem við töpuðum en ég get ekki gagnrýnt strákana mína – ég er stoltur af þeim."

eirikur@frettabladid.is

KOM KR Á BRAGÐIÐ Björgólfur Takefusa skoraði fyrsta mark KR í leiknum. Hér er Andri Ólafsson, fyrirliði ÍBV, honum til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BIRNA VALGARÐSDÓTTIR Átti stórleik með íslenska liðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland í B-deild EM í körfu:

Birna frábær í góðum sigri

KÖRFUBOLTI Birna Valgarðsdóttir átti sannkallaðan stórleik þegar Ísland vann góðan sigur á Írlandi, 77-68, í B-deild EM kvenna í körfubolta á Ásvöllum í gær. Þetta var fyrsti sigur Íslands í keppninni í haust og sannarlega kærkominn. Liðið leikur sinn lokaleik í riðlinum gegn Svartfjallalandi um helgina.

Ísland hafði forystuna allan leikinn og sagði Henning Henningsson landsliðsþjálfari að liðið hefði loksins náð að sýna sitt rétta andlit.

„Þær spiluðu eins og ég vissi að þær gætu gert. Við náðum að halda haus allan tímann og var það mikilvægt því þessi lið eru ofsalega fljót að refsa fyrir öll mistök," sagði Henning. „Margir leikmenn léku vel í kvöld. Helena [Sverrisdóttir] var ekki heil heilsu en spilaði engu að síður mjög vel. Birna var að skila stórum tölum en náði þar að auki að halda stigahæsta leikmanni Íra í örfáum stigum í leiknum. Hún átti stjörnuleik."

Karlaliðið mætti Svartfellingum sínum riðli í B-deild EM karla og tapaði stórt ytra, 102-58. **- esá**

Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, skemmti sér konunglega á leiknum gegn Frökkum:

Verð með enn meiri læti á leiknum í kvöld

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið fékk flottan stuðning úr stúkunni í leik sínum á móti Frakklandi á mánudaginn. Meðal áhorfenda voru hljómsveitarmeðlimir í Hjaltalín sem hafa þegar haldið eina af þrennum tónleikum sínum í tengslum við Evrópumótið. Sigríður Thorlacius, söngkona sveitarinnar, er ekki vön því að mæta á fótboltaleiki en skemmti sér og öðrum vel meðan á leiknum stóð.

„Við skelltum okkur á leikinn í gær sem var mjög skemmtilegt. Við höfum ekki rosalega mikla reynslu af fótbolta fyrir þetta. Við Rebekka vorum einmitt að tala um það að við hefðum aldrei trúað því að við myndum mæta í landsliðsbol á fótboltaleik með fána og málaðar í framan. Við gerðum það samt og það var ógeðslega gaman," segir Sigríður.

Sigríður segir íslensku stuðningsmennina hafa tekið vel á móti þeim í stúkunni. „Við reyndum að halda uppi stemmningunni ásamt öðrum og það var mjög auðvelt með þessu fólki því það var svo skemmtilegt," segir Sigríður.

Hjaltalín hélt flotta tónleika í Tampere á sunnudagskvöldið og voru þeir Íslendingar sem fóru á þá mjög ánægðir og lofuðu frammistöðu bandsins. „Það tókst mjög vel og kannski vonum framar. Við vissum ekki neitt og það lá alltaf fyrir að við yrðum sein. Við mættum korteri fyrir tónleikana og hlupum upp á svið með skítugt hárið og svona. Það voru einhverjir Íslendingar í salnum og eitthvað af þessum mökum leikmanna sem við hittum fyrir leikinn í gær. Annars var vel mætt af Finnum líka. Þetta heppnaðist mjög vel," segir Sigríður. Hjaltalín hélt aðra tónleika í Lahti í vikunni og endar síðan með því að spila í Helsinki á föstudaginn.

Íslenska kvennalandsliðið mátti þola sárt tap í leiknum gegn Frökkum og margir leikmenn voru grátandi í leikslok. „Það var mjög leiðinlegt að sjá hvað þær voru niðurbrotnar og ég fann mjög til með þeim. Þetta verður bara enn þá skemmtilegra næst og við verðum bara að vera með meiri læti," segir Sigríður sem ætlar að mæta ásamt félögum sínum í Hjaltalín á leikinn á móti Noregi í kvöld. „Við hættum ekki að styðja þær núna og sérstaklega ekki þar sem að það er svo gaman á leikjunum. Við verðum kannski bara svona lukkudýr fyrir íslenska kvennalandsliðið," segir Sigríður að lokum. **- ooj**

GÓÐUR STUÐNINGUR Áhorfendur létu vel í sér heyra í Tampere. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR.Ó

TÖLVU PAKKI

ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

AMD TÖLVUPAKKI

- Coolermaster Elite midi turn
- 2.7Ghz AMD Sempron X140
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD
- Innbyggt Geforce 6100 skjástýring
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 8xUSB2, SATA II, serial, parellel ofl.
- Windows Vista Home Basic

VERÐ AÐEINS **99.950**

ACER eMACHINES FARTÖLVA

Acer eMachines E725-424G25Mi

- 2.0GHz Intel Core Duo T4200 örgjörvi
- 3GB DDR2 minni - Stækkanlegt í 4GB
- 250GB SATA harðdiskur
- DVD±RW og CD-RW skrifari
- Intel GMA 4500M skjákort
- 15,6" WXGA LED CrystalBrite skjár
- Windows Vista Home Premium

97.950

ACER FARTÖLVA

Acer Extensa 5230E-901G16Mn

- 2,2GHz Intel Celeron M 900 örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz PC2 5300 minni
- 160GB SATA2 harðdiskur
- Intel GMA x4500 skjástýring
- 15,4" CrystalBrite skjár
- Windows Vista Home Basic

79.950

ACER FARTÖLVA

Acer Aspire 7735ZG-424G50MN

- 2.0GHz Intel Core Duo T4200 örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA harðdiskur
- DVD±RW og CD-RWskrifari
- 17.3" WXGA LED CrystalBrite breiðskjár
- ATI Mobility Radeon HD 4570 skjákort
- Vefmyndavél í skjá
- Windows Vista Home Premium

157.950

TOSHIBA FARTÖLVA

Toshiba L300-25L

- 2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 120GB SATA harðdiskur
- Intel Graphics MA X4500 skjákort
- 15,4" WXGA breiðskjár
- Intel GMA X4500 skjákort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- Windows Vista Home Basic

89.950

INTEL TURNUPPFÆRSLA

Turn Uppfærsla 3

- Intel Core 2 Duo E5200 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 640GB SATA2 harðdiskur
- Geforce NX9600GT skjákort
- 22x +/- DVD skrifari
- 10/100/1000 netkort

79.950

FARTÖLVUTASKA

V7-Targus

Taska fyrir15.6" fartölvur

3.750

HARÐDISK FLAKKARI

WD Elements 1TB

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

19.750

MARGMIÐLUNARSPILARI

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

640GB DISKUR

UNITED 720/1080i

27.950

HEYRNARTÓL

Philips SHP2000

Ódýr og góð heymatól fyrir tónlist eða spila tölvuleiki. 2m snúra með mini jack tengi og frábær hljómur.

3.250

dagskrá

> Charlie Sheen

„Ég velti mér ekki upp úr fortíðinni og þeim mistökum sem ég hef gert. Það eru merkilegri hlutir að gerast alls staðar í heiminum í dag sem ég vil heldur einbeita mér að.“

Sheen leikur kvennagullið Charlie Harper í þættinum Two and a Half Men sem Stöð 2 sýnir alla virka daga kl. 19.45.

VIÐ TÆKIÐ **ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VALDI PLÖTUSPILARA FRAM YFIR IMBAKASSANN**

Go Go sjónvarp

Ég komst að þeirri niðurstöðu í enn eitt skiptið um daginn að sjónvarpstæki eru eitt það ljótasta sem fólk getur komið fyrir á heimilum sínum. Þegar nýleg endurskipulagning á stofunni krafðist þess að plötuspilari og um það bil fimm hundruð yndislegar vínylplötur fengju heiðurssess við annan vegginn fórum við heilu hringina með sjónvarpstækið til að finna því einhvers konar stað. Eftir miklar hárreytingar og höfuðverk var ákveðið að slík apparöt væru ekki aðeins ljót heldur með öllu óþörf. Fréttir, góða þætti og bíómyndir getur maður jú horft á í tölvunni eða hreinlega gert eitthvað allt annað við kvöldin en að hanga í sófanum yfir sjónvarpsglápi. „*I wish you death while you watch TV*“ segir í texta ónefndrar rokkhljómsveitar og ég er ekki fjarri því að of mikið sjónvarpsgláp færi dauðaglampa í augun. Sérstaklega

liðið sem kveikir á sjónvarpinu til þess eins að hafa einhvers konar stanslausan þreytandi nið í bakgrunninum. Það er enginn að fara að segja mér að það auðgi andann eða ástalífið að glápa á America´s Next Top Model, væmið ógeð eins og Brothers and Sisters þættina eða eitt CSI málið í viðbót. Eftir slíkt áhorf líður manni eins og þegar maður hefur innbyrt sveitta máltíð frá KFC. Stútfullur af innihaldsleysu með slatta af slæmri samvisku. Auk þess hef ég ímugust á stofum þar sem flatskjá er hampað á veggnum við hlið sófamálverkanna. Slíkt stríðir á móti allri minni fagurfræði. Sumsé á haustkvöldum næstu mánuðina verður ekki kveikt á imbakassanum þegar allir eru þreyttir á kvöldin. Plötum verður skellt á fóninn og það verður eldað, lesið, skeggrætt, skapað, spilað og hlegið. Og væntanlega hangið á Facebook. Ætli næsta skref verði að losa sig við internetið …

FIMMTUDAGUR

▶ **18.55 Aston Villa - Rapid Wien, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.00 Everybody Hates Chris** SKJÁREINN



▶ **20.10 The Apprentice** STÖÐ 2

▶ **21.40 In Treatment** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.15 Fé og freistingar** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

14.30 EM kvenna í fótbolta Bein útsending frá leik Frakka og Þjóðverja á Evrópumóti landsliða sem fram fer í Finnlandi.
16.20 Táknmálsfréttir
16.30 EM-stofan Hitað upp fyrir leik á EM í fótbolta.
17.00 EM kvenna í fótbolta Bein útsending frá leik Íslendinga og Norðmanna.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Bræður og systur (Brothers and Sisters III) (51:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
21.00 Fréttir aldarinnar Ómar Ragnarsson fjallar um helstu fréttir síðustu aldar.
▶**21.15 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (15:23) Bandarísk þáttaröð um lögfræðing auðugrar fjölskyldu í New York sem þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 EM kvöld Fjallað um leiki dagsins á EM kvenna sem fram fer í Finnlandi.
22.50 Nýgræðingar (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
23.15 Trúður (Klovn III) (3:10) (e)
23.40 Gróðabragð (Scalp) (5:8) (e)
00.30 Kastljós (e)
01.10 EM kvenna í fótbolta Ísland - Noregur (e)
03.10 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Throw Momma from the Train
10.00 Over the Hedge
12.00 The Queen
14.00 Ask the Dust
16.00 Throw Momma from the Train
18.00 Over the Hedge
20.00 Something New
22.00 Shottas
00.00 Pursued
02.00 Interview with the Assassin
04.00 Sur le seuil
06.00 Knights of the South Bronx

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Svampur Sveinsson, Lalli, Elías, Gulla og grænjaxlarnir og Bratz.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (10:25)
10.00 Doctors (11:25)
10.30 Sjálfstætt fólk
11.05 New Amsterdam (8:8)
11.50 Wildfire (11:13)
12.35 Nágrannar
13.00 La Fea Más Bella (11:300)
13.45 La Fea Más Bella (12:300)
14.30 Newlywed, Nearly Dead (6:13)
15.00 Ally McBeal (16:21)
15.45 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Nonni nifteind, Bratz og Elías,
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (17:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Simpsons (10:22)
19.45 Two and a Half Men (10:24)
▶**20.10 The Apprentice** (5:14) Leitin að nýjum lærlingi Donalds Trump er hafin á ný. Átján þátttakendur takast á í fjölbreyttum markaðs- og kaupsýsluþrautum þar sem reynir á viðskiptavit þeirra, markaðsþekkingu, leiðtogahæfileika, samstarfsvilja og færni í almennum samskiptum.
20.55 NCIS (3:19) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
21.40 Eleventh Hour (6:18)
22.25 Casino Royale Daniel Craig er í frumraun sinni sem njósnarinn James Bond.
00.45 Lie to Me (10:13)
01.30 The 4400 (3:13)
02.15 The Deal
04.00 NCIS (3:19)
04.45 Friends (17:24)
05.10 The Simpsons (10:22)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
07.30 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
08.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
08.30 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
15.50 Arsenal - Celtic Útsending frá leik í 3. umferð Meistaradeildar Evrópu.
17.30 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk
18.00 PGA Tour 2009 : Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
▶**18.55 Aston Villa - Rapid Wien** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
21.00 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir komandi keppni.
21.30 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
21.55 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
22.40 Aston Villa - Rapid Wien Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 West Ham - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.20 Wigan - Man. Utd. Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 1001 Goals Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.
19.55 Premier League World 2009/10 Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
20.25 PL Classic Matches Liverpool - Newcastle, 1998.
20.55 PL Classic Matches Newcastle - Liverpool, 1998.
21.25 Premier League Review 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
22.25 Coca Cola-mörkin 2009/2010 Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
22.55 Burnley - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.40 Rachael Ray
17.25 America's Funniest Home Videos (41:48) (e)
17.50 Kitchen Nightmares (1:13) (e)
19.30 All of Us (20:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Þau eiga ungan son sem reynir sitt besta til að koma foreldrunum aftur saman.
▶**20.00 Everybody Hates Chris** (14:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
20.30 Family Guy (13:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
21.00 Flashpoint (5:18) Ungt par sem gaf barn sitt til ættleiðingar fyrir nokkrum mánuðum rænir barninu aftur og reyna að flýja á stolnum bíl.
21.50 Law & Order: Criminal Intent (15:22) Þrjú morð eru framin með sömu byssu og Goren og Eames rekja slóðina að eftirsóttum einkaleikskóla með langan biðlista.
22.40 Penn & Teller: Bullshit (48:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans.
23.10 Britain's Next Top Model (e)
00.00 Secret Diary Of A Call Girl (e)
00.30 CSI: Miami (21:21) (e)
01.20 Pepsi MAX tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestir eru á öndverðum meiði í stjórnmálum.
21.00 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm stjórnmálafræðingur ræðir um daginn og veginn.
21.30 Maturinn og lífið Fritz Jörgensson ræðir um matarmenningu við gest sinn en honum til liðs eru Manuel Vincent Colsy og Óskar Örn Einarsson.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.40

Eleventh Hour

Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer, framleiðanda Cold Case og CSI, sem er byggður á samnefndum breskum þætti sem einnig var sýndur á Stöð 2. Söguhetjan er dr. Jacob Hood (Rufus Sewell) eðlisfræðingur sem aðstoðar FBI við að rannsaka sakamál sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða þegar jafnvel er talið að þau séu af yfirnáttúrulegum toga. Það er jafnan allra síðasta úrræði að kalla Hood til, enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi. Þættirnir eru í anda C.S.I, Fringe og Numbers.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Ísland - Noregur, beint

Sjónvarpið kl. 17.00

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta mætir því norska í annarri umferð riðlakeppninnar á EM í Finnlandi. Íslenska liðið beið lægri hlut fyrir því franska í fyrsta leiknum og ekki byrjaði það betur hjá norska liðinu sem tapaði 4:0 fyrir Evrópumeistaraliði Þjóðverja. Það má því búast við hörðum leik þar sem bæði liðin keppast nú við að fá sem flest stig til að komast áfram í átta liða úrslitin.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin
06.50 Bæn
07.03 Morgunfrúin
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Andrarímur
15.03 Útvarpssagan: Nafnabókin
15.25 Gullmolar úr safninu
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir
19.00 Dávaldurinn í þorpinu
20.00 Sumartónl. evrópskra útvarpsstöðva
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Ehrengard
23.00 Útvarpsperlur: Ég er ekki einu sinni skáld
00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 90,9	Gullbylgjan	FM 93,5	Rás 1
FM 95,7	FM957	FM 96,3	FM Suðurland	FM 96,7	Létt Bylgjan
FM 97,7	X-ið	FM 98,9	Bylgjan	FM 99,4	Útvarp Saga
FM 90,1	Rás 2	FM 102,2	Útvarp Latibær	FM 102,9	Lindin
FM 105,5	Útvarp Boðun				

2 EXTRA

16.30 Doctors (6:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem það greiðir úr eigin flækjum í einkalífinu.
17.00 Doctors (7:25)
17.30 The O.C. 2 (9:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
18.15 Seinfeld (22:24)
18.45 Doctors (6:25)
19.15 Doctors (7:25)
19.45 The O.C. 2 (9:24)
20.30 Seinfeld (22:24)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.20 Ísland í dag
▶**21.40 In Treatment** (15:43) Sálfræðingurinn Paul Weston hlustar þolinmóður á sjúklinga sína lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
22.10 Ástríður (2:12) Ný íslensk gamanþáttaröð. Ástríður ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki þar sem allt er að gerast. Hún á erfitt með að fóta sig bæði í hörðum heimi viðskiptalífsins og vegi ástarinnar.
22.35 Medium (2:19) Sjáandinn Allison Dubois sér í draumum sínum skelfileg sakamál sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni og er hún því gjarnan kölluð til aðstoðar við rannsókn mála.
23.20 Monarch Cove (11:14)
00.05 Sjáðu
00.35 Fréttir Stöðvar 2
01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.15 Absolutely Fabulous **12.45** Only Fools and Horses **13.35** The Weakest Link **14.20** The Weakest Link **15.05** Only Fools and Horses **15.55** Only Fools and Horses **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** Extras **19.00** Coupling **19.30** Blackadder the Third **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Coupling **21.20** Blackadder the Third **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Dalziel and Pascoe **23.55** Coupling

DR 1

12.00 Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Update **14.30** Braceface **14.55** Den lyserøde panter **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporløs **18.30** Det store år **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Rædselsnatten **22.10** Flugten fra Nordkorea **23.05** Seinfeld

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Program ikke fastsatt **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Årdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Månáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjørn **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Her er eg! **16.30** Frøken Fridas helsprøe eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Velg! 09 **18.50** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** 2. verdenskrig - bak lukkede dører **20.25** Vart du skræmt, no? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Intriger og begjær **22.05** I USA med Stephen Fry **23.05** Donna Bacalao - historien om en opera **23.35** Ekstremvær jukeboks

SVT 1

12.00 Jag älskar mig! **13.00** Solen i ögonen - en film om Lars Winnerbäck **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** En brusande färd **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** En nästan vanlig ungdom **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Elisabeth Andreassen & Rybak **18.45** Den bollen glömmer man inte **19.00** De stora krigarna **19.50** Fingeravtryck **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Kriminaljouren **22.45** Sändningar från SVT24

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér nú bara alltaf Cheerios með Fjörmjólk, en um helgar er stundum farið í bakarí og keypt gott brauð og sætabrauð.“

Nana Alfredsdóttir söng- og leikkona.

Logi Geirs og Bjöggi láta gott af sér leiða

„Ég rakst á frétt á netinu um Alexöndru Líf og hún snerti mig mjög mikið. Þetta er fjölskylda sem hefur þurft að þola ansi mikið og þarf á stuðningi að halda,“ segir Björgvin Páll Gústavsson, markvörður íslenska landsliðsins í handbolta og ein af silfurhetjunum. Hann og Logi Geirsson hafa ákveðið að gefa Alexöndru Líf áritaða Silver-landsliðstreyju með áritunum frá öllum leikmönnum handboltalandsliðsins. Þá hafa þeir keypt tíu miða á styrktartónleika Alexöndru.

Saga Alexöndru og foreldra hennar snerti flesta sem hana lásu í fjölmiðlum fyrir skemmstu. Alexandra greindist með hvítblæði aðeins fimm ára gömul árið 2005. Þegar Alexandra var í miðri baráttunni við krabbameinið dundi annað áfall yfir fjölskylduna þegar bróðir Alexöndru, Kristófer Birgir, drukknaði aðeins þriggja ára gamall. Alexandra hafði rétt sigrast á hvítblæðinu þegar í ljós kom að hún væri með svokallað MDS-krabbamein sem krefst beinmergsskipta og verður Alexandra því að liggja á sjúkrahúsi allan sólarhringinn. Foreldrarnir skiptast á að vera með henni en þeir eiga einnig þrjú önnur börn, Ronju, Kristjönu og Benjamín.

Björgvin segir að hann vonist til að sem flestir sjái sér fært að leggja sitt af mörkum. Þeir sem vilja styðja við bakið á fjölskyldunni er bent á styrktarreikninginn 0537-14-403800, kt. 160663 - 2949. Styrktartónleikarnir verða þann 14. september í Háskólabíói. - fgg

GEFA TREYJU Silfurhetjurnar Logi Geirsson og Björgvin Páll ætla að gefa Alexöndru Líf, níu ára stelpu sem berst við MDS-krabbamein, áritaða Silvertreyju auk þess sem þeir hafa keypt tíu miða á styrktartónleika hennar.



LÁRÉTT 2. stynja, **6.** kringum, **8.** vefnaðarvara, **9.** fley, **11.** tónlistarmaður, **12.** tíðindi, **14.** mjóróma, **16.** átt, **17.** hljóma, **18.** tæfa, **20.** 49, **21.** truflun.
LÓÐRÉTT 1. sælgæti, **3.** borðaði, **4.** sök, **5.** í viðbót, **7.** naggrís, **10.** skammstöfun, **13.** kvk nafn, **15.** steintegund, **16.** arinn, **19.** bókstafur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. mása, **6.** um, **8.** tau, **9.** far, **11.** kk, **12.** fregn, **14.** skræk, **16.** sv, **17.** óma, **18.** tík, **20.** il, **21.** ónáð.
LÓÐRÉTT: 1. buff, **3.** át, **4.** sakmæmi, **5.** auk, **7.** marsvín, **10.** rek, **13.** gró, **15.** kalk, **16.** stó, **19.** ká.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Stapi.
2. Einstakar ostakökur.
3. Mike Simpson.

EYSTEINN GUÐNI GUÐNASON: MYNDAR FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐ

Endurgerir Hring Friðriks Þórs með íslenskri orku

Eysteinn Guðni Guðnason kvikmyndagerðarmaður ætlar endurgera mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Hringinn, sem kom út árið 1985. Sú mynd var heldur óvenjuleg því hún var tekin upp í bíl sem ók hringinn í kringum landið án þess að nokkrir leikarar kæmu við sögu.

Eysteinn, sem á að baki nám við Kvikmyndaskóla Íslands, fékk hugmyndina að endurgerðinni fyrir tveimur árum og það verður núna eftir helgi sem hún verður að veruleika. „Hún heillaði mig áður en ég sá hana,“ segir hann um mynd Friðriks Þórs, sem er 70 mínútna löng. „Þarna gat maður séð landið í heild sinni fyrir 25 árum. Það verður gaman að gefa komandi kynslóð möguleikann á að sjá núverandi ástand.“

Nýja myndin, sem heitir Hringurinn 2, verður frábrugðin þeirri fyrri því tvær myndavélar verða notaðar til að mynda hringinn. Annarri verður beint fram veginn en hinni aftur á bak og verður tekinn upp einn rammi á tíu mínútna fresti. Fyrrnefnda vélin verður á þaki nýs rafmangsbíls sem fyrirtækið 2012 útvegar. Sá bíll mun vera langdrægasti rafmagnsbíllinn sem hefur komið á markað hérlendis og kemst hann auðveldlega frá Reykjavík til Akureyrar á einni hleðslu. „Ég hugsaði með mér að það væri best að fara á rafmagnsbíl, vera umhverfisvænn og gera eitthvað nýtt. Ég hafði samband við 2012 og þeir tóku vel í þetta,“ segir Eysteinn. Hin myndavélin verður á þaki svartrar eyðslufrekari Porche-bifreiðar sem Eysteinn ætlar að aka á eftir rafmagnsbílnum. „Þetta eru tákn um gamla og nýja tímann,“ segir hann um bílana tvo. „Rafmagnsbíllinn verður með einkanúmerið 2012 en hinn verður með einkanúmerið 2007.“

ENDURGERIR SÖGUFRÆGA MYND Eysteinn Guðnason ætlar að gera nýja útgáfu af myndinni Hringnum sem Friðrik Þór Friðriksson frumsýndi árið 1985. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hringferðin á að taka þrjá daga, enda er ekki langt síðan Ómar Ragnarsson og Einar Vilhjálmsson fóru hringveginn á metanbíl á jafnlöngum tíma. „Við hugsuðum með okkur að við yrðum líka að ná þessu á þremur dögum. Þess vegna heitir myndin Hringurinn 2. Bæði er þetta önnur myndin og þetta er í annað sinn sem það verður farið á íslenskri orku hringinn í kringum landið.“

Auk þess að taka upp myndina ætla forsvarsmenn 2012 að stoppa víða á leiðinni og skrifa undir samstarfssamninga við sveitarstjóra í nokkrum bæjarfélögum um uppsetningu á tíu þúsund hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla úti um allt land.

Eysteinn stefnir á að frumsýna Hringinn 2 á næsta ári þegar 25 ár verða liðin síðan eldri útgáfan kom út. Hann segist ekki hafa haft samband við Friðrik Þór út af myndinni. „Það væri gaman að vita hvað hann segði við þessu. Ég held að hann hafi bara gaman af þessu.“

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsáhorfendur fengu í gær að sjá þegar Hilmir Snær Guðnason í hlutverki blaðamanns heillaði Ilmi Kristjánsdóttur upp úr skónum í sjónvarpsþáttunum Ástríði. Þessi ágæti karakter á sér víst fyrirmynd í raunveruleikanum, allavega hvað klæðaburð varðar. Fatastíllinn ku vera fenginn beint frá fréttastjóra DV, **Pórarni Baldri Þórarinssyni**, sem þekktur er fyrir að skilja svartan leðurjakkann aldrei við sig. Ýmsu öðru í persónu Hilmis Snæs þykir svipa til Þórarins, svo sem fjöldi barna, en þar mun þó um tilviljun að ræða.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að **Baltasar Kormákur** væri kominn með nýjan umboðsmann, Mike Simpson að nafni. Sá ku víst hafa fleiri Íslandstengingar en Baltasar því Simpson reyndi í félagi við Jón Ólafsson að kaupa afþreyingarfyrirtækið Senu á sínum tíma, Simpson hefur einnig Latabæ á sínum snærum og ætti því að vera öllum hnútum kunnugur, enda hefur hann víst heimsótt landið æði oft að undanförnu.

Stórsöngvarinn **Björgvin Halldórsson** mun hafa hugsað útgefendum sínum í Senu þegjandi þörfina á dögunum þegar upplag nýju plötu hans, Sígrænna söngva, kláraðist. Aðeins voru pöntuð 2.500 eintök í fyrstu atrennu sem verður að teljast undarleg ákvörðun miðað við vinsældir Björgvins. Ekki leið á löngu þar til nýtt upplag barst en á meðan platan var ófáanleg skaust Geir Ólafs í efsta sæti sölulista Hagkaupa og það mun Björgvin ekki hafa verið sáttur við.

- fgg, hdm

Unnur Birna gerist söngkona

„Við vissum að bæði Stefán Karl Stefánsson og Laddi væru hörkusöngvarar og að Stefán Hallur gæti alveg haldið lagi. En Unnur Birna kom okkur alveg skemmtilega á óvart,“ segir Þorsteinn Gunnar Bjarnason, leikstjóri kvikmyndarinnar Jóhannes.

Leikarahópnum var nýlega smalað í hljóðver til að taka upp titillag myndarinnar. Lagið er eftir Vidda í Greifunum sem sér jafnframt um alla tónlist myndarinnar. Þorsteinn veit ekki til þess að þetta hafi verið gert áður, að leikarar syngi titillagið sjálfir. „Ég fékk bara þessa hugmynd og það leist öllum svo vel á hana, svona hefur stemningin líka bara verið á tökustað, allir hafa bara verið í góðum fíling og tilbúnir að gera nánast allt.“

Það vekur kannski helst athygli að Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fyrrum alheimsfegurðardrottning og kynnir í Bandinu hans Bubba, skuli þarna þreyta frumraun sína fyrir framan hljóðnemann. Þorsteinn segir að hún hafi staðið sig eins og hetja. „Hún vissi sjálf ekkert hvort hún gæti sungið, ég sagði henni að það væri hægt bjarga nánast öllu í hljóðveri. En svo söng hún bara eins og engill,“ segir Þorsteinn sem lýsir laginu sem svona „feelgood“-slagara. Sem sé í anda myndarinnar. Á ýmsu hefur samt gengið við gerð kvikmyndarinnar og Fréttablaðið greindi frá því þegar slagsmálasenur fóru aðeins úr böndunum við Kaldársel í Hafnarfirði með þeim afleiðingum að Laddi sjálfur var allur blár og marinn en Stefán Hallur fékk skurð á hausinn eftir að nafni hans mölvaði blómapott á höfði hans.

STÓÐ SIG EINS OG HETJA Unnur Birna ásamt Sigrúnu Gylfadóttur en Unnur Birna sýndi og sannaði að hún fær í flestan sjó, líka söng.

- fgg

FYRIR ALLA SEM HAFA VERIÐ ...ERU ...VILJA VERA ...EÐA NEITA AÐ VERA Í SAMBANDI

JÓHANNES HAUKUR ER

HELLISBÚINN

EFTIR ROB BECKER

MIÐASALA Í FULLUM GANGI!

FRUMSÝNDUR EFTIR 7 DAGA Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI

HVAÐ SEGJA FORSÝNINGARGESTIR UM HELLISBÚANN?

„Þetta var meeeeeee-gggggaaaaaaaaaaaa skemmtilegt :)“
- Didda Gísladóttir

„Geggjuð sýning, takk fyrir mig :)“
- Eva Sigurbjörnsdóttir

„Þú varst frábær :) Ekkert smá góð sýning. Takk fyrir mig!“
- Asdis Eva Vilhjalmsdottir

„Er að jafna mig í andlitinu og maganum eftir hláturinn!“
- Gylfi Ísarr Freyr Sigurðsson

„Frábært! Takk fyrir mig, þekki þetta með WC pappírinn :) Kem örugglega aftur, knús knús!“
- Anna Kjartansdóttir

„Enn eftir mig í magavöðvunum eftir allan hláturinn!“
- Palina Erna Asgeirsdottir

„Hellisbúinn er snilld! Ég grét úr hlátri allan tímann og þá meina ég grééét! Er með sár í augnkrókunum, grínlaust.“
- Birna Gyða Björnsdóttir

LEIKSTJÓRN: RÚNAR FREYR GÍSLASON AÐALHLUTVERK: JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON ÞÝÐING: SIGURJÓN KJARTANSSON

WWW.HELLISBUINN.IS

Miðasala á www.miði.is og hjá miðasölu Íslensku óperunnar: Sími 511 4200 og opið alla daga kl. 14-18.

THEATER MOGUL

bravó!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Námsgleði óskast

Í fyrrahaust fór sjónvarpsfréttamaður í Griffil og talaði við móður sem fannst dýrt að útbúa sex ára barnið sitt fyrir skólann. Blýantar voru dýrir, skólataskan líka og yddararnir keyrðu um þverbak. Barnið stóð þarna stóreygt hjá og ég velti því fyrir mér hvernig því liði undir þessum lestri. Það er eflaust gott að börn viti að hlutirnir kosti sitt en ekki get ég ímyndað mér að neinum fyndist gaman að sjá mömmu sína kaupa skóladótið með lunta og birtast síðan í sjónvarpinu í sama hamnum um kvöldið. Það á, jú, að vera gaman að byrja í skólanum.

NÚ HAUSTAR á ný og undanfarna daga hefur gengið á með fréttum af háu skólabókaverði í fjölmiðlum. Eflaust er meiri ástæða fyrir slíkri umfjöllun nú en í fyrra, enda miklar furður gerst í efnahagslífi þjóðarinnar síðan þá. Að þessu sinni hafa fréttirnar líka komið góðu til leiðar því í kjölfarið var söfnunum hleypt af stað til að aðstoða efnalítið skólafólk.

EITT ráðið sem ríkisstjórnin brá á eftir hrunið var að hvetja atvinnulausa til að fara í nám til að auðga líf sitt. Það er, jú, ástæða fyrir því að sagt er að mennt sé máttur og aðgerðarleysi getur haft skelfilegar afleiðingar á sálarlífið. Í holskeflu allra fréttanna um verð á námsbókum gleymist hvað fæst til baka, hvað stendur í þessum bókum og öll dýrindin sem hægt er að skrifa með öllum blýöntunum. Mér finnst dapurlegt að börn læri heima hjá sér og af fjölmiðlum að skólaganga sé bara rándýrt vesen og velti því fyrir mér hvers konar námsmenn þau verði. Það er líka ástæða fyrir því að skipta þarf reglulega um skólabækur.

UPPLÝSINGAR úreltast og fræðingar komast sífellt betur að því hvernig auðveldast er að fá námsmenn til að temja sér þekkingu. Landabréfabókin sem mér var gefin í átta ára bekk lýsir að minnsta kosti annars konar heimi en blasir við nú og frönskubækurnar úr menntaskóla bættu eflaust hálfkjánalegar, enda gekk þar fyrir öllu að kenna okkur unglingunum að segjast gjarnan vilja pakka af Gauloise-sígarettum. Þjóð sem orðin er heimsfræg fyrir heimsku ætti nú að fara að líta á nám með jákvæðari hætti en fréttir síðustu daga hafa sýnt. Síðan mættu yfirvöld reyna að finna leiðir til að aðstoða námsmenn í vanda svo þeir þurfi ekki að treysta á tombólur nágranna sinna.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 27. ágúst 2009, 239. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.55	13.29	21.01
Akureyri	5.33	13.14	20.52

Heimild: Almanak Háskólans